



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Hugvísindasvið

**Ást þín var mér undursamlegri
en ástir kvenna**

*Rannsókn á orðræðu Gamla testamentisins um
samkynhneigð og áhrif hennar*

Ritgerð til mag. theol. prófs í guðfræði

Daníel Ágúst Gautason

Febrúar 2019

Háskóli Íslands
Guðfræði- og trúarbragðafræðideild
Guðfræði

**Ást þín var mér undursamlegri
en ástir kvenna**

*Rannsókn á orðræðu Gamla testamentisins um samkynhneigð
og áhrif hennar*

Ritgerð til mag. theol. prófs í guðfræði

Daníel Ágúst Gautason

Kt.: 291194-3389

Leiðbeinandi: Prófessor Gunnlaugur A. Jónsson

Febrúar 2019

Formáli

Þessi ritgerð er 30 ECTS-eininga lokaritgerð til embættisprófs (magister theologiae) í guðfræði við Guðfræði- og trúarbragðafræðideild Háskóla Íslands. Leiðbeinandi var Dr. Gunnlaugur A. Jónsson, prófessor í gamlategamentisfræðum við háskólann. Heimildaleit og skrif hófust í desember árið 2018. Ritgerðinni var skilað á vorönn 2019. Ég vil þakka Gunnlaugi fyrir handleiðslu, aðstoð á öllum sviðum ritgerðarvinnunnar og almennan áhuga fyrir verkefninu. Þá vil ég þakka Katrínu Helgu Ágústsdóttur fyrir yfirlestur og stuðning og Pétri Ragnhildarsyni fyrir aðstoð. Að lokum vil ég þakka Samtökunum '78, aðstandendum *Hinsegin daga* og öllum þeim sem hafa barist fyrir mannréttindum hinsegin fólks.

„Óttist eigi því ég er með þér,
vertu ekki hræddur því að ég er þinn Guð.
Ég styrki þig, ég hjálpa þér,
ég styð þig með sigrandi hendi minni.“ (Jes 41.10)

Ágrip

Umræðan um samkynhneigð er mikið hitamál í nútíma samfélagi. Trúarbrögð hafa verið miðlæg í umræðunni, en hin trúarlega afstaða er almennt talin neikvæð í garð samkynhneigðar. Biblían hefur í höndum bókstafssinnaðra íhaldsmanna verið vopn til að kúga samkynhneigða einstaklinga. Sex ritningarstaðir hafa almennt verið notaðir til að gagnrýna og fordæma samkynhneigð. Nauðsynlegt er að gera grein fyrir sögulega samhengi þessara ritningarstaða til að efla skilning á því að boðskapur Biblíunnar stuðlar ekki að gagnkynhneigðarhyggju, heldur kærleika til alls mannkyns óháð kynhneigð eða kyngervi. Gerð verður grein fyrir þeim ritningarstöðum sem koma fyrir í Gamla testamentinu og hafa verið notaðir gegn samkynhneigð, það er að segja 1Mós 19, 3Mós 18.22 og 3Mós 20.13, sem og sambandi Davíðs og Jónatans. Hlutverk ritgerðarinnar er að rannsaka hver orðræða Gamla testamentisins sé um samkynhneigð og hvaða áhrif hún hefur haft í gegnum aldirnar innan gyðinglegrar hefðar annars vegar og kristinnar hefðar hins vegar.

Lykilorð: *Samkynhneigð, Þriðja Mósebók, Gamla testamentið, Sódóma, gyðingdómur, kristin siðfræði, áhrifasaga, Davíð og Jónatan.*

Abstract

The discussion on homosexuality is a big issue in current society. Religion has been the center of that discussion, but the religious stance is generally thought to be negative towards homosexuals. In the hands of fundamental conservatives, the Bible has been used as a weapon to oppress homosexuals. Six bible scriptures have generally been used to criticize and condemn homosexuality. It is critical to account for the historical context of these scriptures to reinforce the conception that the message of the Bible does not promote heterosexism, but love for all mankind regardless to sexuality and gender. The scriptures that appear in the Old testament that have been used against homosexuality will be accounted for, Genesis 19, Leviticus 18.22 and Leviticus 20.13, as well as the relationship between David and Jonathan. The role of this essay is to explore what the discourse of the Old testament is about homosexuality and what effects it has had over the centuries within Judaism on the one hand and Christianity on the other.

Keywords: Homosexuality, Leviticus, Old testament, Sodom, Judaism, Christian ethics, history of influence, David and Jonathan.

Efnisyfirlit

| | |
|--|-----------|
| 1. Inngangur | 1 |
| 1.1. Hvers vegna að fjalla um samkynhneigð?..... | 2 |
| 1.2. Rannsóknarspurningin..... | 4 |
| 1.3. Aðferðafræði og uppbygging..... | 5 |
| 2. Aðal ritningarstaðir | 8 |
| 2.1. Fyrsta Mósebók 19: Synd Sódómu..... | 9 |
| 2.2. Þriðja Mósebók 18.22: „Það er viðurstygð“ | 18 |
| 2.3. Þriðja Mósebók 20.13: Líflát og blóðsök..... | 23 |
| 2.4. Davíð og Jónatan..... | 25 |
| 3. Áhrif í gyðinglegri hefð | 32 |
| 3.1. Gyðingleg rit..... | 33 |
| 3.2. Nútíma viðhorf..... | 35 |
| 3.3. Rétttrúnaðargyðingar og umbótasinnar..... | 37 |
| 4. Áhrif í kristinni hefð | 42 |
| 4.1. Samkynhneigð og kirkja: Almenn umfjöllun..... | 43 |
| 4.2. Kristin siðfræði Görans Bexells..... | 46 |
| 4.3. Rómversk-kaþólska kirkjan..... | 49 |
| 5. Áhrifasaga | 53 |
| 5.1. Áhrifasaga innan biblíufræða..... | 54 |
| 5.2. <i>Disobedience</i> (2017)..... | 55 |
| 5.3. <i>Brokeback Mountain</i> (2005)..... | 57 |
| 6. Niðurstöður | 62 |
| 6.1. Samantekt..... | 63 |
| 6.2. Niðurstöður rannsóknarspurningar..... | 65 |
| 7. Heimildir | 67 |
| 7.1. Prentaðar heimildir..... | 68 |
| 7.2. Netheimildir..... | 72 |

1. Inngangur

„The Lord is my Shepherd and he knows I'm gay.“

-Troy Perry

1.1. Hvers vegna að fjalla um samkynhneigð?

„Ég er sá sem ég er.“ (2Mós 3.14). Svo svaraði Guð Móse þegar maðurinn spurði hver almættið var. Guð er. Tilvist og tilvera Guðs hefur oft verið skilgreind út af þessu svari. Guð er því Guð er. En hvernig skilgreinir trúin mannveruna? Kristindómurinn hefur lengi haft ramma um hvernig fólk á að haga sér, hvernig það á að klæðast og hvernig það á að vera. Börn Guðs áttu öll að ganga undir gagnkynhneigðarhyggju (e. *heterosexism*) kirkjunnar. Kristnar kirkjudeildir hafa gengið undir gríðarlega margar breytingar á síðustu áratugum. Trúarskilningur mannfólksins hefur þróast með aukinni tækni- og vísindabyltingu. Á hverjum degi lærum við eitthvað meira um alheim okkar sem áður þótti óútskýranlegt og dularfullt. Margir kristnir einstaklingar, sem og stofnanir, hafa aðlagð heimsmynd sína að vísindalegum uppgötvunum, svo sem þegar kemur að sköpun heimsins og kraftaverkafrásögnum Biblíunnar. Aðrir hafa litið þessar framfarar blindum augum og halda óbreytt í trú sína. Framfarir í vísindum hafa ekki aðeins haft áhrif á hvernig kirkjan lítur á kraftaverkafrásögur, heldur einnig hvernig hún horfir á mannfólkið, hvort sem það eru meðlimir hennar eða ekki. Hún verður að spyrja sig hvort að gömlu hugmyndirnar um syndina, himnaríki og helvíti séu enn viðeigandi í dag. Þá þarf einnig að endurmeta hvað getur talist vera synd.

Eitt helsta ágreiningsefni kristindómsins í dag er samkynhneigð. Umræðan beinist að kirkjunni en að sama leyti á hún sér stað innan hennar. Í margar aldir fordæmdi kirkjan samkynhneigða fyrir „syndugt“ atferli sitt og hneigðir. Byggðist það meðal annars á Biblíunni, sem almennt fjallar á neikvæðan hátt um samkynhneigð. Samkynhneigð er ekki aðeins eitt umdeildasta viðfangsefni kristindómsins í dag heldur einnig eitt af þeim viðfangsefnum sem hvað brýnast er að ræða um. Umræðan er nauðsynleg til að efla vitneskju og þekkingu um samkynhneigð. Sú umræða hefst meðal annars á því að skilgreina hvað samkynhneigð sé. „Með samkynhneigð er átt við að kynhvötin beinist að einstaklingi af sama kyni.“¹ Einstaklingar með samkynhneigðar kenndir eru börn Guðs rétt eins og allir aðrir, með öllum meðfylgjandi réttindum og skyldum. Þó er það aðeins tiltölulega nýlega að kirkjudeildir eru reiðubúnar að viðurkenna samkynhneigð og leyfa hjónabönd samkynhneigðra. Það eru þó alls ekki allar kirkjudeildir á Íslandi sem gifta tvo einstaklinga af sama kyni.

¹ Bexell, Göran, „15. kafli: Samlíf“, *Síðfræði – af sjónarhóli guðfræði og heimspeki*, Ritstj. Bexell, Göran og Grenholm, Carl-Heinric, Þýð. Aðalsteinn Davíðsson, Reykjavík: Skálholtsútgáfan og Síðfræðistofnun Háskóla Íslands, 2001, bls. 357.

Biblían kallar kynlíf tveggja karlmannna „viðurstyggð“ (3Mós 18.22). Þessi hörðu orð hafa haft skaðleg áhrif, ekki aðeins fyrir samkynhneigða, heldur alla sem skilgreina sig ekki sem gagnkynhneigða. Kristindómurinn hefur stuðlað að ákveðinni gagnkynhneigðarhyggju sem byggist á þeim fordómum að samband karls og konu sé hið eina viðurkennda, réttlætanlega í „augum Guðs.“² Kynhneigð sjö milljarða jarðarbúa verður þó ekki skilgreind svo auðveldlega. Ýmsar kynhneigðir eru loks viðurkenndar í dag sem áður voru jafnvel óþekktar. Gagnkynhneigð, samkynhneigð, pankynhneigð,³ kynseginhneigð,⁴ fjölkynhneigð⁵ og mun fleiri skilgreiningar eru viðurkenndar í dag.

Titill ritgerðarinnar er tilvísun í Davíð konung þegar hann frétti að Jónatan, kær vinur hans, væri látinn:

„Ég harma þig,
Jónatan, bróðir minn.
Þú varst mér mjög kær,
ást þín var mér undursamlegri
en ástin kvenna.“ (2Sam 1.26)

Davíð var að öllum líkindum ekki samkynhneigður þar sem hann var við kvenmenn kenndur. Þetta textabrot hefur hins vakið upp þær vangaveltur um hvort að konungurinn og Jónatan hafi í raun verið elskhugar og Davíð því tvíkynhneigður en ekki gagnkynhneigður. Orðið „hinsegin“ er notað sem regnhlífahugtak yfir þá sem skilgreina sig ekki sem gagnkynhneigða eða sem karl eða konu. Réttindabarátta hinsegin fólks hefur náð hámarki hér á landi með *Hinsegin dögum*, hátíðar sem haldin er í miðbæ Reykjavíkur. Hluti af hátíðinni er meðal annars Gleðigangan. „Gleðigangan er hápunktur *Hinsegin daga*. Í henni sameinast lesbíur, hommar, tví- og pankynhneigðir, trans fólk, intersex fólk og aðrir hinsegin einstaklingar í einum hópi ásamt fjölskyldum sínum og vinum til að staðfesta tilveru sína og minna á baráttu mál sín.“⁶ Þjóðkirkja Íslands hefur verið virk í

² Mollenkott, Virginia Ramey, „Overcoming Heterosexism – To Benefit Everyone“, *Homosexuality in the Church. Both Sides of the Debate*, Ritstj. Siker, Jeffrey S., Louisville: Westminster John Knox Press, bls. 145-149, hér bls. 145.

³ Þegar fólk laðast fremur að persónuleika en að kyni.

⁴ Þegar fólk laðast að manneskjum sem skilgreina sig sem kynsegin, það er að segja fyrir utan tvíhyggju kynjakerfisins, hvorki sem karl eða konu.

⁵ Þegar fólk laðast að fólki af fleiri en tveimur kynjum en þó ekki öllum.

⁶ „Gleðigangan“, *Hinsegin dagar*, sótt 3. janúar 2019 af <https://hinsegindagar.is/gledigangan/>.

Gleðigöngunni undanfarin ár með þátttöku Æskulýðssambands Þjóðkirkjunnar (ÆSKB). Í Gleðigöngunni má heyra sungið hástöfum hliðstæðuna af svari Guðs: „Ég er eins og ég er, hvernig á ég að vera eitthvað annað?“

Umræðan um samkynhneigð er blessunarlega langt komin en er þó fjarri því að vera lokið. Enn er deilt um réttindi samkynhneigðra innan kirkjudeilda. Enn eru hópar sem fordæma samkynhneigð, og prédika það á götum stórborga. Því er nauðsynlegt að halda áfram með umræðuna og greina hvað Biblían, helsta rit kristinna einstaklinga hefur um málefnið að segja.

1.2. Rannsóknarspurningin

Neikvæða umræðan um samkynhneigð út frá textum Biblíunnar mætti gjarnan kalla „sexhleyfuna.“ Ástæðan er sú að yfirleitt eru taldir upp sex ritningastaðir sem notaðir eru til að tala gegn samkynhneigðum einstaklingum eða atferlum þeirra.⁷ Fyrstu þrjár textarnir eru úr Gamla testamentinu. Fyrsti textinn er úr Fyrstu Mósebók, 19. kafla. Kaflinn fjallar um synd og fall borgarinnar Sódómu, en synd borgarþúanna hefur oft verið túlkuð sem samkynhneigðar kenndir og atferli. Annar og þriðji textinn er úr Þriðju Mósebók, 18.22 og 20.13. Þetta eru boð sem banna karlmönnum að „liggja með karlmanni eins og legið er með konu.“ Síðustu þrjár textarnir eru úr Nýja testamentinu. Fjórði textinn er úr Rómverjabréfinu 1.26-27. Þar segir Páll postuli að það sé skömm að karlmenn sofi hjá hvor öðrum. Fimmti textinn er úr Fyrra Korintubrési 6.9-11. Páll gagnrýnir þar karlmenn sem láta „nota sig eða notar aðra til ólífnaðar.“ Sjötti og jafnframt síðasti textinn er úr Fyrra Tímóteusarbrési 1.9-10. Páll setur fram röð af hinum óréttlátu sem snúast gegn því sem Guð boðar. Meðal þeirra eru „karlmenn sem hórast með körlum.“ Allir ritningarstaðirnir eru vel þess verðugir til að greina merkingu þeirra og áhrif. Hér verður þó efnið afmarkað við fyrstu þrjá ritningarstaðina, þá sem finna má í Gamla testamentinu. Þeir ritningarstaðir voru boðaðir í samfélagi Hebrea, Guðs útvöldu þjóðar, sem hafði lifað af miklar hörmungar og hættur. Trú á einn almáttugan Guð var þeim mikið samningartákn og huggun í erfiðum aðstæðum. Lög og boð Drottins voru því auðvitað í hávegum höfð sem æðsta lögmál þeirra. Þeir áttu ekki að láta saurlifnað nágrannaþjóða blekkja sig og leiða út af vegi hins réttláta heldur áttu þeir að fylgja Guði sínum og boðum Drottins.

⁷ Philips, Adam Nicholas, „The Bible does not condemn „homosexuality.“ Seriously, it doesn't“, *Medium*, 15. júlí 2015, sótt 21. janúar 2019 af <https://medium.com/@adamnicholasphillips/the-bible-does-not-condemn-homosexuality-seriously-it-doesn-t-13ae949d6619>.

Þau sem hafa rannsakað sögu Hebrea geta að öllum líkindum komist að þeirri niðurstöðu að innleg trú þeirra hefur líklega verið nauðsynleg fyrir marga til að viðhalda lífsvilja og von. Lífsaðstæður þeirra og samfélag er áhugavert og fræðandi. Það er hins vegar himinn og haf á milli lífsaðstæðna okkar í Vesturlöndum nútímans og þeirra í Mið-austurlöndum biblíutímans. Það vekur því upp spurninguna: Eiga öll vers Gamla testamentisins enn við í dag? Flestir myndu sennilega svara neitandi, enda Þriðja Mósebók uppfull af lögum sem eru okkur afar framandi í dag. Mikilvægi boðanna eru þó mismunandi eftir kirkjudeildum, og auðvitað á milli Gyðinga og kristinna einstaklinga. Með þessi atriði í huga verður því reynt að svara eftirfarandi:

Hvaða afstöðu hefur Gamla testamentið til samkynhneigðar og hvaða áhrif hefur hún haft í gegnum aldirnar innan gyðinglegrar hefðar annars vegar og kristinnar hefðar hins vegar?

1.3. Aðferðafræði og uppbygging

Meginhluti ritgerðarinnar er ritskýring sem beinir sjónum að einni hugmynd úr Gamla testamentinu, það er að segja afstöðunni til samkynhneigðar. Sú umfjöllun hlýtur óhjákvæmilega að skarast á við greinar eins og siðfræði, trúfræði og trúarbragðasögu. Þannig er betur unnt að byggja brú yfir til samtíma umræðu um efni og áhrif. Því er mikil áhersla lögð á að skoða ritskýringarit (e. *commentary*) eftir hina ýmsu biblíufræðinga og guðfræðinga til að bera saman túlkun þeirra og skoðanir. Þetta er gert til að gera grein fyrir mismunandi sjónarmiðum, enda er hér til rannsóknar umdeilt málefni sem margir hafa sterka skoðun á. Margar þekktar ritskýringaritraðir verða skoðaðar, líkt og *The Anchor Bible, Interpretation* og *Word Biblical Commentary*, sem og óþekktari rittraðir eða sjálfstæð ritskýringarit.

Skoðanir höfunda geta verið ólíkar enda hefur á síðari árum oft orðið heitar umræður um efnið. Þó að skoðanir fræðimanna geti verið mismunandi eru höfundarnir sem vitnað er í yfirleitt hvítir karlmenn, en þeir hafa verið ráðandi í allri umræðu um kristindóm, gyðingdóm og Biblíuna í gegnum aldirnar. Kenningar kirkjunnar, sem upphaflega höfnuðu samkynhneigðum, voru einnig mótaðar af hvítum körlum. Rétt er þó og skylt að geta þess að konur hafa á síðari áratugum fengið sífellt meira vægi innan biblíufræða. Raddir þeirra hafa í dag mun meiri hljómgrunn en áður.

Þegar ritningarstaðir úr Fimmbókaritinu eru teknir til umfjöllunar verður bók Richard Elliott Friedman (f. 1946),⁸ *The Bible with Sources Revealed*, notuð til að finna hvar ritningarstaðirnir passa inn í hina svokölluðu heimildakenningu.

Ritgerðin er skipt í fjóra meginhluta. Fyrsti hlutinn nefnist *Aðal ritningarstaðir*. Þar verða teknir fyrir þeir þrjú ritningarstaðir Gamla testamentisins sem almennt koma til umfjöllunar þegar fjallað er um samkynhneigð út frá Biblíunni. Markmiðið verður að rýna í ritningarstaðina og bera saman hvernig hinir mismunandi fræðimenn hafa túlkað þá. Sumir kjósa að telja boðskap textanna augljósan og segja allar aðgerðir til að rýna dýpra í þá út frá hinu sögulega og menningarlega samhengi ritunartíma ritningarstaðanna óþarfa útúrslúninga sem séu litaðir af nútíma réttindabaráttu sem hafði ekkert vægi á Biblútímanum. Aðrir telja einmitt að hið sögulega og menningarlega samhengi skipti meginmáli til að skilja boðskap Biblíunnar til fulls, sem ekki er hægt að gera ef hún er aðeins lesin út frá okkar eigin nútíma túlkun. Auk þess að skoða þessa umdeildu ritningarstaði verður einnig samband Davíðs og Jónatans tekið til umfjöllunar. Bent hefur verið á að samband þeirra tveggja gæti hafa verið ástarsamband, þó að rökin hafa iðulega verið talin veik.

Annar hlutinn nefnist *Áhrif í gyðinglegri hefð*. Þar verður fjallað um hvaða áhrif þessi vers hafa haft á gyðingdóminn í gegnum aldirnar. Gerð verður grein fyrir hvernig ritningarstaðirnir hafa verið túlkaðir af gyðinglegum fræðimönnum og trúarleiðtogum í gegnum aldirnar, sem og hvernig fjallað er um samkynhneigð innan gyðingdómsins í dag. Til að skerpa sýnina á það verður afstaða rétttrúnaðargyðinga og umbótasinna borin saman, en þeir fyrrnefndu eru taldir vera íhaldssami vængurinn á meðan umbótasinnar eru taldir vera frjálslyndari.

Þriðji hlutinn nefnist *Áhrif í kristinni hefð*. Þar verður fjallað um hvaða áhrif þessir ritningarstaðir hafa haft á kristindóminn í gegnum aldirnar. Kristin siðfræði verður tekin sérstaklega fyrir, og þá umræðan um hvort samkynhneigð sé synd eða ekki. Tekin verða dæmi frá kenningum hinnar rómversk-kaþólsku kirkju til að varpa ljósi á dæmi um hver staða samkynhneigðra sé í hinu kristilega samhengi.

Fjórdi og síðasti hlutinn nefnist *Áhrifasaga*. Þar verður stuttlega fjallað um hvaða áhrif þessir ritningarstaðir og sagan um Davíð og Jónatan hafa haft á dægurmenningu okkar. Áhrifasagan er það viðamikil að ómögulegt væri að gera grein fyrir öllum dæmum

⁸ Richard Elliott Friedman er bandarískur biblíufræðingur sem starfar sem prófessor í gyðinglegum-fræðum við Georgia-háskólann.

hennar í einni ritgerð, jafnvel þó að viðfangsefnið sé afmarkað við fáa ritningarstaði. Hér verða því aðeins tvær kvikmyndir teknar til umfjöllunar og kannað hvernig ritningarstaðirnir hafa áhrif á frásögn kvikmyndanna.

Ritgerðin er unnin á sviði gamlatestamentisfræða og því er eðlilegt að þeir ritningarstaðir sem fjallað er um séu aðallega úr ritum Gamla testamentisins eða Hebresku ritningarinnar, eins og ritsafnið er oft einnig nefnt.

2. Aðal ritningarstaðir

**„It would be crazy for someone to choose to be gay,
given the homophobia that is present.“**

-Desmond Tutu

2.1. Fyrsta Mósebók 19: Synd Sódómu

Kaflar 18. og 19. í Fyrstu Mósebók mynda ákveðna heild innan bókarinnar. Fjallað er um fall borganna Sódómu og Gómorru. Þá hefur 19. kaflinn verið notaður til að réttlæta andstöðu gagnvart samkynhneigð. Kaflinn fjallar um að Drottinn sendi tvo engla til borgarinnar Sódómu til að finna út hvort borgin væri þess virði að bjarga, en Guð hafði í huga að tortíma henni. Í borginni hittu englarnir réttlátan mann að nafni Lot, sem bauð þeim inn á heimili sitt í borginni Sódómu. Um kvöldið komu svo karlmenn úr borginni, börðu á dyr Lots og sögðu:

„Hvar eru mennirnir sem komu til þín í kvöld? Leiddu þá út til okkar að við megum kenna þeirra?“ (1Mós 19.4)

Vert er að benda á að textinn gefur til kynna að allir karlmenn Sódómu, „bæði ungir og gamlir, allur múgurinn til síðasta manns,“ hafi komið að húsi Lots til að setjast gegn útlendingunum sem voru þar í heimsókn. Því er enginn réttlátur karlmaður í borginni nema Lot. Almennt er litið svo á að þarna hafa karlmennirnir beðið Lot um að afhenda þeim gesti hans tvo, þessa útlendinga, svo að þeir gætu nauðgað þeim. Lot reyndi að hlífa gestum sínum með því að bjóða heimamönnunum dætur sínar tvær í staðinn sem höfðu ekki verið við karlmenn kenndar. Þeir höfnuðu því og vildu aðeins gesti Lots. Englarnir sáu að Sódóma var gjörspillt borg og aðeins Lot væri þar réttlátur. Því veittu þeir Lot og fjölskyldu hans fararleyfi áður en Guð lét rigna eldi og brennisteini yfir borgina.

Þegar fjallað er um Fimmbókarit (e. *Pentateuch*) Biblíunnar, Mósebækurnar, er mikilvægt að skoða hina svokölluðu heimildakenningu. Heimildakenningin gengur út frá því að Mósebækurnar séu í raun samansettar úr fjórum mismunandi heimildum, sem eru taldar vera frá mismunandi tímum og eru guðfræðilegar áherslur heimildanna ólíkar sem og stíll. Fyrr á öldum var litið svo á að Móse hefði skrifað Mósebækurnar, Jósúa skrifað Jósúabók og svo framvegis. Svo einfalt er það ekki, enda hefði það reynst Móse þrautinni þyngri að rita um sinn eigin dauðdaga. Heimildirnar fjórar nefnast J, E, D og P-heimildin. J-heimildin, sú elsta, er talin vera frá um 922-722 f.Kr. Heimildin kallast J því hún notar Jahve-nafn Guðs frá byrjun, YHWH. E-heimildin er frá svipuðum ritunartíma en er líklega heldur yngri. Hún notar titilinn Elóhím um Guð þar til Jahve-nafnið er opinberað Móse í 2Mós 3. D-heimildin kallast svo því hún er talin ná yfir nær alla Fimmtu Mósebók, sem á hebresku nefnist Deuteronomium. Hún er oft talið vera lögbókin sem fannst við siðbót

Jósúa um 622 f.Kr. Að lokum er það P-heimildin, hin svokallaða prestlega heimild. Hún leggur áherslu á áhugamál presta, þar á meðal lög, enda er P-heimildin talin ná yfir nær alla Þriðju Mósebók. Hún er yfirleitt talin vera frá tíma babýlónsku útleigðarinnar (um 550 f.Kr.) eða jafnvel yngri.⁹ Öll versin í k. 18 og 19 eru vanalega talin koma frá J-heimildinni, fyrir utan 19.29 sem talið er vera frá P-heimildinni.¹⁰ Þó hafa sumir efast um einingu J-heimildarinnar í þessum köflum. Rök fyrir því eru meðal annars hvernig fjallað er um englana, en mismunandi er hvort fjallað sé um „engla“ eða „menn.“ Þeir eru einnig bæði ávarpaði í fleirtölu og eintölu. Þýðendur og ritskýrendur hafa margir reynt að draga úr þessum mun með því að nota aðeins annað hvort „englar“ eða „menn“, og fleirtölu eða eintölu, en það er ekki sambærilegt við upprunalega hebreska textann.¹¹

Bent hefur verið á lík hlutverk Lots og Nóa. Báðir eru taldir vera réttlátir og Guði þóknanlegir. Því fá þeir og fjölskyldur þeirra tækifæri til að lifa af eyðingu Drottins vegna synda manna.¹² Lengi vel var talið að sú synd sem gerði borgarbúa Sódómu rétttræpa í augum almættisins hafi verið samkynhneigðar kenndir sem að karlmennirnir sem knúðu á dyr Lots sýndu gagnvart útlendingunum. Spámenn Gamla testamentisins vitnuðu margir í spillingu Sódómu og ógeðfellt eðli hennar. Jesaja (1.10), Jeremía (23.14), Esekíel (16.49) og Amos (4.10) nefna allir Sódómu á nafn. Jafnvel Jesús Kristur nefnir Sódómu (Matt 10.15, Lúk 10.12 og Lúk 17.29). Claus Westermann (1909-2000)¹³ hélt því sjálfur fram að ekki sé vitnað í neinn annan atburð í Fyrstu Mósebók jafn mikið og fall Sódómu og Gómorru.¹⁴

Sett hefur verið fram kenning um að engar kynferðislegar kenndar birtist í textanum, því orðin „að við megum kenna þeirra“ fjalli aðeins um að karlmenn Sódómu vilja sjá hverjir gestirnir eru og fá upplýsingar um þá. Gordon J. Wenham (f. 1943)¹⁵ hafnar þessu í ritskýringarití sínu. Hann segir að það sé engin ástæða til að borgarþúarnir hafi ekki þá þegar séð þessa gesti Lots, þar sem þeir komu inn um borgarhliðið og hann

⁹ Friedman, Richard Elliott, *The Bible with Sources Revealed. A New View Into the Five Books of Moses*, New York: Harper One, 2003, bls. 3-5.

¹⁰ Friedman, Richard Elliott, *The Bible with Sources Revealed*, bls. 59-62.

¹¹ Wenham, Gordon, *Genesis 16-50. Word Biblical Commentary*. Volume 2, Ritstj. Barker, Glenn W. og Hubbard, David A., Texas: Word Books, Publisher, 1994, bls. 44.

¹² Wenham, Gordon, *Genesis 16-50*, bls. 40-41.

¹³ Claus Westermann var þýskur mótæmlendaguðfræðingur og gamlamenteafræðingur. Hann kenndi í Heidelberg-háskólanum í 20 ár. Ritskýringarit hans um Fyrstu Mósebók er af mörgum talið vera hans helsta ritverk.

¹⁴ Westermann, Claus, *Genesis. A Practical Commentary*, Þýð. Green, David E., Michigan: William B. Eerdmans Publishing Company, 1987, bls. 142.

¹⁵ Gordon J. Wenham er breskur gamlamenteisfræðingur. Hann lærði guðfræði í Cambridge-háskólanum og fékk sína PhD. gráðu út frá rannsóknum sínum á Fimmtu Mósebók.

tók á móti þeim á almannafæri. Wenham nefnir að hebreska sagnorðið fyrir „að kenna“ eða „þekkja“, *jāda*, יָדָא,¹⁶ sé notað víða í Fyrstu Mósebók sem vísun til kynferðismaka.¹⁷ Því sé það einnig líklegasta merkingin í samhengi kaflans. Lot undirstrikar þá merkingu einnig þegar hann segir að dætur sínar hafa ekki verið kenndar við karlmenn.¹⁸ Merkingin ætti því ekki að vera umdeild hér. Jafnvel í biblíuútgáfunni *Holman Chrisitan Standard Bible* er versið þýtt sem svo:

„They called out Lot and said, “Where are the men who came to you tonight? Send them out to us so we can have sex with them!”

Þarna er „kenna“ beinþýtt sem „kynferðismök“ (e. *sex*). Önnur ensk þýðingardæmi eru meðal annars: „Bring them out to us that we may have relations with them“ úr *New American Standard Bible*. „Bring them out unto us, that we may know them.“ úr *King James Bible*.¹⁹ Í B007 og B1981²⁰ er orðið „kenna“ notað í versinu. Guðbrandsbiblía²¹ notar það orð einnig. Í Viðeyjarbiblíunni²² er versið hins vegar svohljóðandi:

„hvar eru þeir menn sem komu til þín í kvöld? Leið þú þá út að vér megum leika við þá!“²³

Orðið „leika“ hefur þar komið í stað „kenna“ en merkingin helst þó svipuð.

Samkynhneigð var bönnuð samkvæmt lögmáli Hebrea. Ekki liggur eins ljóst fyrir hvaða lög voru um samkynhneigð hjá nágrannaþjóðum Ísraels, þó ýmislegt bendi til að hún hafi ekki verið almennt litið jákvæðum augum. Ef til vill var samkynja samband leyfilegt á milli tveggja lögráða einstaklinga. Hins vegar er hér verið að gefa til kynna samkynhneigðra hópnauðgun, sem fer á skjön við lögmál allra siðmenntaðra þjóða.²⁴

¹⁶ „3045. yada“, *BibleHub*, sótt 21. janúar af <https://biblehub.com/hebrew/3045.htm>.

¹⁷ „Adam kenndi Evu, konu sinnar.“ (1Mós 4.1).

¹⁸ Wenham, Gordon, *Genesis 16-50*, bls. 55.

¹⁹ „Genesis 19:5“, *BibleHub*, sótt 14. desember 2018 af <https://biblehub.com/text/genesis/19-5.htm>.

²⁰ Í ritgerðinni verður fjallað um 2007 útgáfu Biblíunnar sem „B2007.“ Þá verður fjallað um 1981 útgáfu Biblíunnar sem „B1981.“

²¹ Íslensk þýðing Biblíunnar frá 1584. Þýðingin er kennd við Guðbrand Hólabiskup Þorláksson (1541/1542-1627).

²² Íslensk þýðing Biblíunnar frá 1841. Hún var prentuð í Viðey og er því kennd við þann stað.

²³ Íslenskar þýðingar á Biblíunni er fengnar af heimasíðu *Hins Íslenska biblíufélags*, <https://biblian.is/thydingar/>.

²⁴ Wenham, Gordon, *Genesis 16-50*, bls. 55.

Wenham gefur til kynna í ritskýringarriti sínu, þó hann segi það ekki beint út, að synd Sódómu hafi ekki verið samkynhneigð heldur tilraun til nauðgunar og almennrar niðurlægingar. Það er í raun hið nýja sjónarhorn sem sífellt fær meira vægi í samtímanum. Það samráð sem karlmenn Sódómu voru að krefjast var ekki gagnkvæmt, heldur einkenndist af valdaníðslu þar sem fjöldinn á heimavelli ætlaði sér að níðast á hinum fáu og óþekktu. Þeir voru búnir að umkringja húsið og neituðu að fara. Þá hefur reyndar komið fram sú kenning að syndin hafi ekki verið nauðgunartilraunin í sjálfu sér heldur almenn slæm meðferð á gestum.²⁵ Þeir sem voru lögfróðir í Talmúd²⁶ töldu yfirleitt að synd Sódómu hafi ekki verið samkynhneigð atferli heldur að almennt hafi íbúar borgarinnar horfið frá vegi réttlætis.²⁷

Claus Westermann fjallar hvorki um kynferðisglæpi né samkynhneigð út frá þessum kafla í ritskýringariti sínu. Hann leggur áherslu á spillingu borgarbúanna og skyldu Lots að verja gesti sína. Fyrir Westermann virðist aðal málið snúast um að öryggi gestanna sé í hættu, en ekki hver hættan sé í raun og veru.²⁸

Walter Bruggemann (f. 1933)²⁹ velti fyrir sér synd Sódómu í sínu ritskýringariti. Hann segir kaflann skorta raunverulega lýsingu á því hver glæpur Sódómubúa eigi að hafa verið. Það eina sem bendir til hvað að „kenna“ sé er orðið „sódóma“ (e. *sodomy*) (l. *sodomita*) sem komið er af borgarheitinu Sódóma.³⁰ Í Íslensku orðabókinni er merking orðsins „sódómska“ eða „sódómíska“ skilgreint svohljóðandi: „(niðrandi) kynmök karla við aðra karla eða við skepnur“³¹ Sódóma á við um allar kynferðisathafnir sem eru ekki gagnkynhneigð kynmök í leggöng. Þrátt fyrir að algengasta notkun orðsins eigi yfirleitt við um endaparmsmök, og þá iðulega um samkynja endaparmsmök, getur það einnig átt við um munnmök, dýranið, barnanið og fleiri kynferðisathafnir sem teljast standa fyrir utan normið.³² Allt fram að Miðöldum var orðið „sodomita“ það hugtak sem kom næst

²⁵ Barton, John og Bowden, Julia, *The Original Story. God, Israel, and the World*, Cambridge: William B. Eerdmans Publishing Company, 2004, bls. 82.

²⁶ Safnrit gyðinglegra lagabóka. Talið af mörgum mikilvægasta rit Gyðinga, aðeins á eftir Hebresku ritningunni.

²⁷ Harrison, R.K., *Leviticus. An Introduction and Commentary. Tyndale Old Testament Commentaries*, Ritstj. Wiseman, D.J., England: Inter-Varsity Press, 1980, bls. 192.

²⁸ Westermann, Claus, *Genesis*. bls. 142-143.

²⁹ Walter Bruggemann er bandarískur mótmælendaguðfræðingur og gamlamenteisfræðingur. Hann er af mörgum talin einn áhrifamesti gamlamenteisfræðingur síðustu áratuga um allan heim. Hann hefur skrifað tugi bóka og er mikill talsmaður fyrir framsækna kristni og kirkju.

³⁰ Bruggemann, Walter, *Genesis. Interpretation. A Bible Commentary for Teaching and Preaching*, Ritstj. Mays, James Luther og Achtemeier, Paul J., Atlanta: John Knox Press, 1982, bls. 164.

³¹ *Íslensk orðabók. Fjórða útgáfa byggð á 3. prentun frá 2005 með allnokkrum breytingum*, Ritstj. Mörður Árnason, Reykjavík: Edda útgáfa, 2007, bls. 945.

³² „Sodomy“, *Encyclopædia Britannica*, sótt 4. janúar 2019 af <https://www.britannica.com/topic/sodomy>.

orðinu „samkynhneigð.“³³ Í nútíma samfélagi er hugtakið sódóma því að mörgu leyti gallað þar sem það flokkar samkynhneigð og gagnkvæmar kynferðisathafnir lögráða einstaklinga með kynferðisglæpum líkt og barna- og dýranið.

Þrátt fyrir að ritskýrendur gætu verið ósammála um eðli syndar Sódómu segir Bruggemann að Biblían sjálf virðist ekki geta staðhæft það að syndin hafi verið fólgin í samkynhneigð. Hann veltir því þá fyrir sér hvort að synd Sódómu hafi í raun verið nauðgunartilraun fremur en áætlunin um sódómu, endaþarmsmök, eða hvers kyns samkynhneigðra kynferðisathafna. Bruggemann vill þó halda fram að syndin hafi verið meiri en aðeins ein ákveðin kynferðisathöfn, heldur hafi hún verið samansafn af syndsamlegu og spilltu eðli borgarbúanna. Hann vísar í boðskap spámanna Gamla testamentisins í Sódómu sér til stuðnings. Þar eru syndir borgarinnar meðal annars græðgi, stolt og afskiptaleysi (sem dæmi: Jer 23.1, Jes 1.7-14, 13,19 Am 4.10, Esk 16.49).³⁴

Niðurstaða Wenhams og Bruggemanns virðist vera sú að þeir hallast að því að synd Sódómu hafi ekki verið samkynhneigð heldur nauðgunartilraun borgarbúanna. Enda fela eðlileg samkynja sambönd ekki í sér valdaníðslu og ofbeldi, ekki fremur en gagnkynhneigð sambönd. Westermann virðist halda hlutleysi þegar kemur að kynferðismálum sögunnar og nefnir aðeins hver glæpur borgarbúanna gæti verið undir rós. Auðvitað eru ýmsir sem telja synd Sódómu vera samkynhneigð, enda byggist sú hugmynd á sterkri hefð biblíutúlkunar. Monsignor Charles Pope (f. 1961), vel virtur prestur innan rómversk-kaþólsku kirkjunnar, sagði að ef k. 19 sé lesinn án allra myndlíkinda og útúrsnúninga komi ekki annað til mála en að synd Sódómu sé samkynhneigð, þó að aðrar syndir hafi einnig haft áhrif á falli borgarinnar.³⁵

Gamla testamentið er alls ekki þögult þegar kemur að kynferðislegri áreitni eða nauðgun. Almennt má telja að helgirit Hebreanna líti alvarlegum augum á það þegar einstaklingur þvingaði sig með valdi á aðra manneskju. Í Fimmtu Mósebók 22.23-29 er fjallað um hver refsingin sé fyrir að leggjast hjá „óspjallaðri stúlku.“ Ef hún er föstnuð öðrum og er misþyrmt í borginni þá á bæði að grýta gerandann og þolandann, þar sem að hún kallaði ekki á hjálp þegar henni var nauðgað. Ef hún er föstnuð öðrum og er misþyrmt úti á víðavangi á aðeins að grýta gerandann, þar sem stúlkan gat ekkert gert til að verja

³³ Gomes, Peter J., *The Good Book. Reading the Bible with Mind and Heart*, San Francisco: HarperSanFrancisco, 1998, bls. 150.

³⁴ Bruggemann, Walter, *Genesis*, bls. 164.

³⁵ Msgr. Pope, Charles, „Sin of homosexuality“, *OurSundayVisitor*, 29. apríl 2015, sótt 4. janúar 2019 af <https://www.osv.com/OSVNewsweekly/ByIssue/Article/TabId/735/ArtMID/13636/ArticleID/17408/Sin-of-homosexuality.aspx>.

sig. Þá er sá verknaður sagður jafnast á við morð. Ef óspjölluð stúlka er hins vegar ekki föstnuð einhverjum þegar henni er nauðgað þá á gerandinn að borga föður hennar fimmtíu sikla silfurs. Ekki nóg með það, þá á gerandinn að giftast stúlkunni „sakir þess að hann spjallaði hana og honum skal ekki heimilt að skilja við hana alla ævi sína.“ (5Mós 22.29). Vert er að taka fram að einhverjir ritskýrendur telja að v.28-29, um ófastnaða stúlku, fjalli ekki um nauðgun heldur almennt um kynferðissamband við ógifta eða ólofaða stúlku, þar á meðal gagnkvæmt kynlíf. Þetta getur verið túlkunaratriði en Duane L. Christensen (1938-2013)³⁶ veigrar sér ekki við að fjalla um gerandann sem „nauðgarann“ þegar hann skýrir þessi vers í ritskýringariti sínu um Fimmtu Mósebók.³⁷ Hér í 5Mós 22 á það að teljast refsing fyrir gerandann að þurfa að sjá um stúlkuna sem hann braut á alla sína ævi. Ekkert er getið um stöðu og vilja þolandans, hvað þá áhrif þess að vera bundin nauðgara sínum að eilífu. Þrátt fyrir að refsingarnar verði að teljast einstaklega forneskjulegar og andfemínískar í dag fer það ekki á milli mála að nauðgun telst vera mikil synd. Þegar Biblían fjallar um nauðgun þá er það yfirleitt karlinn sem er gerandinn og konan sem er þolandinn. Það er þó ekki algilt.

Það er áhugavert en samtímis sorglegt að Lot varð sjálfur fórnarlamb nauðgunar. Í lok k. 19, sama kafla og sagt er frá hruni Sódómu, er Lot nauðgað af sínum eigin dætrum. Hann hafði sest að í helli með dætrum sínum tveimur. Þær óttuðust barnsleysi þar sem enginn annar karlmaður var í nánd. Því tóku þær það til ráða að hella föður sinn fullan og sofa hjá honum án þess að hann yrði var við: „Um kvöldið gáfu þær föður sínum vín að drekka og hin eldri lagðist hjá honum. En hann varð hvorki var við er hún lagðist né að hún stóð upp.“ (1Mós 19.33). Næstu nótt endurtók hin yngri sama leik. Afleiðingin var sú að þær gengu með börn föður þeirra. Þeir eignuðust synina Móab, sem var ættfaðir Móabíta, og Ben-Ammí, sem var ættfaðir Ammóníta. John C.L. Gibson (1930-2008)³⁸ gefur til kynna í ritskýringariti sínu að ekki ætti að taka þessa nauðgunarfrásögu of alvarlega. Markmið höfundarins hefði líklegast verið að segja að Móabítar og Ammónítar, nágrannaþjóðir Hebreanna, séu komnir af sifjaspelli og því syndugir líkt og borgarbúar

³⁶ Duane L. Christensen var bandarískur prófessor í biblíufræðum og fornaldarsögu Mið-austurlanda við William Carey International-háskólann.

³⁷ Christensen, Duane L., *Deutrenomy 21:20-34:12. Word Biblical Commentary*. Volume 6b, Ritstj. Barker, Glenn W., Hubbard, David A., Metzger, Bruce M., og Watts, John D.W., Nashville: Thomas Nelson Publishers, 2002, bls. 522.

³⁸ John C.L. Gibson var breskur prófessor í bæði hebresku og grísku og vígður prestur. Hann starfaði lengst af í Edinborgar-háskólanum

Sódómu.³⁹ Þetta atferli dætra Lots vekur einnig upp þá spurningu hvort hið spillta siðferði Sódómu sem varð borginni að falli sé inngróið í þær.⁴⁰ Ephraim Avigdor Speiser (1902-1965)⁴¹ vill hins vegar telja að enga sök sé í raun að finna hjá Lot né dætrum hans. Lot hafi ekki verið meðvitaður um fyrirátlanir dætra sinna, og þær hafi fundið fyrir inngróinni þörf til að fjölga sér.⁴² Enda var það eitt af boðum Drottins að mannfólkið ætti að vera frjósamt og fjölga sér (1Mós 1.28). Bruggemann grípur í sama streng og segir að fjölskylda Lots sé í raun heiðruð fyrir þetta sjálfsbjargaratferli.⁴³

Sama hver túlkunin á sögunni sé þá leynir það sér ekki að þegar kemur að kynferðisbrotum og nauðgunum í Biblíunni eru það ekki aðeins karlmenn sem eru gerendur og kvenmenn þolendur. Karlmenn geta einnig verið þolendur, líkt og Lot, og kvenmenn gerendur, líkt og dætur hans. Þar með geta karlamenn farið með bæði hlutverkin, líkt og í nauðgunartilraun borgarbúa Sódómu á gestum Lots. Rökin gegn því að um nauðgunartilraun hafi verið að ræða í borg syndarinnar eru því veik.

Áður en lokið er að fjalla um níðingsverkið í Sódómu er vert að nefna níðingsverkið í Gíbeu, hliðstæða frásögn sem finna má í Dómarabókinni, k. 19. Sú frásögn ber helstu einkenni sögunnar í Sódómu. Gamall maður tekur inn til sín gest, Levíta, í borginni Gíbeu, ásamt hjákonu hans. Þegar þeir voru að snæða komu „illmenni“ að húsi mannsins og kröfðust þess að hann leiddi gestinn út svo þeir gætu „kennt hans.“ Líkt og í 1Mós 19.4 er sagnorðið „að kenna“ hér notað, það er að segja hebreska sögnin *jāda*. Gamli maðurinn sagði að þeir ættu ekki að brjóta á gesti hans, heldur mættu þeir nauðga hjákonu Levítans og dóttur gamla mannsins. Illmennin höfnuðu því, en þegar Levítinn henti hjákonunni út úr húsinu nauðguðu þeir henni alla nóttina. Þegar dagur rann var hún svo illa á sig komin að bóndi hennar setti hana upp á asna og hélt af stað heimleiðis þar sem hún lést úr sárum sínum. Þegar hann var kominn heim bútaði hann hana niður í tólf búta og sendi þá um alla Ísrael. Þessi hroðalega saga er bæði blóðug og lýsir ómanneskjulegu eðli. Illmennin í Gíbeu hafa réttilega verið harðlega gagnrýnd fyrir þennan voðaverknað, en oft hefur verið

³⁹ Gibson, John C.L., *Genesis. Volume II. The Daily Study Bible. Old Testament*, Ritstj. Gibson, John C.L., Edinborg og Fíladelfía: The Saint Andrew Press og The Westminster Press, 1982, bls. 93.

⁴⁰ Wenham, Gordon, *Genesis 16-50*, bls. 64.

⁴¹ Ephraim Avigdor Speiser var fornleifafræðingur af gyðinglegum uppruna sem sérhæfði sig í menningu Assýringa. Hann fæddist í Póllandi en flutti 18 ára til Bandaríkjanna þar sem hann stundaði nám við háskólann í Pensilvaníu og varð seinna kennari þar. Eitt helsta framlag hans til fornleifafræðanna var uppgröftur hans á *Tepe Gawra* árið 1927.

⁴² Speiser, E.A., *Genesis. The Anchor Bible. Volume 1*, Ritstj. Albright, William Foxwell og Freedman, David Noel, New York: Doubleday & Company, Inc., 1983, bls. 145.

⁴³ Bruggemann, Walter, *Genesis*, bls. 176-177.

litið framhjá þætti gamla mannsins og gestsins í frásögunni. Ekki aðeins stóðu þeir aðgerðarlausir hjá, heldur fórnðu þeir konunni til að bjarga eigin skinni.⁴⁴ Þessi frásögn er það lík frásögninni í 1Mós 19 að fyrst um sinn mætti ætla að hér hafi sú saga verið endurskrifuð. Þó er Sódóma ekki nefnd í Dóm 19, né voru frásögurnar tvær tengdar saman á nokkurn hátt hjá fornum fræðimönnum. Það er ekki fyrr en á fyrstu öld eftir fæðingu Krists að vitað er um samanburð á þessum sögum.⁴⁵

Það sem einkennir söguna er þögn Guðs. Ekkert guðlegt kraftaverk á sér stað til að bjarga konunni, enginn guðdómlegir gestir koma til hjálpar. Hægt er að líta á þetta sem uppfyllingu orða Drottins til Ísraelsmenna í Dóm 10.13: „En þið hafið yfirgefið mig og dýrkað aðra guði. Þess vegna vil ég ekki hjálpa ykkur frammar.“⁴⁶

Gamli maðurinn kallar það sem illmennirnir hafa í huga „svívirðingu“, eða הַבְּזוּתָא á hebresku.⁴⁷ Þetta hebreska hugtak kemur tvisvar fyrir í kaflanum, í v. 23 og v. 24. Í báðum tilfellum er gamli maðurinn að segja að illmennin mega ekki fremja þessa svívirðingu á gest hans, þrátt fyrir að sjá enga fyrirstöðu að konunni verði nauðguð. Þessi verknaður væri „svívirðing“ í huga gamla mannsins þar sem það myndi brjóta á boði Drottins um að sýna Levítum kærleika (5Mós 26.12-13) og boði Drottins um að sýna aðkomumönnum ekki ójöfnuð (3Mós 19. 33). Þá væri það sérlega svívirðilegt að brjóta gegn gestinum kynferðislega.⁴⁸ Það var gamla mannum svo mikið hjartans mál að viðhalda þessum ákveðnu boðum Drottins að hann bauð sína eigin dóttur illmenninum til skemmtunar til að viðhalda þeim. Hjákonan hafði þá greinilega ekki stöðu gests í augum gamla mannsins þar sem hann bauð hana með dóttur sinni. Það er augljóst að frásagan á sér stað í ferðaveldissamfélagi þar sem karlar eru álitnir æðri en konur sem eru raunveruleg fórnarlömb frásagnanna.⁴⁹ Phyllis Tribble (f. 1932)⁵⁰ fullyrðir að konan í frásögninni sé algjörlega valdalaus yfir eigin líkama vegna kyns síns, en ekki stöðu sinnar. Tribble tekur einmitt voðaverknaðinn í Dóm 19 fyrir sem „skelfingartexta“ í hinu

⁴⁴ Hamlin, E. John, *At Risk in the Promised Land. A Commentary on the Book of Judges, International Theological Commentary*, Ritstj. Holmgren, Fredrick Carlson og Knight, George A.F., Edinborg og Grand Rapids: The Handsel Press og William B. Eerdmans Publishing Co., 1990, bls. 159.

⁴⁵ Nissinen, Martti, *Homoeeroticism in the Biblical World. A Historical Perspective*, Þýð. Stjerna, Krisi, Minneapolis: Fortress Press, 1998, bls. 50.

⁴⁶ Hamlin, E. John, *At Risk in the Promised Land. A Commentary on the Book of Judges*, bls. 159-160.

⁴⁷ „Judges 19:23“, *BibleHub*, sótt 4. janúar 2019 af <https://biblehub.com/text/judges/19-23.htm>.

⁴⁸ Hamlin, E. John, *At Risk in the Promised Land. A Commentary on the Book of Judges*, bls. 164.

⁴⁹ McCann, J. Clinton, *Judges. Interpretation. A Bible Commentary for Teaching and Preaching*, Ritstj. Mays, James Luther og Achtemeier, Paul J., Louisville: John Knox Press, 2002, bls. 130.

⁵⁰ Phyllis Tribble lærði guðfræði í *Union Theological Seminary* í New York og varð þar prófessor árið 1980. Hún var einn af brautryðjendum femínískrar biblíufræði á áttunda áratugi síðustu aldar.

áhrifamikla femíníska riti sínu *Texts of Terror*.⁵¹ Eitt það athyglisverðasta í umræðunni er að textinn í Dóm 19 hefur aldrei verið notaður til að fordæma gagnkynhneigð, líkt og gert hefur verið með textann í 1Mós 19 til að fordæma samkynhneigð. Nauðgun, eða jafnvel nauðgunartilraun, er í Biblíunni ekki talin vera jafn alvarleg ef hún er framin innan hins hefðbundna kynjaramma, þegar karl brýtur á konu.⁵² Þegar Lot býður karlmönnum Sódómu dætur sínar í stað gest síns kemur það fram sem mikil mannvonska hjá nútíma lesendum. Í hinum forna heimi Hebraea var það talin vera mikil skömm fyrir feður þegar dætur þeirra misstu meydóm sinn utan hjónabands. (5Mós 22.13-21). Því lofsamar Jahvistinn, höfundur J-heimildarinnar, gamla manningnum hins vegar fyrir þessa „fórn“ hans til að viðhalda gestrisni sinni.⁵³

Áhugavert er að benda á að hér bíður gamli maðurinn illmennunum konu til að verja gest sinn. Þó illmennin hafni því fyrst nauðguðu þeir henni þegar færi gafst. Þeir voru því hópur af karlmönnum sem voru fullir af kynferðislegum losta sem gat bæði beinst til karla og kvenna. Langanir þeirra voru því ekki í eðli sínu aðeins á sviði samkynhneigðar.⁵⁴ J. Clinton McCann⁵⁵ taldi jafnvel að löngun illmennanna tengdist alls ekki samkynhneigð heldur vilja þeirra til að sýna gestinum ógestrisni, til að smána hann og sýna að hann sé ekki velkominn. McCann fullyrta að sama megi segja um nauðgunartilraunina í Sódómu.⁵⁶ J. Alberto Soggin (1926-2010)⁵⁷ er sammála McCann um að verknaðurinn byggist ekki á samkynhneigðum kenndum illmananna, því þær virðast hverfa um leið og þeir koma höndum sínum á konuna.⁵⁸ Illskuverk þeirra var alls ekki spurning um kynhneigð eða kynferði. Þetta var aðeins yfirgangssemi og mannvonska í einni af sinni verstu mynd. Illmennin í Dóm 19 eru ekki samkynhneigð frekar en borgarbúar Sódómu.⁵⁹

⁵¹ Tribble, Phyllis, *Texts of Terror. Literary-Feminist Readings of Biblical Narratives*, Fíladelfía: Fortress Press, 1985, bls. 70.

⁵² Nissinen, Martti, *Homoeroticism in the Biblical World. A Historical Perspective*, bls. 50-51.

⁵³ Nissinen, Martti, *Homoeroticism in the Biblical World. A Historical Perspective*, bls. 46.

⁵⁴ Barton, John og Bowden, Julia, *The Original Story. God, Israel, and the World*, bls. 82.

⁵⁵ J. Clinton McCann er evangelískur prófessor í biblíufræðum og vígður prestur. Hann hefur skrifað fjölmörg ritskýringarit, þar á meðal nokkur um Saltarann sem hefur verið megin viðfangsefni hans. Frá 1987 hefur hann kennt í *Eden theological seminary*.

⁵⁶ McCann, J. Clinton, *Judges*, bls. 130.

⁵⁷ J. Alberto Soggin var áhrifamikill ítalskur biblíufræðingur. Hann var prófessor í gamlatestamentsfræðum, hebresku og grísku í háskólum í Róm og Jerúsalem.

⁵⁸ Soggin, J. Alberto, *Judges. A Commentary, The Old Testament Library*, Ritstj. Ackroyd, Peter, Barr, James, Anderson, Bernhard W. og Bright, John, Þýð. Bowden, John, Fíladelfía: The Westminster Press, 1981, bls. 288.

⁵⁹ Nissinen, Martti, *Homoeroticism in the Biblical World. A Historical Perspective*, bls. 50.

2.2. Þriðja Mósebók 18.22: „Það er viðurstygð“

Þriðja Mósebók, betur þekkt sem Leviticus á alþjóðlegri grundu, inniheldur að mestu leyti lög Drottins til sinnar útvöldu þjóðar. Vers 18.22 og 20.13 eru þau sem hvað mest hafa verið notuð til að gagnrýna og fordæma samkynhneigð í gyðinglegu og kristnu samhengi. Bæði versin eru hluti af hinum svokölluðu Heilagleikalögum, sem ná yfir 3Mós 17-26. Átjándi kafli bókarinnar fellur undir P-heimildina, líkt og nærri öll bókin í heild sinni.⁶⁰ Í B2007 ber 3Mós 18 yfirskriftina „Reglur um kynlíf.“ Þar er, eins og yfirskriftin gefur til kynna, farið yfir lög og reglur sem snúast að kynlífi mannfólksins. Reglurnar eiga að koma beint frá munni Guðs en kafllinn byrjar á: „Drottinn sagði við Móse.“ (3Mós 18.1) Í upphafi kaflans er því komið á framfæri að Ísraelsþjóð eigi ekki að hegða sér eftir venjum íbúa Egyptalands né Kanaanlands. Það má áætla að þetta megi yfirfæra á allar útlendar þjóðir. Ísraelsþjóðin er Guðs útvalda þjóð, og því eru ákveðnar reglur sem þjóðin verður að fara eftir. Útvalningin felur ekki aðeins í sér sérstöðu meðal þjóðanna, heldur einnig að ákveðnar kröfur séu gerðar til Ísraelsþjóðar. Samkynhneigð og vændi, sem var bannað meðal Ísraelsþjóðar, hefur af öllum líkindum verið stundað lengi í Miðausturlöndum áður en Ísraelsþjóðin fór til Kanaanlands.⁶¹

Kafllinn leggur blátt bann við öllu sifjaspelli: „Enginn á meðal ykkar má nálgast neitt skyldmenni sitt, sem er hold hans og blóð, til að bera blygðun þess.“ (3Mós 18.6). Þá er upptalning á skyldmönnum sem bannað er að liggja hjá, bæði þegar kemur að blóðtengslum og tengslum í gegnum hjónaband, líkt og tengdamæður og mágkonur. Einnig er bannað að liggja með konu sem er „óhrein af tíðum sínum“ (18.19) sem og dýraníð er bannað (18.23). Guð varar sína útvöldu við og minnir á að þær þjóðir sem „saurguðu sig með öllu þessu“ var refsað (18.24-25). Þessi kynferðisbrot voru það alvarleg að þau höfðu valdið rofi á sambandi Guðs við þessar þjóðir.⁶² Eitt umdeildasta versið í þessum kafla er líklega v. 22:

„Þú mátt ekki liggja með karlmanni eins og legið er með konu, það er viðurstygð.“

Fyrir mörgum er þetta afgerandi afstaða gegn samlífi og kynlífi samkynhneigðra karlmannna. Mikilvægt er að benda á hér er aðeins verið að ræða um samkynhneigðra

⁶⁰ Friedman, Richard Elliott, *The Bible with Sources Revealed*, bls. 220.

⁶¹ Harrison, R.K., *Leviticus. An Introduction and Commentary*, bls. 191.

⁶² Hartley, John E., *Leviticus. Word Biblical Commentary*. Volume 4, Ritstj. Barker, Glenn W. og Hubbard, David A., Texas: Word Books, Publisher, 1992, bls. 289.

karla en ekki konur. Í raun er aldrei fjallað um samkynhneigð kvenna í Biblíunni. Þessi þögn um lesbíur merkir ekki endilega að samkynhneigð kvenna hafi verið leyfileg, heldur gæti verið merki um að höfundur textans hafi einfaldlega ekki verið meðvitaður um lesbíur.⁶³ Versið kemur fram í textaeiningu innan k. 18 (v. 7-17). Í textaeinginunni eru sett fram tvær gerðir laga. Í fyrsta lagi er fjallað um bönn gegn sifjaspelli (v. 1-18). Í öðru lagi eru það bönn gegn öðrum ákveðnum kynferðissamböndum og fórnum til Mólek (v. 19-23).⁶⁴

Orðið „viðurstyggð“ er sterkt orð og lýsir í raun algjörri höfnun á verknaðinum. Orðið er notað í B0027, B1981 og Viðeyjarbiblíu. Í Guðbrandsbiblíu er notað orðið „svívirðilegt.“ John E. Hartley⁶⁵ nefnir í ritskýringariti sínu að hebreskan fyrir „það er viðurstyggð“, תוֹעֲבָה,⁶⁶ komi sex sinnum fram í Þriðju Mósebók þegar fjallað er um ósiðferðislegar kynferðisathafnir útlendra þjóða (18.22, 26, 27, 29, 30, 20.30). Í öllum tilfellum er orðið „viðurstyggð“ notað í B2007. Í Fimmtu Mósebók er orðið einnig notað yfir aðrar athafnir sem eru Guði óþóknanlegar, líkt og skurðgoðadýrkun (5Mós 7.25) og mannafornir (5Mós 12.31).⁶⁷ Peter J. Gomes (1942-2011)⁶⁸ hefur bent á að orðið „viðurstyggð“ er þó ekki notað um það sem talið er óumdeilanlega illt í flestum menningarsamfélögum, líkt og nauðgun eða þjófnað. Orðið á fremur við um brot á helgihaldi Gyðinga, líkt og að borða svínakjöt eða stunda kynlíf á blæðingum.⁶⁹ Það dregur þó varla úr þeirri fyrirlitningu sem fylgir orðinu „viðurstyggð.“

Þeir sem stunduðu samkynhneigð atferli voru einnig kallaðir illum nöfnum. Í Fimmtu Mósebók er orðið „hundingi“ (5Mós 23.18) notað um karlmann sem stundaði samkynhneigt vændi.⁷⁰ Tom Horner sagði að aðeins „kvenlegir“ karlmenn sem gerðu samkynhneigt kynlíf sitt að atvinnu, þessir „hundingjar“, voru þeir samkynhneigðu sem urðu fyrir opinberri smánun.⁷¹ Þessi smánun byggðist þó á því hversu kvenlegir þeir voru

⁶³ Tidball, Derek, *The Message of Leviticus. Free to be holy. The Bible Speaks Today*, Ritstj. Motyer, Alec, England: Inter-Varsity Press, 2005, bls. 227.

⁶⁴ Hartley, John E., *Leviticus*, bls. 285.

⁶⁵ John E. Hartley er prófessor í gamlatestamentisfræðum og hefur M.A. gráðu og Ph.D. gráðu frá Brandeis-háskólanum. Hann er einnig vígður öldungur í meþódistasöfnuði í Bandaríkjunum.

⁶⁶ „Leviticus 18:22“, *BibleHub*, sótt 17. desember 2018 af <https://biblehub.com/text/leviticus/18-22.htm>.

⁶⁷ Hartley, John E., *Leviticus*, bls. 283.

⁶⁸ Peter J. Gomes var Bandarískur prédikari, guðfræðingur og prófessor í kristinni siðfræði. Árið 1991 kom hann út sem samkynhneigður og var einn helsti talsmaður samkynhneigðra og breytinga á viðhorfum innan trúarbragða til kynhneigðar.

⁶⁹ Gomes, Peter J., *The Good Book*, bls. 153.

⁷⁰ Harrison, R.K., *Leviticus. An Introduction and Commentary*, bls. 192.

⁷¹ Horner, Tom, *Jonathan Loved David. Homosexuality in the Bible*, Fíladelfía: The Westminster Press, 1978, bls. 22.

en ekki vegna samkynhneigðar sinnar, sem mátti einnig finna meðal hermanna og stríðshetja.⁷² Þannig höfðu kynjahlutverkin mikið vægi í hinni fornu menningu Hebreanna og nágrannaþjóðum þeirra. Í samkynhneigðu kynlífi var ávallt gert ráð fyrir að einn karlmaðurinn tæki að sér hlutverk konunnar, sá sem var viðtakandi innsetningarinnar. Sá missti karllægu stöðu sína og farið var yfir mörk kynjahlutverkanna. Samkynhneigt kynlíf var þannig fordæmt auk klæðaskipta til að viðhalda hefðbundnum kynjahlutverkum í feðraveldissamfélagi þar sem staða kvenna var bágari.⁷³

Hartley kemur ekki með neina gagnrýni á v. 22 né neina aðra mögulega útskýringu. Hann telur að textinn segi skýrt að samkynhneigð sé „viðurstyggð“, verknaður sem að Guð fyrirlítur. Í rauninni telur hann textann vera svo skýran að hann reynir lítið að ritskýra versið eða fjalla um sögulegt samhengi þess. Sjónarmið hans er því nokkuð bókstafslegt. Hann telur samkynhneigð upp með framhjáhaldi og dýraníð sem ónáttúruleg kynferðissambönd sem eru „ruglingsleg og ógeðfeld.“⁷⁴ Hartley heldur því fram að fjölskyldan sé sú eining sem er mikilvægust fyrir trúarlíf einstaklinga. Því verður kirkjan að hlúa að fjölskyldunni með því að vera talsmaður „hefðbundins“ kynlífs. Þannig tekur kirkjan einnig á sig mynd einnar stórrar fjölskyldu sem viðheldur ákveðnum siðferðisgildum.⁷⁵

R. K. Harrison (1920-1993)⁷⁶ fjallar um hvernig samkynhneigð var þekkt og stunduð í Miðausturlöndum, þar á meðal einnig í helgihaldi Mesópótamíu. Lítið er þó til af rituðum heimildum um samkynhneigð frá þessum stað á þessum tíma. Hins vegar er líklegt að samkynhneigð hafi verið dæmd refsiverð af Assýringum. Mögulega var refsingin gelding. Vitað er að í Egyptalandi hafi kynferðisglæpir, þar á meðal samkynhneigð, verið notaðir sem vopn í hernaði.⁷⁷ Harrison virðist almennt benda á að samkynhneigð hafi verið stunduð á þessum tíma, og þó hún hafi ekki verið litin jákvæðum augum hafa orsök hinnar neikvæðu sjónarmiða ekki ávallt verið byggð á sama grunni.

⁷² Horner, Tom, *Jonathan Loved David. Homosexuality in the Bible*, bls. 38.

⁷³ Nissinen, Martti, *Homosexualism in the Biblical World. A Historical Perspective*, bls. 53.

⁷⁴ Hartley, John E., *Leviticus*, bls. 297-299.

⁷⁵ Hartley, John E., *Leviticus*, bls. 300.

⁷⁶ Roland Kenneth Harrison var breskur gamlatestamentisfræðingur. Hann lauk guðfræðinámi sínu í Londonar-háskólanum og varð prófessor í gamlatestamentisfræðum í Toronto-háskólanum árið 1960. Hann kenndi þar þangað til hann fór á eftirlaun árið 1986.

⁷⁷ Harrison, R.K., *Leviticus. An Introduction and Commentary*, bls. 191-192.

Í ritskýringariti sínu byrjar Derek Tidball⁷⁸ á að fjalla um sköpunarsöguna þegar kemur að 3Mós 18.22 Hann nefnir að í upphafi hafi Guð skapað karl og konu. Það er hið rétta, náttúrulega. Aðeins gagnkynhneigð pör geta fjölgað sér og fyllt jörðina líkt og Guð skipaði mannfólkinu að gera. (1Mós 1.28). Samkynja pör geta ekki uppfyllt þetta boð Guðs. Tidball nefnir að almennt séð hafi samkynhneigð því verið álitin röng og neikvæð innan Biblíunnar. Hins vegar hefur það sjónarmið breyst aðeins á síðustu áratugum. Þá hafa textar Biblíunnar verið endurtúlkaðir út frá sjónarhorni samkynhneigðra. Á ensku kallast þessi nálgun *queer bible studies*, eða hinsegin biblíufræði. Innan hinsegin biblíufræðarinnar hefur þetta vers verið sérstaklega miðlægt í stormasamri umræðu. Krafa hinsegin biblíufræða er sú að hinir gömlu textar Biblíunnar séu endurtúlkaðir til að vera nothæfir í nútíma samfélagi, líkt og hefur verið gert með biblíutexta sem fjalla um kúgun kvenna og þrælahald. Ein slík endurtúlkun hefur verið að bannið við samkynhneigð byggist á hefðum Kanaanbúa, þar sem samkynhneigðir vændiskarlar buðu líkama sinn í heiðnum musturum landsins. Þannig gæti þetta bann ekki í raun átt við samkynhneigð í eðli sínu heldur um skurðgoðadýrkun og vændi. Ef að bannið á að standa vegna skipunar Guðs um að fylla jörðina og kröfunni um að viðhalda heilbrigðu fjölskyldulífi, þá má segja að samkynja pör uppfylli þessi skilyrði með ættleiðingu.⁷⁹ Þá mætti einnig benda á að einstæðingar og ófrjóir einstaklingar geta einnig ekki uppfyllt þessi boð Guðs.

Endurtúlkun á alltaf rétt á sér. Við lifum í sífellt breytilegum heimi. Nútíma samfélag er augljóslega alls ekki sambærilegt við þann heim sem einkenndi biblíu-samfélagið. Það eru ákveðnar venjur, hefðir og reglur sem voru boðaðar í Biblíunni sem einfaldlega eiga ekki við í dag. Þá er það hins vegar erfitt að ætla sér að endurtúlka alla texta Biblíunnar þannig að þeir passi inn í nútímann. Sum vers, sum boð, eru börn síns tíma. Stundum er hið rétta í stöðunni ekki að yfirfæra mörg þúsund ára gömul boð yfir á okkar samfélag með breyttum áherslum eða forsendum. Það þarf að viðurkenna að sum vers hafa misst vægi sitt. Tidball virðist grípa í sama streng. Hann segir að nútíma endurtúlkningar grafi undan upphaflega boðskap textans þar sem samkynhneigð er álitin ekki vera Guði þóknanleg og skaðleg fyrir hefðbundið fjölskyldulíf. Tidball segir að afstaða Þriðju Mósebókar til samkynhneigðar sé skýr, hún sé röng og fyrirlitleg. Mikilvægt

⁷⁸ Derek Tidball var breskur guðfræðingur, félagsfræðingur og prestur í endurskírendakirkjunni í Berkhamsted. Hann útskrifaðist úr guðfræði frá Londonar-háskólanum og á árunum 1995-2007 var hann skólastjóri í *London School of Theology*.

⁷⁹ Tidball, Derek, *The Message of Leviticus. Free to be holy*, bls. 225-226.

er þó að taka fram að Tidbull setur þetta ekki fram sem sína persónulegu afstöðu. Markmið ritskýringarits hans er að miðla boðskap Þriðju Mósebókar, hvort sem að hann eða samtímafólk hans sé sammála þeim boðskap.⁸⁰ Gomes nefnir að boð og bönn Þriðju Mósebókar voru sett fram í ákveðnum tilgangi og í ákveðnu menningarsamhengi. Tilgangurinn var uppbygging þjóðar og menningarsamhengið var inngangan í hið fyrirheitna en óþekkt land. Samkynhneigð atferli voru einfallega ógn gagnvart „þjóðfélagslegu einkenni, vernd og fjölgun“ Ísraelsþjóðar.⁸¹

Að lokum má nefna hvernig Samuel E. Balentine (f. 1950)⁸² nálgast umræðuefnið í sínu ritskýringariti. Þar nefnir hann að þó þetta vers sé miðlægt í trúarlegri umræðu um samkynhneigð megi ekki gleyma að versið er aðeins einn lítil hluti í stærra neti sem nær yfir alla umræðuna. Þar á meðal þarf að fjalla um félagsfræði, líffræði, pólitík og fleira sem kemur að lifnaðarháttum mannskepnunnar. Balentine kemur með fjóra grunnpunkta í umræðuna sem hér verður stuttlega gerð grein fyrir.

Í fyrsta lagi er bann á samkynhneigð aðeins eitt bann meðal tuga annarra banna sem finnast í 3Mós 18-20. Þetta ákveðna bann ætti ekki að hafa á neinn hátt meira trúarlegt vægi en önnur bönn kringum það í textanum. „Ef til vill fyrir utan bókstafs-trúarsamfélög, mælum við ekki hlýðni okkar til Guðs með því að drepa börn sem blóta foreldrum sínum.“⁸³ Í öðru lagi eru öllum bönnum í köflum 18 og 20 aðeins beint til karla. Þau voru skrifuð í feðraveldissamfélagi þar sem trúartextar voru ætlaðir körlum. Því er ekki fjallað um samkynhneigð kvenna. Í þriðja lagi bendir orðalagið „eins og legið er með konu“ til að bannið sé aðeins ætlað gagnkynhneigðum körlum sem stunda samkynhneigð atferli. Versið fjallar ekki um samkynhneigð sem varanlegt ástand. Í fjórða og seinasta lagi er nauðsynlegt að muna að bönnin voru sett til að heiðra sköpun Guðs og hvernig kærleiki Guðs á að endurspeglast í verkum sköpunarinnar. Því er það ekki kærleiksríkt að misþyrma og eyða því fólki sem Guð hefur skapað með því að merkja þá sem „óvini Guðs.“⁸⁴ Kærleikur Guðs getur birst okkur í samkynja samböndum rétt eins og í gagnkynhneigðum samböndum.

⁸⁰ Tidball, Derek, *The Message of Leviticus. Free to be holy*, bls. 225-227.

⁸¹ Gomes, Peter J., *The Good Book*, bls. 153.

⁸² Samuel E. Balentine er prófessor í gamlatestamentisfræðum í *Union Presbyterian Seminary*. Hann lauk námi í Oxford-háskólanum og hefur gegnt ýmsum trúnaðarstörfum og ritstýrt ýmsum bókum í vel virtum bókaflokkum, þar á meðal *Smyth and Helwys Bible Commentary* bókaflokknum.

⁸³ Balentine, Samuel E., *Leviticus. Interpretation. A Bible Commentary for Teaching and Preaching*, Ritstj. Luther, James og Miller, Patrick D., Louisville: John Knox Press, 2011, bls. 159.

⁸⁴ Balentine, Samuel E., *Leviticus*, bls. 159.

2.3. Þriðja Mósebók 20.13: Líflát og blóðsök

Líkt og með k. 18 fellur allur tuttugasti kafli Þriðju Mósebókar undir P-heimildina.⁸⁵ Í þeim kafla er einmitt mikið af bönnum k. 18 endurtekin. Hér er hins vegar harðara tekið til máls í flestum tilfellum. Aftur er lagt bann á ýmsar myndir sífjaspells og dýraníðs. Hins vegar bætist hér við að þeir sem brjóta þessi bönn skulu vera teknir af lífi. Það á einnig við um bannið á samkynhneigðu kynlífi. Hartley sagði að kaflinn sé umorðun, á því sem áður var sagt í k. 18 fyrir lýðinn og þá sérstaklega leiðtogana sem áttu að framfylgja þessum refsingum.⁸⁶ Þá sagði Harrison að þessi harðorðaða endurtekning sem birtist í k. 20 sé til að leggja áherslu á hversu alvarlegt hið synduga eðli nágrannaþjóða Ísraels sé í raun.⁸⁷ Kaflar 18-20 mynda þannig heilstæða einingu innan Þriðju Mósebókar þar sem boð og bönn mynda ramman. Balentine sagði að þessi eining fjalli um hvernig það má nálgast heilagleika með því að framfylgja þessum siðferðisreglum sem boðaðar eru í köflunum.⁸⁸

Versið í 3Mós 20.13 er svohljóðandi:

„Leggist karlmaður með karlmanni eins og þegar lagst er með konu fremja þeir báðir viðurstyggilegt athæfi. Þeir skulu báðir líflátnir. Blóðsök þeirra skal koma yfir þá.“

Hér er samkynhneigt kynlíf ekki aðeins fyrirlitlegt atferli, heldur eru þeir sem stunda það réttdræpir. Versið kemur fyrir í textaeyningu innan kaflans sem að fjallar um hin ýmsu kynferðissambönd (v. 10-21). Þá eru það bönnin sem birtast í v. 10-16 sem eru refsiverð með lífláti. Þau atferli sem eru bönnuð þar eru framhjáhald (v. 10), sífjaspell (v. 11-12) samkynhneigð karlmanna (v. 13), hjónaband við konu og móður hennar (v. 14)⁸⁹ og dýraníð (v. 15-16).⁹⁰ Athyglisvert er að benda á að hvorki karlar né konur mega stunda samræði með dýrum. Hins vegar er aðeins samkynhneigð karla fordæmd. Líkt og áður hefur verið tekið fram getur það bent til þess að höfundur eða höfundar textans hafi

⁸⁵ Friedman, Richard Elliott, *The Bible with Sources Revealed*, bls. 222.

⁸⁶ Hartley, John E., *Leviticus*, bls. 332.

⁸⁷ Harrison, R.K., *Leviticus. An Introduction and Commentary*, bls. 203.

⁸⁸ Balentine, Samuel E., *Leviticus*, bls. 167.

⁸⁹ Aðeins við það vers er tekið fram hver aftökuleiðin skal vera: „Hann skal brenndur á eldi ásamt konunum.“ Hartley og Tidball telja báðir líklegt að hér sé hins vegar fremur verið að ræða um að brenna eigi líkin eftir að aftaka hafi átt sér stað.

⁹⁰ Hartley, John E., *Leviticus*, bls. 329.

einfaldlega ekki verið meðvitaðir um samkynhneigð kvenna, eða ekki talið lesbískt kynlíf vera raunverulegt kynlíf þar sem það skorti innsetningu. Versið er nærri samhljóma í B007, B1981 og Viðeyjarbiblíu. Þegar kemur að Guðbrandsbiblíu er sama frávik og átti sér stað í v. 18.22, orðið „svívirðilega“ er notað fyrir „viðurstyggilegt.“

Ritskýrendur fara almennt minna í v. 20.13 þar sem þeir hafa yfirleitt farið dýpra í sama efni þegar fjallað var um v. 18.22. Það eina sem Hartley vildi sagt hafa um versið er:

„Samkynhneigð karlmannna er skilgreind sem תוֹעֲבָה, „eitthvað fyrirlitalegt, ógeðfellt“ (v. 18.22). Slíkur verknaður ber með sér dauðadóm.“⁹¹

Það má telja að Hartley finnist þetta málefni liggja skýrt fyrir og óþarfi að greina frekar það bann sem útskýrir sig sjálf. Harrison fjallaði heldur ekki neitt um textann, sem hann sagði helst til vera endurtekning á k. 18.⁹² Þá tók Balentine umfjöllun um 18.22 og 20.13 saman þar sem bæði versin fjalla um samkynhneigð.

Tidball ber upp áhugaverða spurningu út frá k. 20. Eiga kristnir einstaklingar að styðja dauðarefsingu? Hann nefnir þá þverstæðu að margir kristnir einstaklingar sem að styðja dauðarefsingar vitna í Gamla testamentið sér til stuðnings, þá sérstaklega Þriðju Mósebók. Þeir sem eru hins vegar á móti dauðarefsingunni segja að Kristur hafi afnumið gamla lögmál Hebresku ritningarinnar. Þeir sem vilja framfylgja öllum lögum 3Mós.20 í dag teljast vera öfgafullir og jafnvel siðspilltir þar sem þessi bönn samrýmast ekki lögum og reglum nútímans.⁹³ Samkvæmt Tidball hefur vinsælasta aftökuleiðin á ritunartíma versins verið sú að hinum seka hafi verið hent fram af háum stalli og steinum grýtt niður á hann, ef að fallið hafi ekki drepit hann. Þetta átti að vera mannúðlegasta aftökuleiðin og þar með uppfylling á boði Guðs: „Þú skalt elska náunga þinn eins og sjálfan þig.“ (3Mós 19.18). Tidball vekur þá einnig upp spurninguna um hvort að aftaka geti talist vera mannúðlegri en nútíma lífstíðarfangelsisdómar. Ritskýrandinn hefur í raun lítið um v. 13 að segja. Hann bendir þó réttilega á að k. 20 boðar að báðir aðilar sem taka þátt í verknaðinum eigi að láta lífið, en ekki aðeins sá sem átti frumkvæðið að því. „Þeir skulu

⁹¹ Hartley, John E., *Leviticus*, bls. 339.

⁹² Harrison, R.K., *Leviticus. An Introduction and Commentary*, bls. 206.

⁹³ Tidball, Derek, *The Message of Leviticus. Free to be holy*, bls. 249.

*báðir líflátir.*⁹⁴ Það vekur upp spurninguna um hver hlyti refsinguna ef að um nauðgun væri að ræða, hvort sem það myndi fela í sér samkynhneigð eða sífjaspell.

Áhugavert er að spámenn Gamla testamentisins fjalla ekkert um samkynhneigð, né er málefnið tekið fyrir í Orðskviðunum. Spámennirnir voru duglegir að láta í sér heyra þegar kom að siðferðismálefnum líkt og hættum framhjáhalds. Sama er gert í Orðskviðunum. Þar eru ungir karlmenn einnig varaðir við því synduga atferli sem gæti leitt af því að komast í kynni við konur. Þessi siðgæðisrit nefna þó aldrei samkynhneigð, hvað þá á neikvæðan hátt.⁹⁵ Ljóst er að Heilagleikalögin telja kynlíf tveggja karlmannna vera viðurstyggð því það byggist á óguðlegu atferli Kanaanbúa. Bannið er því af öllum líkindum menningarlegt fremur en trúarlegt. Hugað er um hag Ísraelsþjóðar svo að hún spillist ekki af nágrannaþjóðum sínum.⁹⁶

2.4. Davíð og Jónatan

Biblían hefur þó ekki aðeins verið notuð til að gagnrýna eða fordæma samkynhneigð. Ákveðnir textar hennar hafa verið notaðir til að lýsa jákvæðu sambandi samkynja einstaklinga, hvort sem það samband á að hafa verið rómantískt, kynferðislegt eða aðeins vináttusamband. Samband Davíðs og Jónatans er meðal annars samband sem virðist hafa „hómóerótíska“ undirtóna fyrir nútíma lesendur.⁹⁷ Davíð konungur er ef til vill ein áhrifamesta persóna Gamla testamentisins með Móse og fyrsta mannfólkinu. Ungi drengurinn sem óttalaus og með Guðs hjálp felldi risann Golíat og varð að lokum konungur. Davíð var ekki samkynhneigður. Frásögnin af ástarsambandi hans við Batsebu er vel þekkt, en þá frásögn er að finna í Síðari Samúelsbók 11-12. Þá átti hann fjölda af hjákonum og eiginkonum (2Sam 5.13).⁹⁸

Þó er vert að skoða vel samband hans við Jónatan, son Sáls konungs. Samband þeirra er eitt hið fallegasta sem greint er frá í Gamla testamentinu, og traust Jónatans til Davíðs hefur sannarlega verið mörgum innblástur. Prófessor Gunnlaugur A. Jónsson (f. 1952) hefur rætt náíð samband þeirra í tengslum við hebreska sáttmálahugtakið *berit* sem einnig hefur verið notað um hjónaband og samband Guðs og útvöldu þjóðarinnar þegar kom að birtingamynd af nánu samband í Biblíunni. Þá segir hann að samband

⁹⁴ Tidball, Derek, *The Message of Leviticus. Free to be holy*, bls. 254.

⁹⁵ Barton, John og Bowden, Julia, *The Original Story. God, Israel, and the World*, bls. 82-83.

⁹⁶ Nissinen, Martti, *Homoeroticism in the Biblical World. A Historical Perspective*, bls. 38-39..

⁹⁷ Nissinen, Martti, *Homoeroticism in the Biblical World. A Historical Perspective*, bls. 53.

⁹⁸ Nissinen, Martti, *Homoeroticism in the Biblical World. A Historical Perspective*, bls. 56.

þeirra sé einnig nátengt hebreska hugtakinu *hesed* (í. gæska).⁹⁹ „Sáttmáli er eitt af grundvallarhugtökum Gamla testamentisins.“ Þetta fullyrti Gunnlaugur í bók sinni *Áhrifasaga Saltarans*. Þá sagði hann að sáttmálinn á milli Davíðs og Jónatans í 1Sam 18.3 sé einn þekktasti sáttmáli sem var gerður á milli tveggja einstaklinga, líkt og einnig er lýst í Davíðsálmi 55.21. Sáttmála var einnig líkt við hjónaband, en Hósea spámaður líkti sáttmála Guðs og þjóðarinnar við sitt eigið hjónaband. Sáttmáli tengist því innilegum samböndum líkt og djúpstæðri vináttu eða nánú ástarsambandi.¹⁰⁰ Samband Davíðs og Jónatans hefur verið lýst sem hvoru tveggja.

Svona er fyrstu kynnum þeirra lýst:

„Þegar samtali Davíðs og Sál lauk vingaðist Jónatan við Davíð. Jónatan elskaði hann eins og sjálfan sig. [...] Jónatan gerði sáttmála við Davíð af því að hann elskaði hann eins og sjálfan sig. Jónatan tók af sér yfirhöfnina sem hann bar og gaf Davíð hana. Hann gaf honum einnig herklæði sín, jafnvel sverð sitt, boga og belti.“ (1Sam 18.1-4).

Þarna er strax í upphafi lýst hversu mikill kærleikur var á milli Davíðs og Jónatans. Þegar Sál reyndi að taka Davíð af lífi var Jónatan helsti stuðningsmaður Davíðs og hylmdi yfir því hvar hann faldi sig, í fjöllunum. Jónatan vitjaði hans þar sem „þeir kysstust og grétu báðir en Davíð sýnu meir.“ (1Sam 20.41). Þetta gæti bæði verið saklaus vinakveðja eða samfundur elskhuga. Martti Nissinen (1959)¹⁰¹ hefur gefið til kynna að Sál hafi grunað að sonur hans og Davíð væri elskendur þegar Sál reiðist og segir við Jónatan: „Þú, sonur þrjóskrar og þvermóðskufullrar kvensniftar, heldurðu að ég viti ekki að þú stendur með syni Ísaí, sjálfum þér til skammar og móður þinni sem ól þig?“ (1Sam 20.30.) Skömm móður Jónatans er hins vegar „blygðun“ í B1981 og Viðeyjarbiblíu. Á hebresku er það *תְּלִילָה*,¹⁰² „nekt“ móður þinnar, „nakedness“ á ensku. Þessi vísun í nekt, sem sett er upp í neikvætt kynferðislegt samhengi, telur Nissinen benda til að Sál hafi vitað að Jónatan og Davíð eru ekki aðeins vinir, heldur stunda þeir það sem talið er vera „viðurstyggð“ í Þriðju

⁹⁹ Gunnlaugur A. Jónsson, *Áhrifasaga Saltarans*, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2014, bls. 131.

¹⁰⁰ Gunnlaugur A. Jónsson, *Áhrifasaga Saltarans*, bls. 301.

¹⁰¹ Martti Nissinen er finnskur guðfræðingur sem hefur frá 2007 verið prófessor í gamlatestamentisfræðum í háskólanum við Helsinki. Hann hefur ritað mikið um kynjamál líkt og samkynhneigð, karlmennsku og ástarljóð.

¹⁰² „1 Samuel 20:30“, *BibleHub*, sótt 4. janúar 2019 af https://biblehub.com/text/1_samuel/20-30.htm.

Mósebók. Hins vegar er ekkert sem bendir til að þeir lægju saman líkt og legið er með konu.¹⁰³

Hið nána samband Davíðs og Jónatans þýðir ekki endilega að þeir hafi borið rómantískra tilfinninga til hvors annars, hvað þá verið elskendur. Það sem þó er talið benda til slíks eru viðbrögð Davíðs við dauða Jónatans og föður hans. Þegar konungurinn ljóðræni frétti að feðgarnir höfðu fallið í hernaði „þreif Davíð í klæði sín og reif þau og allir, sem hjá honum voru, fóru eins það. Þeir syrgðu, grétu og föstuðu til kvölds...” (2Sam 1.11-12). Þetta voru hefðbundin sorgarviðbrögð í þessum menningarheimi.¹⁰⁴ Davíð flutti þá harmljóð til heiðurs Sals og Jónatans. Þar er feðgunum lýst sem miklum hetjum sem verða heiðraðir sem slíkir. Þrátt fyrir að fjalla um þá báða er harmurinn yfir dauða Jónatans ráðandi, en fegursti og áhrifamesti hluti ljóðsins, lokaversið, snýr beint að honum. Ljóðið endar á þessum orðum:

„Ég harma þig,
Jónatan, bróðir minn.
Þú varst mér mjög kær,
ást þín var mér undursamlegri
en ástin kvenna.
Hetjurnar eru fallnar,
hervopnin glötuð.“ (2Sam 1.26)

Orðalagið er örlítið öðruvísi í Guðbrandsbiblíu og Viðeyjarbiblíu, en ástarjátningin er eins í B1981. Merkingin helst þó alltaf sú sama. Svona hljómar B1981:

„Sárt trega ég þig, bróðir minn Jónatan, mjög varstu mér hugljúfur! Ást þín var mér undursamlegri en ástir kvenna.“

Viðeyjarbiblían:

¹⁰³ Nissinen, Martti, *Homoeroticism in the Biblical World. A Historical Perspective*, bls. 55.

¹⁰⁴ McCarter, Jr., P. Kyle, *II Samuel. The Anchor Bible*, Ritstj. Albright, William Foxwell og Freedman, David Noel, New York: Doubleday & Company, Inc., 1984, bls. 60.

„Ég kenni til sakir þín, bróðir minn Jónatan! mjög varstu mér indæll, meir mat eg þína elsku, en kvenna elsku.“

Og loks Guðbrandsbiblía:

„Syrgi eg þig, minn bróðir Jónatas. Eg hefi haft stóra gleði og unaðsemd af þér. Þinn kærleiki var mér yndislegri en kvennanna kærleiki.“

Ýmsir hafa túlkað „ást þín var mér undursamlegri/ en ástin kvenna“ sem svo að Davíð sé að lýsa rómantísku sambandi síns og Jónatans. Þó þarf að fara varlega í þeirri umræðu. Í Mið-austurlöndum á þessum tíma voru „ástar“ og „kærleiks“-hugtökin oft notuð í pólitískum skilningi, líkt og þegar unninn var eiður. Dæmi um það er þegar Jónatan vann Davíð eið í 1Sam 20.17, því hann elskaði hann eins og sjálfan sig. Þegar Davíð fjallar um Jónatan í lok harmljóðsins er það hins vegar persónulegasti hluti ljóðsins og erfitt er að neita því að samband Jónatans og Davíðs hafi verið meira en aðeins pólitískt. Þegar kemur að spurningunni hvort að Davíð hafi í raun samið ljóðið telur P. Kyle McCarter, Jr. (f. 1945)¹⁰⁵ það vera mjög líklegt. Harmurinn sem ljóðið lýsir passar vel við harm Davíðs á þessari stundu, en konungurinn á einnig að hafa verið mjög ljóðrænn, enda Davíðsálmarnir kenndir við hann. Þá væri persónulega harmlýsingin yfir dauða Jónatans óviðeigandi frá öðrum en Davíð konungi.¹⁰⁶

Líklegast má fullyrða að flestir biblíufræðingar telja ekki að samband Davíðs og Jónatans hafi verið kynferðislegt. Joyce Baldwin (1921-1995)¹⁰⁷ (*Tyndale Old Testament Commentaries*), Peter R. Ackroyd (1917-2005)¹⁰⁸ (*The Cambridge Bible Commentary on The New English Bible*), A.A. Anderson (*Word Biblical Commentary*), P. Kyle McCarter, Jr. (*The Anchor Bible*) og Walter Bruggemann (*Interpretation*) hafa allir ritað um harmljóð Davíðs í ritskýringaritum sínum um Síðari Samúelsbók í vel virtum ritröðum. Enginn af þeim telur að samband þeirra hafi verið kynferðislegt né rómantískt. Anderson rétt nefnir möguleikann en hafnar honum á þeim grunvelli að gagnkynhneigð Davíðs sé vel þekkt og skráð, og að þessi ástarjátning konungsins sé hluti af ljóði, og er því ekki raunveruleg

¹⁰⁵ P. Kyle McCarter, Jr. er gamlatestamentisfræðingur sem er þekktastur fyrir rit sín um Samúelsbækurnar.

¹⁰⁶ McCarter, Jr., P. Kyle, *II Samuel*, bls. 77.

¹⁰⁷ Joyce Baldwin var breskur evangelískur biblíufræðingur og ein af leiðandi kvenkyns biblíufræðingum samtíma síns.

¹⁰⁸ Peter R. Ackroyd var breskur biblíufræðingur og anglíkanskur prestur.

staðhæfing.¹⁰⁹ Fornir ritstýrendur Hebresku ritningarinnar hafa einnig ekki séð neitt varhugavert við samband Davíðs og Jónatans þrátt fyrir neikvætt viðhorf til samkynhneigðar út frá 3Mós 18.22 of 20.13. Ekkert bannaði tilfinningalega náíð, eða jafnvel líkamlega náíð, samband á milli tveggja karlmannna. Nútíma fólk virðist eiga auðveldara með að finna samkynhneigðra undirtóna í frásögninni.¹¹⁰ Það gæti meðal annars stafað að aukinni þekkingu og umburðarlyndi gagnvart málefnum samkynhneigðra og þeirra sem urðu í gegnum aldirnar að tjá ást sína í leyni.

Robert Alter (f. 1935)¹¹¹ virðist opinn fyrir þeirri túlkun að samband þeirri gæti hafa verið kynferðislegt, þó hann telji sjálfur rökin vera ósannfærandi. Hann segir þó nóg rými vera til staðar til að efast um gagnkynhneigð Davíðs, þar sem sambönd hans við konur voru oftast en ekki hagstæð á pólitískan hátt fremur en að byggjast á tilfinningalegum grunni. Samband hans við Batsebu byggist meðal annars á frumstæðum losta fremur en gagnkvæmri ást. Sambönd milli karlmannna í stríðsmenningu gátu auðveldlega verið sterkari en sambönd milli karla og kvenna.¹¹²

Tom Horner virðist vera einn þeirra sem gengur hvað lengst þegar hann fullyrti að samband Davíðs og Jónatans hafi verið samkynhneigt í bók sinni *Jonathan Loved David: Homosexuality in Biblical Times*. „Það er hins vegar lítið vafamál, nema fyrir þá sem algjörlega neita að trúá því, að samband Davíðs og Jónatans hafi verið samkynhneigt“ skrifaði Horner.¹¹³ Hann sagði það vera fávisku að túlka ástarjátningu Davíðs aðeins sem myndlíkingu. Ást Davíðs og Jónatans hafi verið bæði rómantísk og pólitísk. Horner vill einnig halda því fram að þrátt fyrir að Ísraelsþjóð hafi haft önnuð viðmið þegar kom að kynlífi og kynferði en nágrannaþjóðir þeirra þá væri ómögulegt að halda því fram að Hebrear voru ekki undir áhrifum kynlífssiðfræði þeirra sem bjuggu nálægt þeim. Samkynhneigð atferli voru meira og minna þekkt meðal nágrannaþjóða Hebreanna, hvort sem það var í samhengi gagnkvæmrar ástar, kynlífslostu eða notað sem stríðsvopn.¹¹⁴ Tobias Stanislas Haller¹¹⁵ fullyrti einnig að Davíð og Jónatan voru elskendur. Hann sagði

¹⁰⁹ Anderson, A.A., *2 Samuel. Word Biblical Commentary*. Volume 11, Ritstj. Barker, Glenn W. og Hubbard, David A., Texas: Word Books, Publisher, 1992, bls. 19.

¹¹⁰ Nissinen, Martti, *Homoeroticism in the Biblical World. A Historical Perspective*, bls. 56.

¹¹¹ Robert Alter er bandarískur prófessor í hebresku. Árið 2018 gaf hann út sína eigin þýðingu á Hebresku ritningunni sem tók hann tvo áratugi að klára.

¹¹² Alter, Robert, *The David Story. A Translation with Commentary of 1 and 2 Samuel*, New York og London: W.W. Norton & Company, Inc., 1999, bls. 200-201.

¹¹³ Horner, Tom, *Jonathan Loved David. Homosexuality in the Bible*, bls. 20.

¹¹⁴ Horner, Tom, *Jonathan Loved David. Homosexuality in the Bible*, bls. 20-21.

¹¹⁵ Tobias Stanislas Haller er prestur, vígður af Bræðralagi heilags Gregory (BSG). Hann hefur skrifað fjölda bóka um kristna trú, þar á meðal um samkynhneigð og kynlíf.

það beinlínis koma fram í 2Sam 18.1-6, þar sem Jónatan gerði sáttmála við Davíð því hann elskaði hann svo mikið. Þá hefur verið gefið til kynna að þegar Jónatan gaf Davíð föt sín í því textabroti var hann að gera sig kynferðislega undirgefin fyrir Davíð.¹¹⁶

Horner taldi eitt af því sem gerir það svo erfitt að meta kynhneigð Davíðs og Jónatans er að orðin „gagnkynhneigð“, „samkynhneigð“ og „tvíkynhneigð“ finnast ekki í orðaforða Biblíunnar. Því er í raun aldrei beint út sagt hver kynhneigð þeirra féлага var. Sama hver hún var þá laðaðist Jónatan líklegast að Davíð. Davíð var fagur sýnum, ákveðinn, úrræðagóður og svo ekki sé minnst á mikil stríðshetja. Allt eru þetta kostir sem sonur konungs kynni að meta. Í frásögninni er það Jónatan sem reynir að tæla Davíð. Það stendur ekki á viðbrögðum Davíðs sem tekur þátt í tælingunni fús og viljugur.¹¹⁷ Davíð notfærði sér heldur ekki ást Jónatans sér í hag heldur var ástin gagnkvæm eins og birtist í harmljóði Davíðs.¹¹⁸ Athyglisvert er að, líkt og Nissinen, taldi Horner að reiðikast Sáls gegn Jónatan bendi til þess að konungurinn hafi vitað af kynferðissambandi þeirra. Sál notar hins vegar líkingar til að hylja mál sitt. Hann segir „sonur Ísaí“ þegar hann á við Davíð og „nekt“ þegar hann á við kynlíf þeirra. Þá hélt Horner fram að reiði Sáls hafi ekkert með samkynhneigða samband þeirra að gera, heldur beinist reiðin að því hvern Jónatan er í sambandi við, óvin konungsins, það er að segja Davíð.¹¹⁹ Horner svaraði því einnig hvort að tveir karlmenn geti ekki verið góðir vinir án þess að vera skilgreindir sem samkynhneigðir, líkt og með Davíð og Jónatan:

„Yes, they can. But *when* the two men come from a society that for two thousand years had lived in the shadows of the Philistine culture, which accepted homosexuality; *when* they find themselves in a social context that was thoroughly military in the Eastern sense; *when* one of them—who is the social superior of the two—publicly makes a display of his love; *when* the two of them make a lifetime pact openly; *when* they meet secretly and kiss each other and shed copious tears at parting; *when* one of them proclaims that his love for the other surpassed his love for women—and *all* this is present in the David-Jonathan liaison—we have every reason to believe that a homosexual relationship existed.“¹²⁰

¹¹⁶ Haller, Tobias Stanislas, *Reasonable and Holy. Engaging Same-Sexuality*, New York: Seabury Books, 2009, bls. 144.

¹¹⁷ Horner, Tom, *Jonathan Loved David. Homosexuality in the Bible*, bls. 24-28.

¹¹⁸ Horner, Tom, *Jonathan Loved David. Homosexuality in the Bible*, bls. 34.

¹¹⁹ Horner, Tom, *Jonathan Loved David. Homosexuality in the Bible*, bls. 32-33.

¹²⁰ Horner, Tom, *Jonathan Loved David. Homosexuality in the Bible*, bls. 27-28.

Sama hvort Horner hefur rétt fyrir sér eða ekki hitti hann naglann á höfuðið þegar hann sagði að við lítum ekki á samkynhneigð innan Biblíunnar sömu augum og gert var í Mið-austurlöndum til forna. Við lítum á hana í gegnum fimmtán aldir af hómófóbíu innan hins vestræna heims.¹²¹

Raunin er sú að ómögulegt er að segja um hvort að samband Davíðs og Jónatans hafi verið kynferðislegt eða ekki. Rök eru fyrir báðum hliðum. Erótíkin sem hefur eða hefur ekki átt sér stað gerist í bakgrunni sem við fáum ekki innsýn í. Lesendur eru látnir túlka sjálfir hvað gerist. Hvort sem ungu mennirnir voru elskendur eða ekki breytir það því ekki að samband þeirra hefur reynst fyrirmynd sambanda samkynja para. Þetta voru tveir einstaklingar af sama kyni, tveir karlmenn, sem áttu ekki aðeins tryggt og sterkt samband við hvorn annan heldur elskuðu þeir hvorn annan. Þeir urðu fyrir aðkasti vegna sambands síns en létu það ekki stöðva ást sína. Samband þeirra var ekki aðeins tilfinningalegt heldur líka líkamlegt. Þeir sýndu hvor öðrum ástúð, föðmuðust og kysstust líkt og hefð var fyrir. Ef til vill táknuðu kossar þeirra meira en hefðin gerir ráð fyrir. Þessi biblíufrásaga fordæmir ekki ástir karlmannanna heldur lofar þær og fagnar. Erfitt er að finna hliðstæðu þeirrar fegurðar sem kærleikssamband Davíðs og Jónatans birti lesendum Ritningarinnar.

¹²¹ Horner, Tom, *Jonathan Loved David. Homosexuality in the Bible*, bls. 36.

3. Áhrif í gyðinglegri hefð

**„I’m used to being in the minority.
I’m a left-handed, gay Jew. I’ve never felt,
automatically, a member of any majority.“**

-Barney Frank

3.1. Gyðingleg rit

Innan gyðingdómsins er Hebreska ritningin ekki eina ritið sem hefur trúarlegt vægi. Fjölda annarra rita og fornir rithöfundar hafa haft áhrif á trú, túlkun og hefðir hinna mismunandi stefna innan gyðingdómsins. Hér verður stuttlega gert grein fyrir því hvernig fjallað er um samkynhneigð í Aprókýfuritinu Speki Salómons, í ritum Jósefusar og Fílóns og í hinum gyðinglegu rabbínsku lagaritum..

Apókrýfuritin eru gyðingleg trúarrit sem ekki komust inn í kanón Hebresku ritningarinnar. Þau má finna í íslenskri þýðingu í B2007. Í ritunum eru fleiri dæmi þar sem fjallað er um boð og bönn þegar kemur að kynlífi og kynferði. Í Speki Salómons eru talin upp hin fjölmörgu neikvæðu áhrif hjáguðadýrkunar, en skurðgoðadýrkun var upphafið af spillingu mannfólksins (SSal 14.12). „Kynvilla“ kemur fram í upptalningunni og í framhaldi af því kemur „hjónabandsriftingar, hórdómur og saurlífi.“ (SSal 14.36). Hugtakið kynvilla hefur oftast en ekki verið notað til að lýsa samkynhneigðu atferli. Nissinen bendir þó á að hugtakið „sexual perversion“ (í kynvilla) er þýðing á gríska hugtakinu *genesōs enallagē* sem bókstaflega merkir „að breyta fæðingaraðferð sinni eða getnaði.“ Þannig er ekki beinlínis verið að fjalla um samkynhneigð, þó almennt sé verið að fjalla um kynferðislegar athafnir sem leiða ekki til þungunar.¹²²

Á tímum Nýja testamentisins voru Flavíus Jósefus (37-100) og Fílón frá Alexandríu (20 f.Kr.-50 e.Kr.) meðal helstu gyðinglegu rithöfundanna. Báðir fjölluðu þeir um söguna af Sódómu og töldu boðskapinn vera bann á samkynhneigð. Hins vegar er áætlað að reynsla þessara áhrifamiklu kennimanna af samkynhneigð hafi verið lítilsverð og hafi jafnvel einskorðast við hugmyndir af barnaníð, nauðgun, eða aðrar kynferðislegar athafnir sem einkennast af ofbeldi. Þá fjölluðu þeir um samkynhneigð sem *para physin*, ónáttúrulega. Jósefus skrifaði í ritu sínu *The Antiquities of the Jews* að karlmenn Sódómu höfðu fyllst losta þegar þeir sáu ungu og myndarlegu gesti Lots. Áherslan á að gestirnir séu ungir bendir til þess að Jósefus taldi karlmenn Sódómu sýna merki um barnagirnd:

“But the Sodomites on seeing these young men of remarkably fair appearance whom Lot had taken under his roof, were bent only on violence and outrage to their youthful beauty.”¹²³

¹²² Nissinen, Martti, *Homoeroticism in the Biblical World. A Historical Perspective*, bls. 90.

¹²³ Nissinen, Martti, *Homoeroticism in the Biblical World. A Historical Perspective*, bls. 93.

Fílón taldi að samkynhneigðar kenndir karlmanna stuðluðu að framhjáhaldi, kynjaruglingi og kynsjúkdómum. Hann jafnvel talaði um að samkynhneigt kynlíf spillti ekki aðeins sálum þeirra sem það stunduðu, heldur mannkyninu öllu. Kynlíf tveggja karlmanna gat ekki leitt til barnseignar og stefndi því fjölgun mannkynsins í hættu. Fílón túlkaði bönn Heilagleikalaganna einnig út frá barnaníði, og taldi 3Mós 20.13 banna kynlíf með kvenlegum vændisdrengjum. Í grískri menningu voru þessir vændisdrengir í hávegum hafðir fyrir verk sín og kvenleika, en þau gildi voru talin listræn í menningu Forn-Grikkja. Fílón leit á það sem ónáttúru að gera hið karllega að hinu kvenlega. Fílón og Jósefus gagnrýndu þannig samkynhneigð bæði út frá Hebresku ritningunni og hinnu gyðinglegu hefð en einnig út frá sínum eigin samtíma og tengslum þeirra við hina grísku menningu.¹²⁴

Halaka, eða *הַלָּקָה*, er samansafn gyðinglegra laga. *Halaka* er einskonar útskýring á boðum og bönnum Tórah, lögmáls Gyðinga. Þannig var hægt að útskýra hvernig þessi boð og bönn ættu við í hinu daglega lífa Gyðinga. *Halaka* gerði rabbínnum kleift að ritskýra texta Tórah betur í hinum ólíku aðstæðum, og úr því spratt veigamikil hefð rabbínska lagarita. Þegar fjallað er um samkynhneigð meðal þessara lagarita er yfirleitt fjallað um endaðarmsmök tveggja karlmanna út frá boðum Þriðju Mósebókar en einnig viðmiðum hinnar grísku menningar. Athyglisvert er að sagan um Sódómu er sjaldséð í orðræðunni um samkynhneigð meðal þessara lagarita. Þegar fjallað er um Sódómu er það yfirleitt í samhengi óréttlætis og hroka. Þó er samkynhneigð flokkuð með framhjáhaldi, dýraníði og sífjaspelli í lagaritunum. Sjálfst hugtakið „samkynhneigð“ finnst þó ekki í þessum ritum, fremur en í Hebresku ritningunni. Aldrei er fjallað um samkynja ástarsamband, heldur aðeins kynlíf karlmanna. Samkvæmt hinum rabbínsku lögum átti yfirleitt að refsgerandanum í hverjum glæp, og þegar kom að kynlífi var hann sem sá um innsetninguna gerandinn. Hins vegar átti að refs bæði gerandanum og viðtakandanum, þar sem það var túlkað sem svo að viðtakandinn væri vændisdrengur sem leitaði að karlmanni til að stunda kynlíf með. Því væri sökin einnig hjá honum.

Rabbínsku lagaritin töldu kynlíf ekki aðeins nauðsynlegt fyrir barnseignir, heldur einnig til að viðhalda nánd og unaði í ástarsambandi. Þannig var kynlíf innan hjónabands litið jákvæðum augum svo lengi sem það var „náttúrulegt“ og spillti ekki sæðinu, það er að segja svo lengi sem sæðið endaði í leggöngum konunnar. Þar með lýsti rabbínsku

¹²⁴ Nissinen, Martti, *Homoeroticism in the Biblical World. A Historical Perspective*, bls. 93-97.

lagaritin almennri fyrirlitningu á samkynhneigðu atferli, sem talin voru heiðin. Þá var það verknaðurinn sjálfur sem var fordæmdur, en viðurkennt var að karlmaður gat borið erótískar tilfinningar til annarra karlmannna. Rabbínsk lagarit fjalla lítið sem ekkert um samkynja kynlíf kvenna. Í fyrsta lagi er ekkert fjallað um það í Tórah, og í öðru lagi litu fræðimenn Gyðinga ef til vill ekki á það sem raunverulegt kynlíf þar sem engin innsetning fór fram. Hins vegar má finna bönn við hjónabandi kvenna og atferlum þar sem konur nota gervi getnaðarlim, en bæði var þekkt úr menningarheimi Egypta og Kanaanbúa. Líklega hefur samkynhneigð kvenna ekki verið talin ógnandi fyrir almennt siðferði Ísraelsbúa, þó telja megi að rabbínar hafi ekki litið á það atferli jákvæðum augum.¹²⁵

3.2. Nútíma viðhorf

Allt frá sjötta áratug síðustu aldar hefur verið mikið umtal um samkynhneigð innan gyðingdóms í Bandaríkjunum. Afleiðingarnar hafa meðal annars verið stofnanir sýnagóga sem leggja áherslu á að þjónusta samkynhneigða.¹²⁶ Beth Chayim Chadashim (sem þýðir „lífsins hús“) sýnagógan í Los Angeles var fyrsta sýnagógan sem var stofnuð og rekin af samkynhneigðum Gyðingum með það sérstaka markmið að ná til hinsegin Gyðinga og tilbiðja Guð samkvæmt hefðum og venjum gyðingdómsins.¹²⁷ Þegar umræðan hófst einkenndist hún bæði af jákvæðum og neikvæðum röddum. Margir vel virtir fræðimenn fullyrtu að samkynhneigð væri ekki boðleg fólki Guðs. Rabbíninn Robert Gordis (1908-1992)¹²⁸ túlkaði söguna um Sódómu jafnvel á þann hátt að samkynhneigð væri verri en nauðgun, og dáði Lot fyrir að bjóða dætur sínar karlmönnum Sódómu. Gordis var einnig meðal þeirra sem taldi samkynhneigð vera geðsjúkdóm sem hægt væri að laga, jafnvel eftir að *American Psychological Association* fjarlægði samkynhneigð af lista sínum yfir geðsjúkdóma árið 1973. Rabbíninn Hershel Matt (1922-1987)¹²⁹ var meðal þeirra sem hafnaði því að samkynhneigð væri synd eða glæpur, þar sem ekki væri hægt að benda á hvað olli samkynhneigðum kenndum í mannfólkinu. Dr. Ellen M. Umansky (f. 1950)¹³⁰

¹²⁵ Nissinen, Martti, *Homoeroticism in the Biblical World. A Historical Perspective*, bls. 97-101.

¹²⁶ Bænahús Gyðinga.

¹²⁷ „About BBC“, *Beth Chayim Chadashim*, 2013, sótt 14. janúar 2019 af <http://bcc-la.org/about/>.

¹²⁸ Robert Gordis var bandarískur íhaldssamur rabbíni og kenndi gyðingleg-fræði frá 1940 allt til síns dauðadags.

¹²⁹ Hershel Matt var bandarískur rabbíni sem lagði mikla áherslu á gyðinglegan siðferðisboðskap. Hann var einn fyrsti karlmaðurinn til að styðja að konur fengu inngöngu í *Jewish Theological Seminary*. Hann var einnig virkur í réttindabaráttu samkynhneigðra.

¹³⁰ Ellen M. Umansky hefur verið prófessor í gyðinglegum-fræðum við Fairfield-háskólann í Connecticut síðan 1994.

hefur verið mjög gagnrýnin á samtíma umræðu um samkynhneigð meðal Gyðinga, sem hún hefur sagt einkennast af hómófóbíu og aðgreiningu. Þá gagnrýndi hún Gordis sérstaklega fyrir boðun sína um að viðurkenning á samkynhneigð meðal samfélagsins leiði að viðurkenningu á öllu kynferðislegu blæti sem gæti haft skaðleg áhrif á siðferðisvitund mannsins, líkt og sadó-masókisma. Umansky telur þetta viðhorf byggjast af mörgu leyti á ótta á hrúni hinnar hefðbundnu gyðinglegu fjölskyldu. „Hver samkynhneigður Gyðingur tákna einn færri mögulegan foreldra.“ Samkynhneigð er þó ekki meiri hætta fyrir „hefðbundið fjölskyldulíf“ en skilnaður og heimilisofbeldi.¹³¹

Áður en gyðinglegir trúarleiðtogar og fræðimenn hófu markvissa umræðu um samkynhneigð eftir „kynlífsbyltingu“ sjöunda áratugarins tóku hinir almennu samkynhneigðu Gyðingar skarið og skrifuðu um reynslu sína. Það var upphafið að bylgju af greinum, ritum og prédikunum um gyðingdóm og samkynhneigð þar sem öll sjónarmið komu fram. Hinir íhaldssömu töldu samkynhneigð ekki sambærilega við hina gyðinglegu trú og vitnuðu í Tórah og hefðirnar. Hinir frjálsslyndu töldu mikilvægt að hefðirnar tæku breytingum svo þær hefðu rými fyrir þá sem laðast að sama kyni og þeir sjálfir.¹³² Umbótarabbíninn Sanford Ragins sagði sjálfur: „Arfleifð okkar er ekki takmörkuð við... Þriðju Mósebók.“¹³³ Hugmyndin um fjölskyldu og arfleifð hefur ávallt verið sterk meðal Gyðinga. Matt sagði að þeir Gyðingar sem ekki eignast börn hafni sögu fólksins síns og hafni þar með hinum gyðinglega sáttmála. Þessum orðum sínum beindi hann sérstaklega að samkynhneigðum. Matt viðhélt þó ekki hinu forna biblíulega hugarfari að samkynhneigðir gætu ekki uppfyllt stöðu sína sem Gyðingar, heldur hvatti hann samkynhneigða til barneigna.¹³⁴

Þrátt fyrir ósamræmi í trúarlegri afstöðu til samkynhneigðar hefur almennt verið samstaða um lagalega afstöðu. Árið 1972 samþykkti æðsta ráð rabbína (*Board of Rabbis*) í San Francisco að allar kynlífsathafnir sem fullorðnir einstaklingar framkvæma af frjálsum vilja og í einrúmi ættu að vera löglegar. Jafnvel Gordis hélt því fram að samkynhneigð ætti ekki að vera refsiverð á lagalegum grundvelli. Lagaleg viðurkenning var leið margra rabbína til að halda deilunni um samkynhneigð frá hinu trúarlega rými. Vonin

¹³¹ Umansky, Ellen M., „Jewish Attitudes towards Homosexuality: A Review of Contemporary Sources“, *Que(e)rying Religion. A Critical Anthology*, Ritstj. Comstock, Gary David og Henking, Susan E., New York: The Continuum Publishing Company, 1997, bls. 181-187, hér bls. 181-186.

¹³² Kahn, Yoel H., „Judaism and Homosexuality: The Traditionalist/Progressive Debate“, *Journal of Homosexuality* 18:1989, bls. 47-82, hér bls. 48-54.

¹³³ Kahn, Yoel H., „Judaism and Homosexuality“, *Journal of Homosexuality* bls. 59.

¹³⁴ Kahn, Yoel H., „Judaism and Homosexuality“, *Journal of Homosexuality* bls. 71.

byggðist á að þegar samkynhneigðir hefðu öðlast full lagaleg réttindi, þar á meðal til að giftast borgaralega, myndu þeir ekki sækjast eftir trúarlegum athöfnum.¹³⁵ Þessi afstaða má teljast vera afar furðuleg frá trúarleiðtogum þar sem hún gerir lítið bæði úr trúarþörf safnaðarmeðlima sem og menningarlegu og persónulegu vægi hinna trúarlegu athafna. Hebreska hugtakið *kiddushin* táknar hið heilaga gyðinglega hjónaband, sem er hluti af sáttmála Guðs við Gyðinga. Það sem einkennir *kiddushin* er gagnkvæm ást og virðing, atriði sem að samkynhneigð pör geta vel uppfyllt. Hjónaband samkynhneigðra styrkir vissulega sáttmálann en veikir hann ekki. Það getur ekki verið vilji Guðs að samkynhneigðir einstaklingar verða að lifa í skömm og þunglyndi því þeir þurfa að fela hverjir þeir eru í raun og veru. Í stuðningsríkum og kærleiksfullum samböndum geta einstaklingar vaxið og dafnað sem persónur, sem manneskjur og sem Gyðingar.¹³⁶

3.3. Rétttrúnaðargyðingar og umbótasinnar

Kristindómurinn skiptist niður í fjölmargar kirkjudeildir. Jafnvel hér á landi voru skráð yfir 25 kristin trúfélög í ársbyrjun 2019.¹³⁷ Hérlandis er þó ekkert gyðinglegt trúfélag skráð þó að vissulega sé hér samfélag Gyðinga. Margir vilja líta á gyðingdóminn sem eina heild, en staðreyndin er sú að rétt eins og kristindómurinn skiptist gyðingdómurinn í fjölda stefna. Hérna verður gerður samanburður á viðhorfum tveggja gyðinglegra stefna til samkynhneigðar, rétttrúnaðargyðinga (e. *Orthodox Jews*) og umbótasinna (e. *Reform Jews*).

Umbótasinnar eru almennt frjálslýndari en rétttrúnaðargyðingar. Þeir leggja meiri áherslu á að aðlaga sig að nútímanum en að halda í ströngustu lög Tórah. Sem dæmi um framsækna hugsjón hjá umbótasinum er áhersla á jafna stöðu kynjanna. Þeir telja að bæði karlar og konur geti verið rabbínar. Þá eru þeir einnig reiðubúnir að viðurkenna samkynhneigða rabbína. Rabbínar innan umbótastefnunnar líta ekki á samkynhneigða Gyðinga sem syndara, heldur sem fólk sem þurfa sömu trúarlegu næringu á að halda og gagnkynhneigðir.¹³⁸ Þá er alls ekki talið að gyðinglegu samfélagi og fjölskyldum stafi hætta af samkynja pörum. Þvert á móti geta samkynja pör verið traustur grundvöllur fyrir fjölskyldueiningu og þar með styrkt hið gyðinglega samfélag. Því leggja margir

¹³⁵ Kahn, Yoel H., „Judaism and Homosexuality“, *Journal of Homosexuality* bls. 57-58.

¹³⁶ Kahn, Yoel H., „Judaism and Homosexuality“, *Journal of Homosexuality* bls. 75-77.

¹³⁷ „Listi yfir skráð trúfélög og lífsskóðunarfélög“, *Sýslumenn*, sótt 15. janúar 2019 af

<https://www.syslumenn.is/thjonusta/utgefin-leyfi/listi-yfir-skrad-trufelog-og-lifsskodunarfelog/>.

¹³⁸ Kaplan, Dana Evan, *American Reform Judaism. An Introduction*, New Jersey: Rutgers University Press, 2003, bls. 218.

umbótasinnar sig fram við að styðja samkynja pör í köllun sinni að blessa samband sitt í hinu gyðinglega helgihaldi og lifa eftir hinum gyðinglegu venjum og hefðum.

Það er þó alls ekki einhugur um þetta málefni, jafnvel ekki meðal umbótasinna. Þrátt fyrir að styðja samkynja sambönd og lífnaðarhætti þá telja einstaka umbótarabbínar að hjónaband sé aðeins fyrir gagnkynhneigð pör. Þeir sem viðhalda þessari skoðun geta þó talist frjálslyndari en flestir aðrir gyðinglegir trúarleiðtogar. Rabbíninn Valerie Lieber¹³⁹ lýsti bjartsýnu viðmóti í byrjun aldarinnar þegar hún sagði: „We have gone beyond a time of tolerance and acceptance to a time of embracing the souls of gay and lesbian jews.“¹⁴⁰ Fyrstu opinberu afstöður umbótasinna einkenndust þó af íhaldsamara viðhorfi en í dag. Umbótarabbíninn Solomon B. Freehof (1892-1990)¹⁴¹ talaði fyrir því árið 1969 að það þyrfti að standa vörð um hreinleika Gyðinga. Hann átti þar við að Gyðingar ættu ekki að taka þátt í samkynhneigðu atferli.¹⁴² Freehof var í raun einn helsti andmælandi samkynhneigðra inna umbótahreyfingarinnar á sjöunda og áttunda áratug síðustu aldar. Hann var meðal annars á móti Beth Chayim Chadashim sýnagógunni. Rök hans voru að samkynhneigðir væru syndarar, og líkt og allir syndarar væru þeir velkomnir í allar venjulegar sýnagógur. Ragins taldi hins vegar að það ætti að vera boðið upp á söfnuð fyrir samkynhneigða svo lengi sem samkynhneigðir væru ekki velkomnir í aðrar sýnagógur. Hann sagði jafnvel að það ætti að loka þeim sýnagógum sem ekki biðu alla Gyðinga velkomna. Árið 1981 gaf hópur umbótarabbína frá sér yfirlýsingu um að kynhneigð hefði ekkert vægi þegar kæmi að stöðu fólks sem Gyðingar.¹⁴³ Samtökin *Religious Action Center of Reform Judaism* (RAC) vinna að réttinda- og samfélagsmálum sem að koma ekki aðeins umbótasinum við heldur samfélaginu öllu til að stuðla að réttlátari heimi. Samtökin hafa verið virk í réttindabaráttu hinsegin fólks og á heimasíðu þeirra má finna helstu samþykktir um þau mál, svo sem um hjónavígslu samkynja para. Þar kemur fram að árið 2000 hafi *Central Conference of American Rabbis* samþykkt að hjónavígsla samkynhneigðra væri lögmæt innan Gyðingdómsins.¹⁴⁴

¹³⁹ Valerie Lieber hefur verið rabbíní við *Kane Street* sýnagóguna síðan 2008 þar sem hún sér bæði um helgihald, fræðslu og hebreskukennslu. Hún lærði rabbínsk-fræði í Jerúsalem og tók vígslu sína árið 1995.

¹⁴⁰ Kaplan, Dana Evan, *American Reform Judaism. An Introduction*, bls. 224-225.

¹⁴¹ Solomon B. Freehof var breskur rabbíní sem hafði mikil áhrif á umbótahreyfingu gyðingdómsins. Þar á meðal átti hann þátt í að móta litúrgíu umbótastefnunnar.

¹⁴² Kahn, Yoel H., „Judaism and Homosexuality“, *Journal of Homosexuality* bls. 54.

¹⁴³ Kahn, Yoel H., „Judaism and Homosexuality“, *Journal of Homosexuality* bls. 58-60.

¹⁴⁴ „LGBTQ Rights and Position of the Reform Movement“, *Religious Action Center of Reform Judaism*, sótt 20. janúar 2019 af <https://rac.org/lgbtq-rights-and-position-reform-movement>.

Opinberar yfirlýsingar umbótasinna um viðurkenningu gyðingdómsins á samkynhneigð hefur sætt mikilli gagnrýni frá rétttrúnaðargyðingum. Bandarísku rétttrúnaðarsamtökin *Agudah Israel* lýstu því yfir að umbótasinnar gæfu ranga mynd af Gyðingum með staðhæfingum um að allir Gyðingar viðurkenndu nú samkynhneigð. *Agudah Israel* eru bókstafstrúarsamtök sem telja Tórah vera algilt lögmál sem ekki sé hægt að umbreyta eftir breytilegum stefnum og straumum veraldlega samfélagsins. Samtökin hafa lagt áherslu á að Tórah fordæmi samkynhneigð sem synd sem Gyðingdómurinn ætti aldrei að viðurkenna. Fyrir mörgum rétttrúnaðargyðingum var viðurkenning umbótasinna á samkynhneigð enn eitt dæmið um hversu langt þeir hafa í raun vikið af vægi hins sanna gyðingdóms.¹⁴⁵

Rétttrúnaðargyðingar hafa upp til hópa viðhaldið íhaldssömu viðhorfi til samkynhneigðar. Íhaldssama viðhorfið getur þó verið mismunandi, sem dæmi um hvort að samkynhneigð sé almennt fordæmd eða aðeins samkynhneigð atferli. Þá er sérstaklega verið að fjalla um endaparmsmök karlmanna, sem eru einu samkynhneigðu atferlin sem eru fordæmd í Biblíunni. Það er yfirleitt ekki umdeilt meðal rétttrúnaðargyðinga að 3Mós 18.22 og 3Mós 20.13 fordæmi karlkyns samkynhneigð. Margir rabbínar innan rétttrúnaðargyðingdóms veita samkynhneigðum Gyðingum stuðning og sálgæslu, þar sem þeir eru hvattir til að láta ekki undan kynferðislegum löngunum sínum. Þessir rabbínar, líkt og Shmuel Kamenetsky (f. 1924),¹⁴⁶ líta á samkynhneigða sem fórnarlömb. Það á ekki að hafna þeim út af kynhneigð sinni heldur bjóða þá velkomna í samfélagið og styðja þá. Guð er miskunnsamur og mun fyrirgefa, því á söfnuðurinn einnig að fyrirgefa. Þetta viðhorf byggist á því að samkynhneigðir geti stjórnað kynhneigð sinni og byrgt hana inni.¹⁴⁷

Þetta viðhorf hefur verið misnotað meðal annars af gyðinglegu samtökunum *JONAH (Jewish Offering New Alternatives for Healing)*. Samtökin höfðu ítök meðal ýmissa samfélaga rétttrúnaðargyðinga, en þau gengu út á það að „lækna samkynhneigða af samkynja tilfinningum sínum.“ Samtökin gengu út frá því að samkynhneigð væri læknanlegur sjúkdómur. Samtökin voru gríðarlega umdeild og voru jafnvel kærð fyrir

¹⁴⁵ Kaplan, Dana Evan, *American Reform Judaism. An Introduction*, bls. 225.

¹⁴⁶ Shmuel Kamenetsky er litháískur rabbíni. Hann er einn þekktasti og virtasti *Haredi*-Gyðingur samtímans.

¹⁴⁷ Rapoport, Chaim, „Judaism and Homosexuality: An Alternate Rabbinic View”, *Hakirah* 13:2012, bls. 29-46, hér bls. 30-35.

svik.¹⁴⁸ Það þekktist enn í dag meðal rétttrúnaðargyðinga að litið sé á samkynhneigð sem læknanlegan sjúkdóm, þó það eigi alls ekki við um þá alla. Í öðrum stefnum rétttrúnaðargyðinga er samkynhneigð jafnvel hafnað sem sjálfsblekkingu eða samfélagslegri uppreisn. Í dag er hins vegar ráðandi sjónarmið að samkynhneigðir einstaklingar séu hluti af trúarsamfélagi Gyðinga. Þó samkynhneigð sé syndug eru allir syndarar velkomnir í sýnagógurnar.¹⁴⁹

Encyclopaedia Judaica er 26 binda uppflettirit sem á að veita almenn svör um hin ýmsu atriði gyðingdóms. Þar er farið yfir hefðir, trú, menningu, helgisiði, helgirit, tungumál, fræðifólk, trúarleiðtoga, stefnur og strauma gyðingdóms. Í níunda bindinu er fjallað um samkynhneigð á rétt tæplega einni blaðsíðu. Strax í upphafi er samkynhneigð karla skilgreind sem kynvilla (e. *sexual perversions*) sem er fordæmd í Þriðju Mósebók. Þeir sem stunda samkynhneigð atferli eiga að sæta dauðarefsingu, nema þeir sem ekki hafa náð þrettánda aldursári. Samkvæmt gyðinglegri hefð eru þeir lausir undan dauðarefsingum. Þá er fullyrt að synd Sódómu hafi í raun verið samkynhneigð. Þrjú hefðbundin rök eru sett fram í umfjölluninni til að gagnrýna samkynhneigð. Í fyrsta lagi bannar Tórah samkynhneigð, í öðru lagi spillir það sæðinu og í þriðja lagi er samkynhneigð skaðlegt fjölskyldulífinu þar sem samkynhneigðir karlmenn yfirgefa eiginkonur sínar. Þetta sjónarmið er hefðbundið fyrir rétttrúnaðargyðinga, en höfundur textans er Immanuel Jakobovits (1921-1999),¹⁵⁰ rétttrúnaðarrabbíni. Það var ekki fyrr en í annarri útgáfu af ritröðinni að, eftir skilgreiningu Jakobovits, var því bætt við að eftir „kynlífsbyltinguna“ á sjöunda áratugnum hafi viðhorf til samkynhneigðar breyst á margan hátt. Á meðan samkynhneigð var enn í ónáð hjá rétttrúnaðargyðingum voru frjálslýndari söfnuðir opnari fyrir samkynhneigðu safnaðarfólki og jafnvel hjónaböndum.¹⁵¹

Það var einnig ekki fyrr en í annarri útgáfu að umfjöllun bættist við um lesbíur. Þar er bent á að lesbíur voru nær ósýnilegar í gyðinglegum samfélögum allt að 20. öld. Í *Sifra*, fornu ritskýringariti á Þriðju Mósebók er samkynhneigð kvenna fordæmd. Það er

¹⁴⁸ Eckholm, Erik, „In a First, New Jersey Jury Says Group Selling Gay Cure Committed Fraud“, *The New York Times*, 25. júní 2015, sótt 17. janúar 2019 af https://www.nytimes.com/2015/06/26/nyregion/new-jersey-jury-says-group-selling-gay-cure-committed-fraud.html?_r=0.

¹⁴⁹ Feit, Alison og Slomowitz, Alan, „Does God Make Referrals? Orthodox Judaism and Homosexuality“, *Journal of Gay & Lesbian Mental Health* 191, 2015, bls. 100-111, hér bls. 100-102.

¹⁵⁰ Immanuel Jakobovitz var rabbíni og æðsti leiðtogi Breska rétttrúnaðarsafnaðarins *United Hebrew Congregations of the Commonwealth* á árunum 1967-1991. Árið 1981 hlaut hann riddaratign drottningar.

¹⁵¹ Jakobovits, Immanuel, „Homosexuality“, *Encyclopaedia Judaica. Second Edition. Volume 9. Her-Int*, Ritsj. Skolnik, Fred og Berenbaum, Michael, Detroit: Thomson Gale, 2007, bls. 516.

byggt á því að Hebrear eigi ekki að taka þátt í heiðnu atferli Egypta og íbúa Kanaans, þar sem samkynhneigð bæri karla og kvenna var stunduð og jafnvel viðurkennd. Talmúd nefnir ekki lesbísk hjónabönd en fordæmir hins vegar *mesolelot*, sem er þegar konur nudda kynfærum sínum saman. Þó voru þær sem stunduðu *meolelot* enn taldar verðugar þess að giftast rabbínunum, og því var verknaðurinn ekki talinn svipta konum meydómi sínum. Höfundur umfjöllunarinnar, Rebecca Alpert (f. 1950)¹⁵², fer í stuttu máli yfir sögu lesbískra Gyðinga á síðustu öldum. Einn af hápunktunum var á áttunda áratug síðustu aldar þegar kvenkyns umbótarabbínar líkt og Stacy Offner, Linda Holtzman og hún sjálf opinberuðu lesbíska kynhneigð sína. Lesbíur finnast þó auðvitað ekki aðeins meðal umbótasinna í gyðingdómi. Hópur lesbía innan rétttrúnaðargyðingdóms hafa komið fram í Bandaríkjunum og Ísrael sem kalla sig *Orthodykes*.¹⁵³ Alpert endar umfjöllun sína með því að leggja áherslu á hversu tímarnir hafa breyst hratt á síðustu öld. Lesbíur í dag biðja ekki aðeins um umburðarlyndi heldur einnig viðurkenningu á gildi samkynhneigðar fyrir gyðingdóminn.¹⁵⁴

Síðustu fimm áratugir hafa umbreytt umræðunni um samkynhneigð innan gyðingadóms hjá nærri öllum stefnum. Almennt er ekki litið á samkynhneigð sem sjúkdóm í dag, og vilji er fyrir gefandi samtal um stöðu samkynhneigðra innan trúarinnar. Íhaldssemin var áður ráðandi en aukið frjálslýndi hefur einkennt umræðu síðari ára. Aukin sátt og umburðarlyndi finnst meðal umbótasinna. Meðal rétttrúnaðargyðinga er íhaldssemin enn ráðandi, þó að afstaða meðal þeirra sé hins vegar mjög mismunandi, rétt eins og um flest öll trúarleg siðferðismál.

¹⁵² Rebecca Alpert er bandarískur lesbískur rabbíni. Áherslur hennar hafa verið á kynferði innan gyðingdóms.

¹⁵³ Orðaleikur á ensku orðunum „orthodox“ (í rétttrúnaður) og „dykes“ (slangur yfir lesbíur).

¹⁵⁴ Alpert, Rebecca, „Lesbianism“, *Encyclopaedia Judaica. Second Edition. Volume 12. Kat-Lie*, Ritsj. Skolnik, Fred og Berenbaum, Michael, Detroit: Thomson Gale, 2007, bls. 660-661, hér bls. 660-661.

4. Áhrif í kristinni hefð

**„There’s nothing wrong with being gay.
I have plenty of friends who are going to hell.“**

-Stephen Colbert

4.1. Samkynhneigð og kirkjan: Almenn umfjöllun

Orðræðan um réttindi og stöðu samkynhneigðra er líklegast eitt helsta umdeilumál kristinna kirkjudeilda í dag. Gomes lýsti umræðunni um samkynhneigð í dag við umræðuna um þrælahaald meðal kristinna Bandaríkjamanna hér öldum áður. Þá hefur hann einnig fjallað um afstöðu kristindómsins til samkynhneigðra sem „síðustu fordómanna.“¹⁵⁵ Gomes hefur bent á þá hræsni þegar kristnir einstaklingar vilja fordæma samkynhneigða vegna textanna í Þriðju Mósebók en telja sig ekki þurfa að fylgja öðrum boðum og bönnum bókarinnar vegna frelsunarboðskap Krists. Staðreyndin er sú að við búum ekki lengur í fyrirheitna landinu. Menning og guðfræði kristindómsins er allt önnur en gyðingdómsins á tímum Móse.¹⁵⁶

Besta leiðin til að breyta afstöðu okkar til samkynhneigðar er að breyta viðhorfi okkar til kennivalds Biblíunnar. Það er ekki raunhæft að nota mörg þúsund ára gamalt rit sem kennslubók um nútíma kynhneigðir og kyngervi. Höfundar Biblíunnar fjölluðu aldrei um samkynhneigð út frá gagnkvæmu tilfinningalegu ástarsambandi tveggja fullráðna einstaklinga. Þeirra afstaða til samkynhneigðra byggðist að mestu á vitneskju um vændi, misnotkun og barnaníð. Þessi atriði einkenna þó samkynhneigð ekkert fremur en gagnkynhneigð. Gomes fullyrta að „vandamálið sé ekki Biblían heldur hinir kristnu sem lesa hana.“¹⁵⁷ Victor Paul Furnish (f. 1931)¹⁵⁸ tók í sama streng. Hann benti réttilega á að það sé í raun ómögulegt að boða það að Biblían sé með eina ákveðna skoðun gagnvart samkynhneigð. Ritunartími Ritningarinnar var mörg hundruð ár og margir mismunandi höfundar og ritskýrendur komu að henni. Auðvitað voru þeir ekki einhuga þegar kom að guðfræðilegum eða siðferðislegum málefnum. Því er ekki hægt að fullyrða hver afstaða Gamla testamentisins sé til samkynhneigðra, hvað þá Biblíunnar allrar. Þá höfðu höfundar Biblíunnar ekkert heiti yfir það sem í dag er kallað samkynhneigð, enda er í raun ekki fjallað um samkynhneigð í Biblíunni heldur vændi og misnotkun.¹⁵⁹ Textar Biblíunnar eru meira og minna miðaðir við ákveðnar menningaraðstæður og boða samfélagslega og vísindalega hugmyndafræði sem stenst ekki skoðun í dag. Furnish sagði

¹⁵⁵ Gomes, Peter J., *The Good Book*, 144-145.

¹⁵⁶ Gomes, Peter J., *The Good Book*, bls. 154.

¹⁵⁷ Gomes, Peter J., *The Good Book*, bls. 161-162.

¹⁵⁸ Victor Paul Furnish var bandarískur guðfræðingur, sem auk guðfræði hefur gráðu í listasögu og heimspeki. Hann var prófessor í nýjatestamentisfræðum við *Southern Methodist University* í Dallas.

¹⁵⁹ Furnish, Victor Paul, „The Bible and Homosexuality: Reading the Texts in Context“, *Homosexuality in the Church. Both Sides of the Debate*, Ritstj. Siker, Jeffrey S., Louisville: Westminster John Knox Press, 1994, bls. 18-35, hér bls. 18.

Það sérstaklega eiga við um orðræðu Biblíunnar um kynlíf, sem byggist á lögum forns feðraveldissamfélags.¹⁶⁰ Þessi boð eiga því ekki að vera algild viðmið fyrir kristna kirkju nútímans. Kristin túlkun á Biblíunni hefur óumdeilanlegar einkennst af hómófóbíu og fordómum, meðal annars með því að túlka synd Sódómu sem samkynhneigð. Frekar ætti kirkjan að styðjast við orð Esekíels:

„Sekt Sódómu, systur þinnar, var að hún og dætur hennar lifðu í allsnægtum og bjuggu í makindum en réttu hinum fátæku og hjálparlausu ekki hjálparhönd. Þær urðu drambsamar og unnu viðbjóðsleg verk frammi fyrir mér. Þess vegna hafnaði ég þeim eins og þú hefur sérð.“ (Esk 16.14-50)

Fyrir Esekíel er því hugmyndin um Sódómu samborin við hugmyndina um samfélagslegt óréttlæti. Vegna þessarar mistúlkunar hafa samkynhneigðir orðið fórnarlömb óréttlætis og misþyrmingar í nafni kristindómsins. Kaldhæðnin er sú að samkynhneigðir hafa þar með orðið fórnarlömb raunverulegra glæpa Sódómu vegna þessarar mistúlkunar. Á meðan kirkjan reyndi að láta hina samkynhneigðu finna til skammar fyrir kynhneigð sína leyndist skömmin hjá kirkjunni sjálfri.¹⁶¹

Raunin er sú að „skömmin“ liggur að mörgu leyti hjá hinum svokölluðu kirkjufæðrum. Meðal þekktustu kirkjufæðranna eru Ágústínus frá Hippó (354-430). Órígenes frá Alexandríu (184-253) og Tertúllíanus (155-240). Þessir umbyltingarmenn, sem lögðu grunninn að kenningum kristinnar kirkju um allan heim, áttu sinn þátt í að boða kynferðislega skömm. Þeir fjölluðu um muninn á „kristnu kynlífi“ og „heiðnu kynlífi“, þar sem hið fyrrnefnda byggðist á ströngum siðferðisboðum. Kirkjufæðurnir boðuðu að kynferðislegur losti væri syndsamlegur. Kynlíf var ekki til að njóta, heldur var eini tilgangur þess að fjölga mannkyninu. Sjálfur Ágústínus boðaði að mannfólkið ætti að skammast sín vegna kynfæra sinna. Hann notaði jafnvel Davíðsálm 51.7: „Sjá, sekur er ég fæddur,/ syndugur er móðir mín ól mig“ til að túlka sem svo að sagan um syndafallið í Fyrstu Mósebók fjalli um uppgötvun á kynferðislegri skömm. Við syndafallið varð kynlíf ógeðfellt og illt í augum Guðs. Kynlíf, samkvæmt Ágústínusi, er upprunasyndin sem gerir okkur óhrein frá fæðingu. Þetta sjónarmið olli því að skírlífi var í hávegum haft.

¹⁶⁰ Furnish, Victor Paul, „The Bible and Homosexuality“, *Homosexuality in the Church*, bls. 31.

¹⁶¹ McNeill, John J. „Homosexuality: Challenging the Church to Grow“, *Homosexuality in the Church. Both Sides of the Debate*, Ritstj. Siker, Jeffrey S., Louisville: Westminster John Knox Press, 1994, bls. 49-58, hér bls. 53-54.

Hjónabandið var leið fyrir hina veiklyndu að láta undan löngunum holdsins. Hinir samkynhneigðu voru álitnir ógn gegn kristinni siðferðiskennd með sínu lostafulla, afbrigðilega og tilgangslausa kynlífi. Neikvætt viðhorf þessara áhrifavalda kristindómsins hefur litað afstöðu til samkynhneigðar allt til dagsins í dag. Samkynhneigð hefur í gegnum söguna verið talin vera synd, glæpur og geðveiki. Margt af því byggist einmitt á túlkun kirkjuféðranna.¹⁶²

Kirkjuféðurnir hafa litið framhjá þeim textum Biblíunnar sem styðja náið samband mannfólksins, bæði tilfinningalega og líkamlega séð. Í 1Mós 2.18 sagði Drottinn: „Eigi er það gott að maðurinn sé einn. Ég vil gera honum meðhjálp við hans hæfi.“¹⁶³ Ein fegursta ástarjátning sem ritað hefur verið, Ljóðaljóð Hebresku ritningarinnar,¹⁶⁴ lýsir einnig ástúðarfullu kynlífs og tilfinningasambandi tveggja einstaklinga. Því er það alls ekki svo að Biblían fordæmi kynlíf. Raunin er sú að Heilagleikalög Þriðju Mósebókar eru kristnum einstaklingum í dag framandi. Lögin fjalla ekki aðeins um kynlíf. Meðal annars eru lög um mataræði og klæðnað sem fáir kristnir í dag myndu láta sér detta í hug að framfylgja. Þeir sem ætla að fylgja lögnum um samkynhneigð í 3Mós 18.22 og 3Mós 20.13 þurfa þá að svara fyrir hvers vegna þeir ætla ekki að fylgja öðrum reglur Heilagleikalaganna. „Heilagleikalögin minna okkur á að í Gamla testamentinu eru fjölmargar reglur, boð og bönn sem kristnir menn láta sig litlu varða á þeim forsendum að lögmálið hafi hlotið uppfyllingu sína með Kristi.“¹⁶⁵ Heilagleikalögin eru því ekki algildar reglur fyrir nútíma kristindóm. Það má þó ekki afskrifa þær algjörlega, því þær eru hluti af trúarhefð kristindómsins og mikilvæg heimild fyrir hætti og hefðir Hebreanna á tímum Gamla testamentisins. Þá eru ýmis boð Þriðju Mósebókar enn góð og gild í dag, en fyrri hluta tvöfalda kærleiksboðorðs Krists má finna í 3Mós 19.18: „Þú skalt ekki hegna þín á löndum þínum. Þú skalt elska náunga þinn eins og sjálfan þig. Ég er Drottinn.“¹⁶⁶

Richard B. Hays (f. 1948)¹⁶⁷ nefndi að ekki sé hægt að réttlæta samkynhneigð ef aðeins er litið á hina 2000 ára gömlu kristnu hefð. Aðeins frá áttunda áratug síðustu aldar

¹⁶² Gomes, Peter J., *The Good Book*, bls. 168-171.

¹⁶³ McNeill, John J. „Homosexuality: Challenging the Church to Grow“, *Homosexuality in the Church*, bls. 54.

¹⁶⁴ Ég fjalla ítarlega um erótískt myndmál í Ljóðaljóðum Gamla testamentisins í ritgerð minni til MA-prófs í guðfræði við Háskóla Íslands: Daníel Ágúst Gautason, „Elskhugi minn réttir höndina inn... Erótísk notkun á myndmáli líkamans í Ljóðaljóðunum“, ritgerð til MA-prófs í guðfræði, júní 2018.

¹⁶⁵ Gunnlaugur A. Jónsson, „Samkynhneigð í ljósi textans um sköpun mannsins í mynd Guðs (Greinagerð fyrir Prestastefnu 1997)“, *Trú, kynhneigð & náungi minn – Viðaukar* –, Synodus á Akureyri 1997: Réttlætning af trú, bls. 1-13, hér bls. 8-11.

¹⁶⁶ Gunnlaugur A. Jónsson, „Samkynhneigð í ljósi textans um sköpun mannsins í mynd Guðs“, bls. 10.

¹⁶⁷ Richard B. Hays er bandarískur nýjatestementisfræðingur Hann hlaut meistaraþráðu sína í guðfræði frá *Yale Divinity School* og var rektor við *Duke Divinity School* fram að 2015.

hefur umræðan byrjað að vera almennilega jákvæð í garð hinsegin fólks. Fyrir það hafði umræðan reynst það neikvæð að samkynhneigð atferli voru jafnvel refsiverð, sem þau eru reyndar enn í dag víða um heim. Þá taldi hann vísindi heldur ekki góðan rökstuðning. Sumir vilja halda því fram að samkynhneigð eigi rétt á sér þar sem hún er meðfædd, en Hays hefur bent á að sumir vísindamenn telja alkóhólisma einnig meðfæddan, en fáir vilja líta á þann sjúkdóm jákvæðum augum. Hays taldi að helstu rök þess að hið trúarlega samfélag ætti að koma fram við samkynhneigða á mannsæmandi hátt sé kærleiksboðskapurinn sem hvetur til þess að taka við náunganum eins og hann kemur fram. Þau sem hafa meðtekið Krist í hjarta sínu eiga ekki að fordæma einstaklinga fyrir kynhneigð sína, heldur að sýna umburðarlyndi. Hays lagði fram óheppilegan samanburð þar sem hann líkti samkynhneigðum við „óhreina heiðingja“ sem hinir Gyðing-kristnu í frumkirkjunni þyrftu að umbera og meðtaka í heilaga samfélag sitt. Hann sagði að Guð veitir öllum Heilagan anda, jafnvel hinum syndugu. Þrátt fyrir tilraun til að sýna umburðarlyndi gaf Hays það sterklega til kynna að hann telur samkynhneigð synduga, en hann sagði að þrátt fyrir að samkynhneigð sé brot á boðum Guðs er staður fyrir samkynhneigða innan kirkjunnar, rétt eins og fyrir alla syndara.¹⁶⁸ Hays kom þarna inn á góðan punkt. Kristin kirkja á auðvitað að bjóða alla velkomna með kærleika Krists að leiðarljósi. Það er ekki mannfólksins að dæma, það gerir aðeins Guð. Kirkja sem boðar að allir séu syndugir verður að meðtaka alla, svo lengi sem synd þeirra setji ekki aðra í hættu. Þeir sem telja samkynhneigð vera synd, jafnvel vera „viðurstyggð“, ættu þrátt fyrir það að bjóða samkynhneigða velkomma í heilagt samfélag kristinna einstaklinga.

4.2. Kristin siðfræði Görans Bexells

Í nútímanum hefur borið meira á því að gildi biblíuversa sé endurmetið. Þá er ekki verið að hafna boðskapnum né að endurtúlka hann inn í nútíma samfélag. Einfaldlega er verið að spyrja hvort að versin eigi enn við í dag þrátt fyrir að hafa verið gild á ritunartíma þeirra. Þetta hefur meðal annars verið gert við þau biblíuvers sem talin eru fordæma samkynhneigð. Vísindi síðustu aldar lögðu mikla áherslu á að samkynhneigð væri ekki afleiðing persónulegrar syndar heldur genaarfleifð sem finnst hjá um 5-10% af öllu

¹⁶⁸ Hays, Richard B. „Awaiting the Redemption of Our Bodies: The Witness of Scripture Concerning Homosexuality“, *Homosexuality in the Church. Both Sides of the Debate*, Ritstj. Siker, Jeffrey S., Louisville: Westminster John Knox Press, 1994, bls. 3-17, hér bls. 10-14.

mannkyninu. Þá á ekki lengur að hvetja til þess að samkynhneigðir einstaklingar bæli niður langanir sínar því það getur haft skaðleg áhrif á líf þeirra og persónuleika.¹⁶⁹

Oft er litið framhjá því að þegar fjallað er um samkynhneigð er ekki aðeins verið að fjalla um kynlíf samkynhneigðra heldur einnig ástarsamband þeirra. Ást og kynlíf þurfa ekki að fara saman eins og sænski siðfræðingurinn Göran Bexell (f. 1943)¹⁷⁰ benti á í kafla sínum um samlíf í bókinni *Siðfræði – af sjónarhóli guðfræði og heimspeki*¹⁷¹:

„Ást er til án þess að kynferðisleg munúð eða kynhvöt komi nokkuð við sögu. Kynhvöt getur fengið útrás án ástar en getur einnig fylgt ástinni: yfirleitt þykir mönnum sem kynhvötinni eigi að fylgja ást og að mannbætandi og unaðarfull kynhvöt komi best eða einvörðungu fram í samspli við ástina.“¹⁷²

Bexell nefndi einnig að þrátt fyrir þá hugmynd að trúin líti oft neikvæðum augum á kynhvötina þá sé rík hefð bæði í Gamla testamentinu og menningarheimi Gyðinga að vera með jákvætt viðhorf gagnvart henni. Það birtist ef til vill einna best í Ljóðaljóðunum. Þá hefur kristin trú í gegnum mannkynssöguna sett mikil takmörk á kynlífið, sem í sinni tærustu mynd á aðeins að vera stundað innan hjónabandsins. Þegar fjallað er um hjónaband í kristilegum skilningi hefur almennt séð aðeins verið fjallað um hjónaband gagnkynhneigðra. Kirkjan hefur meðal annars vísað í Fyrstu Mósebók til að boða gagnkynhneigt hjónaband, þar sem karl og kona verða „einn maður“ (1Mós 2.24).¹⁷³ Ef kirkjan á að vera í raun og veru umburðarlynd gagnvart samkynhneigðum verður hún að viðurkenna og leyfa hjónaband samkynhneigðra þar sem „í boðskap Biblíunnar er hjónabandið hið sjálfsgæða sambúðarform.“¹⁷⁴

Bexell tók hreint og beint til orða þegar hann sagði að umfjöllun um samkynhneigð hefur oft reynst ómálefnaleg og einkennst af fordómum, eða „hómófóbíu.“ Lengst af var viðhorf kristinna kirkjudeilda það að samkynhneigð væri siðferðislega röng og syndug, þrátt fyrir að samkynhneigð hafi ávallt verið til staðar í kirkjum, jafnvel meðal presta, munku og nunna. Íhaldssamar kirkjudeildir viðurkenna samkynhneigða einstaklinga en fordæma kynlíf þeirra. Frjálslyndari söfnuðir viðurkenna hins vegar bæði

¹⁶⁹ Edwards, David L., *Christianity. The First Two Thousand Years*, London: Cassell, 1998, bls. 617.

¹⁷⁰ Göran Bexell var prófessor í siðfræði við háskólann í Lundi í Svíþjóð.

¹⁷¹ Bókin hefur verið notuð sem kennslurit í grunnáfangu kristinnar siðfræði við Háskóla Íslands.

¹⁷² Bexell, Göran, „15. kafli: Samlíf“, *Siðfræði – af sjónarhóli guðfræði og heimspeki*, bls. 357.

¹⁷³ Bexell, Göran, „15. kafli: Samlíf“, *Siðfræði – af sjónarhóli guðfræði og heimspeki*, bls. 357-360.

¹⁷⁴ Bexell, Göran, „15. kafli: Samlíf“, *Siðfræði – af sjónarhóli guðfræði og heimspeki*, bls. 365.

samkynhneigða og kynlíf þeirra með ákveðnum siðferðislegum mörkum. Bexell taldi að vandamálið, sem hindri samhug í þessu málefni, sé biblíuskilningurinn. Allir textar sem nefna samkynhneigð, hvort sem að verið sé í raun að fjalla um samkynhneigð eða, nauðgun, misnotkun og álíka, eru óneitanlega neikvæðir í eðli sínu. Þeir bókstafrúuðustu telja boð Biblíunnar standa enn í dag og vilja ógjarnan afmarka eða endurtúlka boðin á neinn hátt. Þeir frjálslyndustu vilja gjarnan vera fljótari að hafna þeim boðum sem standast ekki þeirra eigin siðferðiskennd, sem birtist eins og lítillækkun á Ritningunni. Ef kristnar kirkjudeildir ætla sér hins vegar að hafna samkynhneigð vegna texta Biblíunnar þarf að réttlæta hvers vegna ekki er farið eftir öðrum boðum hennar. Gamla testamentið bannar samkynhneigð, en boðar jafnframt að konan eigi að vera undirgefin karlinum. Jafnvel ef að þau rök séu borin upp að Jesús leysti mannfólkið undan lögmáli Gamla testamentisins má benda á að Páll postuli boðar álíka lög í Nýja testamentinu. Hann fordæmdi einnig samkynhneigð og boðaði undirgefni kvenna.¹⁷⁵ Lúthersk siðfræði lítur ekki á Biblíuna sem lögbók sem ekki má breyta. Önnur viðmið hafa einnig vægi, og þá er það náungakærleikurinn sem er æðstur.¹⁷⁶ Því ber að áætla að ef neikvætt viðhorf kirkjunnar til samkynhneigðar hafi þau áhrif á samkynhneigðra einstaklinga að þeir finna fyrir höfnun, þjást af þunglyndi, sjálfsmorðshugleiðingum eða öðrum kvillum, sé það gagnstætt markmiði kristinnar trúar. Það finnst engin ást í því að leyfa öðrum ekki að elska. Kirkjan má aldrei stuðla að kúgun minnihlutahópa samfélagsins.

Niðurstaða Bexells var sú að ekki sé kristilegt að fordæma fólk fyrir kynhneigð sína, en hann taldi þó að hömlur þurfi að vera á kynlífi, sem á að byggjast á ást og væntumþykju.¹⁷⁷ Þessi umfjöllun um kristna siðfræði lýkur með tilvitnun í biblíufræðinginn Walter Wink (1935-2012)¹⁷⁸ um siðfræði Biblíunnar:

„Það er engin biblíuleg kynlífssiðfræði. Biblían þekkir aðeins kærleikssiðfræði sem sífellt þarf að bera þau kynlífsviðmið sem eru ráðandi í hverju landi, eða menningu, eða tímabili.“¹⁷⁹

¹⁷⁵ Bexell, Göran, „15. kafli: Samlíf“, *Siðfræði – af sjónarhóli guðfræði og heimspeki*, bls. 373.

¹⁷⁶ Bexell, Göran, „15. kafli: Samlíf“, *Siðfræði – af sjónarhóli guðfræði og heimspeki*, bls. 370-372.

¹⁷⁷ Bexell, Göran, „15. kafli: Samlíf“, *Siðfræði – af sjónarhóli guðfræði og heimspeki*, bls. 371.

¹⁷⁸ Walter Wink var bandarískur biblíufræðingur og guðfræðingur. Hann fékk doktorsgráðu sína í guðfræði frá *Union Theology Seminary* í New York.

¹⁷⁹ Nelson, James B., „Sources for Body Theology: Homosexuality as a Test Case“, *Homosexuality in the Church. Both Sides of the Debate*, Ritstj. Siker, Jeffrey S., Louisville: Westminster John Knox Press, 1994, bls. 76-90, hér bls. 81.

4.3. Rómversk-kaþólska kirkjan

Hinar ýmsu kirkjudeildir eru eins ólíkar og þær eru margar. Hið sameiginlega virðist oft vera ráðandi þegar yfirborðið er skoðað, en þegar nær er litið verður augljósara hvers vegna fylgjendur Krists lifa ekki í einum söfnuði. Rómversk-kaþólska kirkjan, ein stærsta kirkjudeild heimsins í dag, hefur lagt áherslu á að safnaðarmeðlimir sínir þekki og skilji kenningar þeirra til að geta öðlast hjálpræðið. Kenningarnar byggjast meðal annars á Ritningunni, sakramentunum, hefðum og venjum kirkjunnar og lífernir dýrlinganna. Þar sem rómversk-kaþólska kirkjan er svo fjölmenn, áhrifamikil og hefur verið ráðandi talsmaður kristinnar trúar í gegnum aldirnar er mikilvægt að skoða viðhorf hennar til samkynhneigðar til að efla skilning á almennu viðhorfi kristindómsins til samkynhneigðar.

Helstu kenningar rómversk-kaþólsku kirkjunnar má finna í bókinni *Catechism of the Catholic Church*. Þar er meðal annars að finna ritskýringu á boðorðum Guðs. Í ritskýringu á sjötta boðorðinu: „Þú skalt ekki drýgja hór“, stendur að Guð skapaði manninn í sinni mynd, karl og konu. Köllun mannfólksins er að elska hvort annað og fjölga sér.¹⁸⁰ Guð skapaði mannfólkið ekki til að lifa við einveru heldur sem félagsverur. Áhersla er lögð á að allir séu meðvitaðir um kynferðislegu sjálfsmynd sína, þar sem kynferði kemur að nánast öllum samskiptum fólks. Ljóst er að hugmyndin um tvíhyggju, aðgreiningu efnis og anda, sé nokkuð ráðandi í þessum kenningum rómversk-kaþólsku kirkjunnar. Áhersla er á „hreinan lifnaðarhátt“ þar sem mannfólkið á að stjórna hvötum sínum, ná fullum sjálfsaga. Aðallega er vitnað í Pál postula þessu til rökstuðnings. Kristur var fyrirmynd hins fullkomna lifnaðarháttar, sem innihélt meðal annars skírlífi.¹⁸¹ Þá er vitnað í hinn svokallaða *imago Dei*-texta Biblíunnar til að rökstyðja að hið fullkomna mannlega samband sé á milli karls og konu:

„Og Guð skapaði manninn eftir sinni mynd. Hann skapaði hann eftir Guðs mynd. Hann skapaði þau karl og konu.“ (1Mós 1.27).

Karlinn og konan voru sköpuð fyrir hvort annað. Þau jafna hvort annað út, hið karllega á heima með hinu kvenlega¹⁸² *Imago Dei*-textinn er í Fyrstu Mósebók 1.26-28 og er hluti af

¹⁸⁰ *Catechism of the Catholic Church. Revised in Accordance with the Official Latin Text Promulgated by Pope John Paul II. Second Edition*, New York: Doubleday, 1997, bls. 619.

¹⁸¹ *Catechism of the Catholic Church*, bls. 620-623.

¹⁸² *Catechism of the Catholic Church*, bls. 106-108.

P-heimildinni. Textinn fjallar um sköpun mannfólksins þar sem karlinn og konan eru sköpuð sem jafningjar. Í greinagerð sinni fyrir Prestastefnu árið 1997 á Akureyri fjallaði Gunnlaugur A. Jónsson um samkynhneigð í ljósi *imago Dei*-textans. Þar sagði hann meðal annars: „Það gæti ekki verið samboðið þeim manni sem skapaður er í mynd Guðs að búa við misrétti og kúgun.“¹⁸³ Fólk á því hvergi að þurfa að sæta kúgun vegna kynhneigðar eða kyngervis síns. Gunnlaugur sagði að ótvírætt sé að „*allir menn* séu skapaði í mynd Guðs“, og þar með samkynhneigðir líka.¹⁸⁴ Þá andmælti Gunnlaugur kenningu Karl Barths (1886-1968)¹⁸⁵ um að guðsmynd mannsins sé fólgin í gagnkynhneigðu hjónabandi. Það er ekki hluti af guðsmyndinni að karlmaður og kvenmaður geti fjölgað sér. „Einmitt að þessu leyti er maðurinn *líkur* öðrum skepnum jarðarinnar en *ólíkur* Guði.“ Gunnlaugur, sem tilheyrir Íslensku þjóðkirkjunni sem er evangelísk-lúthersk kirkja, hafnaði þar með túlkun rómversk-kaþólsku kirkjunnar og sagði það misnotkun á *imago Dei*-textanum að nota hann til að kúga samkynhneigða.¹⁸⁶

Það eru ýmsar vísanir sem benda til þess að samkynhneigð sé ekki ásættanleg innan rómversk-kaþólsku trúarinnar. Meðal annars er vitnað í áður nefndan texta úr Fyrstu Mósebók: „Af þessum sökum yfirgefur maður föður sinn og móður og býr með eiginkonu sinni, og þau verða eitt.“ (1Mós 2.24).¹⁸⁷ Þessi texti hefur í margar aldir verið notaður, ef ekki til að andmæla samkynhneigð almennt séð, þá til stuðnings heilögu hjónabandi para af gagnstæðu kyni. Þá er einnig tekið fram að kynferðisleg ánægja á aðeins að fylgja atferlum sem leiða til fjölgunar og aukinnar sameiningar. Þá á heldur ekki að stunda kynlíf fyrir utan hjónabandið.¹⁸⁸ Kynlíf samkynja para getur óneitanlega leitt til aukinnar einingar á milli þeirra aðila sem kynlífið stunda, og styrkt nánd og skilning á hvor öðrum. Hins vegar getur samkynja kynlíf aldrei leitt til barnseigna. Ef hjónaband samkynhneigðra er einnig fordæmt leiðir það sjálfkrafa til þess að kynlíf samkynja para sé fordæmt, þar sem ekki er ætlast til þess að fólk stundi kynlíf utan hjónabands. Því má greina þennan skilning rómversk-kaþólsku kirkjunnar á kynlífi og kynferðislegri ánægju sem andstæða samkynhneigð.

¹⁸³ Gunnlaugur A. Jónsson, „Samkynhneigð í ljósi textans um sköpun mannsins í mynd Guðs“, bls. 1-2.

¹⁸⁴ Gunnlaugur A. Jónsson, „Samkynhneigð í ljósi textans um sköpun mannsins í mynd Guðs“, bls. 5.

¹⁸⁵ Karl Barth var svissneskur guðfræðingur og vígður prestur. Hann er talinn af mörgum vera einn áhrifamesti guðfræðingur mótmælendatrúar síðustu aldar. Áhrif hans náðu vel yfir allt hið fræðilega svið og jafnvel inn í hina almennu guðspjónustu. Hann hefur verið kallaður faðir ný-rétttrúnaðarins.

¹⁸⁶ Gunnlaugur A. Jónsson, „Samkynhneigð í ljósi textans um sköpun mannsins í mynd Guðs“, bls. 12-13.

¹⁸⁷ *Catechism of the Catholic Church*, bls. 620.

¹⁸⁸ *Catechism of the Catholic Church*, bls. 623-624.

Þegar fjallað er beinlínis um samkynhneigð er tekið fram að sú kynhneigð hefur tekið á sig ýmsar myndir í gegnum aldirnar í mismunandi menningarsamfélögum. Biblían fjalli hins vegar um samkynhneigð atferli sem „viðurstyggð“, og er þar vitnað í söguna um fall Sódómu í 1Mós 19. Kynlíf samkynhneigðra er talið vera ónáttúrulegt þar sem það lokar fyrir möguleikann á fjölgun. „Undir engum kringumstæðum má [kynlíf samkynhneigðra] vera samþykkt.“¹⁸⁹ Þó er það ótvírætt að samkynhneigðir einstaklingar eru einnig börn Guðs, og það þarf að koma fram við þá af virðingu og samúð. Þeir eiga einnig hlutdeild í hjálpræði Guðs og allt syndugt atferli í garð þeirra ætti að vera hafnað. Hin rómversk-kaþólska kenning er því í raun ekki að hafna skuli samkynhneigðum einstaklingum, heldur kynlífi þeirra eða kynferðislegum atferlum. Samkynhneigðir einstaklingar eru kallaðir til þess að lifa skírlífi. Þau eiga að æfa sjálfstjórn og aga, með aðstoð vina, bæna og sakramentanna. Þannig geta samkynhneigðir einstaklingar einnig náð „kristinni fullkomnun.“¹⁹⁰

Kardínállinn Joseph Ratzinger (f. 1927),¹⁹¹ síðar páfi, lagði áherslu á að samkynhneigð væri ekki ásættanleg innan rómversk-kaþólsku kirkjunnar í bréfi sem hann sendi til allra biskupa kirkjunnar árið 1986. Hann lagði áherslu á að prestar ættu að leggja meira þúður í sálgæslu fyrir samkynhneigða svo þeir gætu sýnt þeim villu sína og með umburðarlyndi gert þeim grein fyrir að samkynhneigð atferli þeirra séu syndug, en með iðrun geti þeir öðlast fyrirgefningu Guðs. Kardínállinn gekk jafnvel svo langt að kalla samkynhneigð siðferðislega illa. Hann notaði hefðbundnar kaþólskar kenningar um *imago Dei*-textann og upprunasyndina, líkt og Ágústínus boðaði, til að styðja hugmyndina um hefðbundið hjónaband. Hann fordæmdi þá öll ofbeldisverk gagnvart samkynhneigðum, bæði í verkum og ræðum.¹⁹² Ratzinger hélt neikvæðri skoðun sinni gagnvart samkynhneigð alla sína tíð, jafnvel eftir að hann varð þekktur sem Benedikt XVI páfi árið 2005. Páfinn var þá þekktur fyrir baráttu sína fyrir „hefðbundnu“ hjónabandi á milli karls og konu og vitnaði í sköpunarfrásögn Hebresku ritningarinnar sér til stuðnings.¹⁹³

¹⁸⁹ *Catechism of the Catholic Church*, bls. 625.

¹⁹⁰ *Catechism of the Catholic Church*, bls. 626.

¹⁹¹ Joseph Ratzinger var þýskur erkibiskup og seinna páfi. Hann var erkibiskup af München árið 1977. Árið 1981 var hann skipaður sem æðsti yfirmaður þeirrar deildar rómversk-kaþólsku kirkjunnar sem viðheldur réttum kenningum trúarinnar. Árið 2005 var hann kjörinn páfi og endurnefndist Benedikt XVI.

¹⁹² Ratzinger, Joseph, „Letter to the Bishops of the Catholic Church on the Pastoral Care of Homosexual Persons (1986)“, *Homosexuality in the Church. Both Sides of the Debate*, Ritstj. Siker, Jeffrey S., Louisville: Westminster John Knox Press, 1994, bls. 39-48, hér bls. 39-43.

¹⁹³ Butt, Riazat og Kington, Tom, „Pope angers campaigners with speech seen as attack on homosexuality“, *The Guardian*, 24. desember 2008, sótt 12. janúar 2019 af <https://www.theguardian.com/world/2008/dec/24/pope-speech-gender-gay-sexuality>.

Umræðan um samband rómversk-kaþólsku kirkjunnar og samkynhneigðar hefur verið áberandi síðustu ár með núverandi páfa. Frans páfi (f. 1936)¹⁹⁴ tók við embættinu árið 2013. Sama ár vakti hann mikla umfjöllum þegar hann sagði að samkynhneigðir ættu ekki að vera útskúfaðir úr samfélaginu. Þá væri samkynhneigt atferli syndugt en ekki samkynhneigð í sjálfu sér. Hann vitnaði einmitt í *Catechism of the Catholic Church* sér til stuðnings, þar sem samkynhneigt atferli er skilgreint sem „viðurstygð.“ „Ef að einstaklingur er samkynhneigður og leitar Guðs og hefur góðvilja, hver er ég að dæma?“ Þessi ummæli hans vöktu mikla athygli þar sem þau voru álitin mun umburðarlyndari í garð samkynhneigðra en ummæli forvera hans.¹⁹⁵ Árið 2018 varð Frans páfi aftur umtalaður þegar kom að málefni samkynhneigðra þegar hann kallaði samkynhneigð „tískufyrirbæri“ og sagðist hafa áhyggjur af samkynhneigð innan prestastéttarinnar. Páfinn lagði áherslu á að bæði prestar og nunnur hétu því að lifa skírlífi.¹⁹⁶

Pistlahöfundurinn Douglas Robertson hefur ritað fjölmargar greinar á vefsíðu fréttaveitunnar *The Independent*. Hann ólst upp hjá foreldrum sem aðhylltust kristna bókstafstrú og höfnuðu samkynhneigð hans sem andstöðu við vilja Guðs. Megnið af greinum Robertson fjallar um málefni samkynhneigðra og þá margar á trúarlegum forsendum. Í einni grein sinni varaði hann við því að fólk hyllti Frans páfa fyrir róttækar skoðanir í garð samkynhneigðra þar sem páfinn hefur í raun aldrei talað gegn kenningum rómversk-kaþólsku kirkjunnar. Það er ekkert nýtt að kirkjan boði kærleika í garð samkynhneigðra einstaklinga, og í áliti Robertson er það lágmarksframlag kirkjunnar þegar kemur að réttindum þeirra. Hann gagnrýndi einnig afstöðu rómversk-kaþólsku kirkjunnar fyrir það hugarfar að það sé í lagi að vera samkynhneigður svo lengi sem ekki er látið undan þeim hneigðum. Kallaði hann þetta „and-samkynhneigða afstöðu klædda í „kærleiksrík“ orð.“¹⁹⁷

¹⁹⁴ Jorge Mario Bergoglio var biskup í Argentínu áður en hann varð páfi, æðsti leiðtogi rómversk-kaþólsku kirkjunnar. Hann tók sér nafnið Frans til heiðurs dýrlingnum Frans frá Assísí.

¹⁹⁵ „Pope Francis: Who am I to judge gay people?“, *BBC.com*, 29. júlí 2013, sótt 30. desember 2018 af <https://www.bbc.com/news/world-europe-23489702>.

¹⁹⁶ „Pope Francis ‘worried’ about homosexuality in the priesthood“, *BBC.com*, 2. desember 2018, sótt 30. desember 2018 af <https://www.bbc.com/news/world-europe-46420146>.

¹⁹⁷ Robertson, Douglas, „Don’t applaud Pope Francis’s stance on homosexuality – it’s still in line with Catholic teachings“, *Independent*, 21. maí 2018, sótt 1. janúar 2019 af <https://www.independent.co.uk/voices/pope-francis-homosexuality-stance-catholic-church-same-sex-marriage-catechism-a8361821.html>.

5. Áhrifasaga

**„My lesbianism is an act of Christian charity.
All those women out there praying for a man,
and I'm giving them my share.“**

-Rita Mae Brown

5.1. Áhrifasaga innan biblíufræða

Áhrifasaga innan biblíufræða er það svið sem rannsakar hvaða áhrif sögur, textar og boðskapur Ritningarinnar hafa haft á listir og dægurmenningu. Ljóst er að gyðing- og kristindómurinn hafa gríðarlega mikið vægi í listasögunni. Málverkið *Síðasta kvöldmáltíðin* eftir Leonardardo Da Vinci (1452-1519) og marmarastyttan *Davíð* eftir Michelangelo (1475-1564) eru dæmi um það. Lengi vel var áhrifasagan vanrækt fræðisvið innan biblíufræða en hefur fengið aukið vægi síðustu áratugi. Hérlandis hefur Gunnlaugur A. Jónsson verið einn helsti talsmaður áhrifasögunnar, en í ritinu *Áhrifasaga Saltarans* (2014) fjallar hann um fjöldamörg áhrifasögudæmi þar sem vitnað er með beinum eða óbeinum hætti í Davíðsálma Gamla testamentisins. Þrátt fyrir að ritið sé rúmlega 600 blaðsíður rétt snertir hann yfirborð áhrifasögunar. Óhætt er að fullyrða að áhrifasögudæmi innan biblíufræða séu það mörg að ómögulegt sé að safna þeim öllum saman. Áhrif má finna á öllum sviðum fræða og menningar, svo sem bókum, ljóðum, kvikmyndum, sjónvarpsþáttum, málverkum, höggmyndum, ræðum, kennsluefni, arkitektúr, og svona mætti lengi telja. „Þeir sem leggja stund á rannsóknir á áhrifum biblíutextanna komast fljótt að því að fjölbreytileiki þeirra er með hreinum ólíkindum sem gerir viðfangsefnið bæði einkar áhugavert en um leið yfirþyrmandi með vöxtum.“¹⁹⁸

Hér verður aldeilis ekki reynt að koma með tæmandi lista um áhrifasögudæmi þeirra texta sem greint var frá hér á undan, enda eru þau fjölmörg og margbreytileg. Þvert á móti verða dæmin takmörkuð við aðeins tvær kvikmyndir til að halda umfjölluninni einfaldri og hnitmiðaðri. Þessar tvær kvikmyndir voru valdar út af hliðstæðum við biblíutextana en einnig vegna birtingarmynda á menningarlegum áhrifum þessa texta.¹⁹⁹

Í fyrra lagi verður fjallað um *Disobedience* (2017) sem fjallar um tvær ástfangnar konur sem ólust upp í ströngu samfélagi rétttrúnaðargyðinga. Í öðru lagi verður fjallað um *Brokeback Mountain* (2005) sem fjallar um tvo kúreka sem aðeins geta tjáð gagnkvæma ást sína þegar þeir eru einsamlir í náttúrunni. Fyrri myndin fjallar um áhrif trúarsamfélagsins á sjálfsmynd og lífernir samkynhneigðra einstaklinga. Leynd, afneitun

¹⁹⁸ Gunnlaugur A. Jónsson, *Áhrifasaga Saltarans*, bls. 42.

¹⁹⁹ Ýmsar kvikmyndir hafa fjallað um samkynhneigð á trúarlegum grundvelli. Sem dæmi má nefna bresk-japönsku kvikmyndina *Bent* (1997). Hún fjallar um samkynhneigðan karlmann sem þykist vera Gyðingur þegar hann lendir í útrýmingarþúðum nasista, þar samkynhneigðir fengu mun verri meðferð en Gyðingarnir. Einnig má nefna ísraelsku kvikmyndina *Eyes Wide Open* (2009), sem fjallar um giftan rétttrúnaðargyðing sem fellur fyrir ungum lærlingi sínum. Báðar kvikmyndirnar, sem og mun fleiri, eru verðugar frekari umræðu. Það var persónulegt mat höfundar að kvikmyndirnar *Disobedience* og *Brokeback Mountain* hentuðu best fyrir ítarlega umfjöllun í þessari ritgerð.

og höfnun eru meðal þeirra þema sem snert er á. Í seinni myndinni fáum við innsýn í tvo biblíulega persónugervinga, en of margar hliðstæður má finna með kúrekunum og Davíð og Jónatan til að líta framhjá þeim. Almennt hefur minna verið fjallað um áhrif Gamla testamentisins á vettvangi kvikmynda, og hvað þá biblíulegra persónugervina sem birtast í því helgiriti.²⁰⁰ Þó má nefna Job, sem meðal annars hefur sínar hliðstæður við aðalpersónu kvikmyndarinnar *A Serious Man* (2009) í leikstjórn Coen-bræðra.

5.2. *Disobedience* (2017)

Kvikmyndin *Disobedience* í leikstjórn Sebastián Lelio kom út árið 2017. Handrit myndarinnar var skrifað af Lelio og Rebeccu Lenkiewicz, en handritið var byggt á samnefndri bók eftir breska rithöfundinn Noami Alderman. Bæði bókin og kvikmyndin voru umdeildar þar sem þær fjölluðu um lesbískt ástarsamband tveggja kvenna sem aðhylltust rétttrúnaðargyðingdóm. Myndin hlaut almennt jákvæða dóma, og þá sérstaklega fyrir frammistöðu aðalleikkvonnanna tveggja.

Myndin hefst á gyðinglegri samkomu í sýnagógu þar sem aldraður rabbíni ávarpar söfnuð sinn. Hann fjallar um að aðeins mannfólkið hefur frjálstan vilja og getur þannig óhlýðnast Guði. Þetta er bæði forréttindi og byrgði. Rabbíninn fellur svo til jarðar, dáinn. Sagan fjallar um dóttur rabbínans, ljósmyndarann Ronit (Rachel Weisz) sem býr í New York, langt frá því gyðinglega samfélagi sem hún ólst upp í. Þegar hún fréttir af andláti föður síns snýr hún aftur í heimabæ sinn. Þar hittir hún bernsku vini sína, þar á meðal Dovid (Alessandro Nivola) og Esti (Rachel McAdams), en í fjarlægð Ronits giftu þau sig. Ronit finnur fyrir höfnun og dómum frá samfélaginu sem hún hafði áður yfirgefið. Í dánartilkynningu rabbínans er tekið fram að hann hafi verið barnslaus, og fjölskylduvinir ávíta Ronit fyrir að hafa ekki verið til staðar fyrir föður sinn á síðustu stundum hans. Þá erfði sýnagógan allar eignir rabbínans en Ronit var ekki einu sinni nefnd í erfðaskránni. Dovid og Esti eru þau einu sem bjóða hana velkomna. Dovid er rabbíni sem hafði verið í námi hjá rabbínanum síðan hann var þrettán ára að aldri. Það er því í hans verkahring að fara með *hesbed*, líkræðuna fyrir rabbínan og taka við sem nýi trúarleiðtogi samfélagsins. Þegar Ronit og Esti skoða sig um í húsi rabbínans vakna aftur upp gamlar minningar hjá þeim. Á meðan rabbíninn hafði verið upptekinn við að lesa Tórah og ritskýringarit höfðu þær átt í leynilegu ástarsambandi. Í tómlega húsinu blossar ástríðan

²⁰⁰ Gunnlaugur A. Jónsson, *Áhrifasaga Saltarans*, bls. 75-77.

upp aftur. Esti lýsir því yfir að hún vilji hefja ástarsamband þeirra aftur. Hún hefur ávallt verið lesbísk en giftist Dovid eftir hvatningu frá rabbínanum. „Ef ég þarf að sofa hjá karlmanni, af hverju ekki besta vini mínum?“ spyr Esti og lýsir þar með sínu sorglega persónulega lífi sem veitir henni litla ánægju. Hún segist stunda kynlíf með Dovid á hverjum föstudegi líkt og ætlast er til af henni. Þegar kjaftasögur fara að ganga um samfélagið um samband kvennanna ferðast þær úr bænum og fá sér hótélherbergi. Þar njóta þær ástar. Þegar þær koma aftur heim viðurkennir Esti tilfinningar sínar fyrir Dovid og segir að hún hafi komið skilaboðunum um dauða rabbínans til Ronit svo hún kæmi aftur til hennar. Þegar Esti kemst svo að því að hún sé ólétt biður hún Dovid um skilnað svo hún getur verið frjáls að vera eins og hún er. Við *hesbed* biður Ronit Esti um að flytja til New York með sér. Í líkræðunni vitnar Dovid í lokaræðu rabbínans um frjálsa viljann. Í framhaldi gefur hann Esti frelsi og hafnar einnig tækifærinu til að verða nýi trúarleiðtogi safnaðarins. Fyrir utan sýnagóguna fallast þau þrjú öll í faðma, búin að endurheimta gömlu vináttu sína aftur. Ronit fer aftur heim til sín, en Esti á enn eftir að ákveða hvar hún ætlar að búa.

Aldreman var áður rétttrúnaðargyðingur. Hún lýsti því yfir í viðtali við *The Scotsman* að hún hafði verið mjög trúuð þegar hún byrjaði að skrifa bókina og viðhélt því þegar hún var að skrifa, en að hún missti trúna við lokin:

"I kept myself very religious while I was writing it because I thought it would be bad faith not to," she explains. "For a long time I had known morally that I was not in agreement with Orthodoxy but I was still doing all the practices. After the novel was published I came to feel that I couldn't call myself Orthodox anymore. It's so patriarchal, anti-women, anti-gay. There was something about writing *Disobedience*... it felt like I had put it all in the book. I had done my best by it, recorded what it meant for me. I felt I was done."²⁰¹

Myndin er full af tilvitnunum í hefðir rétttrúnaðargyðinga. Samfélagið sem Ronit var hluti af eru svokallaðir *Haredi*-Gyðingar, en *Haredi* merkir „sá sem óttast Guð.“ Einkenni þeirra er sterk bókstafstrú á orð Tórah sem og rabbínsku lagaritanna. Samfélög þeirra eru gjarnar mjög lokuð þar sem reynt er að hafa eins lítil samskipti og mögulegt er við þá sem

²⁰¹ „Interview: Naomi Alderman, author“, *The Scotsman*, 11. apríl 2010, sótt 14. janúar 2019 af <https://www.scotsman.com/lifestyle/interview-naomi-alderman-author-1-475220>.

ekki eru *Haredi*. Algennt er að karlarnir í fjölskyldunum tileinki sér það að læra Tórah á meðan konurnar sjá um að vinna úti. Strangar reglur eru um íhaldssaman klæðnað og konur þurfa að hylja hár sitt. Því er Esti með hárkollu (h. *sheitel*) þegar hún er ekki í hjónaherberginu, þar sem aðeins eiginmaður hennar má sjá hennar raunverulega hár. Það kallast að vera *frum*, að vera skuldbundinn lögum Gyðinga. Ronit reynir að vera *frum* með því að byrja að ganga einnig með hárkollu. Þegar hún finnur fyrir höfnun frá samfélaginu bregst hún sjálf við með að hafna hefðum þeirra og tekur hárkolluna af sér. Þá eru einnig reglur um snertingu. Dovid kippist því við þegar Ronit snertir hann, gifta rabbínann, þegar þau hittast fyrst aftur eftir langan viðskilnað. Mikið er um hebresku í myndinni, bæði þegar lesið er úr Tórah og þegar farið er með bænir. Þá er ávalt fjallað um Guð sem *Hasem*, השם , sem er hebreska fyrir „nafnið“.

Íhaldssemi er mikil meðal *Haredi*-Gyðinga sem hafna samkynhneigð sem synd á biblíulegum grundvelli. Margir *Haredi*-Gyðingar hafa verið virkir í að andmæla auknum réttindum samkynhneigðra og jafnvel mótmælt gleðigöngum.²⁰² Hápunktur myndarinnar er því þegar Dovid sýnir ástarsambandi eiginkonu sinnar og Ronit skilning. Áður hafði hann reynt að telja Esti trú um að Ronit væri slæm fyrir hana. Það gerði hann fremur sem eiginmaður en rabbíni. Við *hesbed* er hann bæði. Hann lítur upp þar sem konurnar sitja aðgreindar frá körlunum, þar sem elskendurnir sitja saman, og segir við eiginkona sína: „Ég frelsa þig.“ Hann talaði út frá tilfinningum sínum en ekki Tórah. Hann sá að íhaldssemin myndi aðeins valda skaða. Esti var föst í óhamingjusömu sambandi og aðeins hann gat breytt því. Því fór hann gegn samvisku sinni sem rabbíni til að framfylgja samvisku sinni sem eiginmaður og vinur. Hann veitti Esti og Ronit blessun sína. Í kjölfarið varð hann að hafna stöðunni sem nýr trúarleiðtogi safnaðarins með þeim orðum að hann ætti margt eftir ólært. Við lok myndarinnar stendur Dovid á tímamótum þar sem hann þarf að endurmeta trú sína út frá sinni eigin reynslu. Hann elskar Esti ekkert minna í lok myndarinnar, þó að nú verði hann að finna ást sinni annan farveg.

5.3. *Brokeback Mountain* (2005)

Bandaríska verðlaunamyndin *Brokeback Mountain* í leikstjórn Ang Lee kom út árið 2005. Myndin fjallaði um leynilegt ástarsamband tveggja kúreka og hvernig þeir reyndu að lifa venjulegu gagnkynhneigðu lífi í fjarlægð frá hvor öðrum. Myndin hlaut mikið lof gagn-

²⁰² „Judaism and LGBTQ Issues: An Overview“, *My Jewish Learning*, sótt 14. janúar 2019 af <https://www.myjewishlearning.com/author/mjl-staff/>.

rýnenda og var af mörgum talin vera besta mynd ársins. Hún var tilnefnd til átta óskarsverðlauna og hlaut þrenn, þar á meðal fyrir bestu leikstjórn. Auk þess hlutu aðalleikarar myndarinnar tilnefningar.

Myndin hefst árið 1963 þegar kúrekarnir Jack Twis (Jake Gyllenhaal) og Ennis Del Mar (Heath Ledger) hittast í fyrsta sinn fyrir utan skrifstofu landeigandans Aguirre (Randy Quaid). Aguirre ræður þá sem fjárhirða í sumarvinnu þar sem þeir verða að gæta kinda hans á Brokeback-fjallinu. Þar myndast sterk vinátta á milli þessara ólíku karaktera. Ennis er þögull og rólyndur en Jack er málgláðari og villtari. Lítið annað er hægt að gera en að fylgjast með kindunum, elda mat og spjalla. Þeir virðast báðir vera litlir trúmenn, en Jack er í hvítasunnusöfnuði og Ennis er meþódisti. Ennis hefur þá litlar áhyggju af sálu sinni þar sem hann telur sig ekki vera mikinn syndara. Eina nóttina sofa þeir saman í tjaldi. Það endar með því að þeir stunda kynlíf, og Ennis heldur þannig fram hjá unnustu sinni, Ölmú (Michelle Williams). Morguninn eftir sjá þeir að úlfur hefur komist í eina kindina þegar hvorugur var á verðinum, merki um að það sem þeir gerðu hafði verið slæmt. Báðir hafna því að vera samkynhneigðir og ætla sér aldrei að falla í freistni aftur. En holdið reynist veikt og sumarið einkennist af ástarlotum þeirra. Þegar Aguirre verður vitni af ærslalátum þeirra rekur hann þá og neitar að ráða aftur í vinnu. Þegar Ennis og Jack kveðja hvorn annan, óvissir um að þeir munu nokkurn tíman hittast aftur er það tilfinningarík stund sem fær Ennis að tárast. Ennis giftist unnustu sinni í lítilli sveitakirkju og þau eignast tvær dætur. Jack giftist Laureen (Anne Hathaway), dóttur auðjöfurs, og eignast þau son. Eftir nokkurra ára bið hittast Jack og Ennis loks aftur. Þeir fallast í faðma og kyssast, óafvitandi að Alma sér þá. Saman fara þeir aftur upp á fjallið til að halda ástarsambandi sínu áfram. Jack vill ekkert heitara en að þeir flytji burt saman en Ennis tekur það ekki í mál. Hann minnst þess þegar faðir hans sýndi honum lík af gömlum manni sem hafði verið barinn til dauða því hann hafði verið samkynhneigður. Hann óttast sömu örlög. Fylgst er með 20 árum af lífi Jacks og Ennis yfir myndina. Ennis fær skilnað en Jack heldur sínu brösótta hjónabandi. Þeirra bestu stundir eru reglulegu vikurnar þar sem þeir geta hist á fjallinu. Eitt árið hringir Ennis heim til Jacks eftir að póstsendingar frá honum höfðu hætt. Laureen svarar og upplýsir hann um að Jack hafi látist af slysförum. Ennis ímyndar sér þó að líklega hafi hann verið barinn til dauða af ofbeldismönnum vegna kynhneigðar sinnar. Myndin endar á einhleypum Ennis að minnast ástarinnar sem aldrei fékk að njóta sín.

Þegar myndin kom út reyndist hún mjög umdeild vegna opinskárrar umfjöllunar um samkynhneigð. Margir kristnir söfnuðir og kristnar vefsíður vöruðu við myndinni fyrir að birta samkynhneigð sem eðlilega. Sá þáttur reyndist hins vegar einmitt vera hvati fyrir fjölda fólks að sjá myndina. Fáheyrt var að jafn stór og vinsæl mynd tæklaði samkynhneigð á jafn raunsæislegan hátt. Westboro-endurskírendakirkjan í Bandaríkjunum var einn af þeim kristnu söfnuðum sem gagnrýndu myndina. Eftir dauða Ledgers árið 2008 gaf söfnuðurinn út yfirlýsingu í fjölmiðla sem las:

„Heath Ledger is now in Hell, and has begun serving his eternal sentence there. [...] He got on that big screen with a big, fat message: God is a liar and it's OK to be gay.“²⁰³

Þarna var gagnrýnin farin yfir í beinar persónuárásir og hatursorðræðu.

Þrátt fyrir skort á beinum biblíutilvísunum hafa þó ýmsir bent á hliðstæðu við samband Jacks og Ennis og biblíupersónanna Davíðs og Jónatans, meðal annars Haller.²⁰⁴ Hér verður stuttlega farið yfir þessar hliðstæður. Jack og Ennis voru leiknir af einum helstu hjartaknúsurum Hollywoods í upphafi þessarar aldar, þeim Jake Gyllenhaal og Heath Ledger. Það þótti mikil furða að jafn vinsælir leikarar og þeir tæku þessi umdeildu hlutverk að sér. Aðrir leikarar af sambærilegum vinsældum höfðu hafnað hlutverkunum af ótta við að skemma ímynd sína. Ekki er erfitt að ímynda sér þessa leikara í hlutverkum Davíðs og Jónatans, sem einnig voru ungir og myndarlegir karakterar. Davíð er lýst á þennan hátt: „Ísaí sendi þá mann eftir Davíð sem var rauðbirkinn, fagureygur og vel vaxinn“ (1Sam 16.12). Hlutverk kúrekanna sem hirðar er einnig sambærilegt við hlutverk Davíðs sem hirðir áður en hann sigraði Golíat. Hirðir er gríðarlega vegamikið hugtak innan Gamla testamentisins og getur meðal annars bæði átt við konung (Esk 34.2) og Guð (Slm 23.1).²⁰⁵

Brokeback-fjallið hefur í sjálfu sér svo stórt hlutverk í myndinni og það mætti telja það sem persónu. Fegurð fjallshlíðarinnar, hin viðamikla náttúru sem þeir fá að elskast í, minnir á hina fögru og björtu sköpun Drottins. Þarna í hjarta sköpunarverksins, ósnertri af manna höndum, fá þeir að vera þeir sjálfir. Þeir fá þarna að elska og vera elskaðir óháð

²⁰³ Edser, Stuar, *Being Gay, Being Christian. You can be both*, Wollombi: Exisle Publishing, 2012, bls. 131.

²⁰⁴ Haller, Tobias Stanislas, *Reasonable and Holy. Engaging Same-Sexuality*, bls. 144.

²⁰⁵ Meyers, Carol, *Exodus. The New Cambridge Bible Commentary*, Cambridge: Cambridge University Press, 2005, bls. 51-52.

fordómum og skömmum manna. Fjallið er þeirra gríðastaður. Fjall er einnig vegamikið hugtak í Hebresku ritningunni. Sálmur 121 sem kenndur er við Davíð konung hefst á orðunum: „Ég hef augu mín til fjallanna./ Hvaðan kemur mín hjálp./ Hjálp mín kemur frá Drottni,/ skapara himins og jarðar“ (Slm 121.1-2). Þá átti opinberun Drottins sér einnig stað á fjalli, þegar Guð opinberaðist Móse á Hóreb-fjallinu í 3Mós 3-4. Þar segir Guð hina þýðingamiklu setningu: „Ég er sá sem ég er“ (3mós 3.14). Á Brokeback-fjallinu fá Jack og Ennis loks að vera þeir sjálfir í raun og veru. Á fjallinu gera þeir sinn ástarsáttmála. Samskipti þeirra einkennast af því að vera leynileg, rétt eins og samskipti Davíðs og Jónatans voru þegar sá fyrrnefndi var í ónáð hjá Sál konungi (1Sam 20).

Samband kúrekanna gat hins vegar aldrei verið einskorðað við fjallið. Það hafði áhrif á allt þeirra líf. Líkt og Davíð og Jónatan voru þeir báðir við kvenmenn kenndir. Haller líkir kynhneigð biblíupersónanna við kynhneigð kúrekanna á þann hátt. Þessar persónur eru ekki einu dæmin um karlmenn í gagnkynhneigðu hjónabandi sem hafa sýnt samkynhneigðar kenndir.²⁰⁶ Þegar Alma neitaði að stunda kynlíf með Ennis nema hann væri með getnaðarvörn sagðist hann vel vera fær um að láta hana í friði ef hún vildi ekki eignast börnin hans. Gagnkynhneigt kynlíf með Ölmum reyndist honum aðeins vera skylda á síðustu mánuðum sambands þeirra. Eini tilgangurinn var að halda uppi falskri tilfinningasemi gagnvart eiginkonu sinni sem og fjölgun. Eftir skilnaðinn gefur Alma til kynna að hún veit að Jack er elskhugi fyrrverandi mannsins síns. Viðbrögð hennar eru hin verstu, og má áætla út frá þeim að hún telur samkynhneigð vera „viðurstyggð“, orðið sem svo harkalega er notað gegn kynlífi karlmannna í Þriðju Mósebók. Ennis bregst einnig illa við, en ólíkt Jack gat hann aldrei viðurkennt fyrir neinum að hann átti í ástarsambandi við karlmann. Sá þáttur í lífi þeirra sem endurspeglar ef til vill atburð í lífi biblíupersónanna hvað mest er þegar þeir loks hittast aftur eftir langan aðskilnað. Viðbrögð þeirra eru hin sömu og þegar Jónatan vitjar Davíðs í felum: „Þeir kysstust og grétu báðir en Davíð sínu meir“ (1Sam 20.41). Þegar þeir loks hittast aftur eru engar hömlur á kúrekunum. Þeir fallast í faðma og kyssast ástríðulega. Jack grætur í faðmi elskhuga síns, yfirbugaður af gleði yfir að loksins sameinast honum aftur.

Í lok myndarinnar horfir Ennis á ljósmynd af Brokeback-fjallinu. Augu hans eru társvot þegar hann minnst tíma síns með Jack, sem nú er fallinn frá. Ennis telur að Jack hafi látist af höndum ofbeldismanna. Líkt og Jónatan var fórnarlamb í hernaði lítur Ennis

²⁰⁶ Haller, Tobias Stanislas, *Reasonable and Holy. Engaging Same-Sexuality*, bls. 144.

á Jack sem fórnarlamb í stríðinu við fordóma. Ennis stendur eftir syrgjandi líkt og Davíð, en harmorð konungsins gætu eins verið kúrekans: „Þú varst mér mjög kær/ ást þín var mér undursamlegri/ en ástir kvenna“ (2Sam 1.26). Lokaorð Ennis beinast að látna elskhuga hans: „Jack, ég sver það.“ Hvað hann sver er óljóst. Ef til vill sver hann að hann ætli að hætta að ýta þeim frá sér sem annt er um hann. Þó gæti hann líka svarið þess að hann mun aldrei gleyma þeirri sönnu kærleiksfullu ást sem þessir karlmenn deildu, að hann mun aldrei gleyma þeim ástarsáttmála sem þeir gerðu á Brokeback-fjalli.

6. Niðurstöður

**„Eru hommar kannski menn?“
-Áramótaskaup Ríkissjónvarpsins 2018**

6.1. Samantekt

Staða samkynhneigðra er eitt umdeildasta málefni í samfélagi kristinna kirkna í heiminum í dag. Eftir margar aldir af gagnkynhneigðarhyggju kirkjunnar hefur aukin umræða og vitundarvakning haft með sér þær afleiðingar að skilningur hefur almennt aukist um að kynhneigð mannfólksins er ekki einsleit heldur nær yfir gríðarstórt litróf.

Í gyðinglegu og kristilegu samhengi hefur Heilög ritning verið notuð sem vopn til að gagnrýna samkynhneigð. Þessi gagnrýni hefur stuðlað að fordómum og höfnun bæði í hinu trúarlega samhengi sem og hinu veraldlega. Almennt er fjallað um sex ritningarstaði í Biblíunni sem eru notaðir sem grundvöllurinn að þessari gagnrýni, ritningarstaðir þar sem samkynhneigð er fordæmd. Þrjár af þessum ritningarstöðum koma úr Gamla testamentinu, það er að segja 1Mós 19, 3Mós 18.22 og 3Mós 20.13. Fyrsti ritningarstaðurinn fjallar um fall syndugu borgarinnar Sódómu. Í gegnum aldirnar hefur sú frásögn yfirleitt verið túlkuð á þann hátt að verið sé að fordæma samkynhneigð. Sú túlkun hefur þó misst ákveðið vægi í nútímanum og annað sjónarmið er nú ráðandi, sjónarmið um að synd Sódómu hafi ekki verið samkynhneigð heldur tilraun til nauðgunar. Þegar kemur að nauðgun skiptir kyn geranda og þolanda ekki máli, glæpurinn er ávallt jafn alvarlegur. Verk gerandanna í Sódómu einkenndust ekki af samkynhneigð, heldur lostafullu ofbeldi. Nauðgun var hernaðarvopn og leið til að niðurlægja útlendinga á tímum Hebreanna, svo sú túlkun hefur reynst raunhæf þegar litið er á sögulegt samhengi textans. Álíka sögu má finna í Dóm 19, þar sem fórnarlambið reyndist vera kona. Sá texti hefur þó aldrei verið notaður til að gagnrýna gagnkynhneigð.

Boðin í Þriðju Mósebók eru hluti af hinum svokölluðu Heilagleikalögum, lögum sem voru í hávegum höfð meðal Gyðinga á ritunartíma Gamla testamentisins. Í þeim boðum kemur fram að kynlíf karlmannna er talið vera „viðurstyggð“ og við því liggur dauðarefsing. Hins vegar þarf einnig að gefa hinu sögulega samhengi gaum þegar þessi boð eru rannsökuð. Höfundar Biblíunnar skilgreindu samkynhneigð ekki á sama hátt og gert er í dag. Orðið „samkynhneigð“ var ekki einu sinni til í þeirra orðaforða. Margir telja að boðin eigi í raun að banna körlum að stunda kynlíf með vændisdrengjum líkt og þekktist meðal nágrannaþjóða Ísraelsþjóðar. Samkynhneigt kynlíf karlmannna var þannig tengt við skurðgoðadýrkun, vændi, ofbeldi og barnaníð, en ekki ást, virðingu og gagnkvæman skilning líkt og gert er í dag. Ljóst er að afstaða höfunda Biblíunnar til samkynhneigðar hafi verið neikvæð og því verður ekki breytt. Með upplýsingum um hið sögulega samhengi er þó hægt að meta það sem svo að ritningarstaðirnir sem fjalla um

samkynhneigð tjái ákveðinn veruleika og aðstæður sem eru nútímafólki framandi. Afstaða ritskýrenda er mismunandi þegar kemur að vægi þessara ritningarstaða en almennt er talið að boðin séu ekki að tala inn í nútímann. Þá hefur einnig verið augin umfjöllum um hvers eðlis samband Davíðs og Jónatans hafi verið í Biblíunni. Á meðan sumir lesa úr því náíð kærleikssamband tveggja vina lesa aðrir erótískt ástarsamband leynilegra elskhuga. Frásaga Biblíunnar gefur báðum túlkunum fullt vægi, en flestir fræðimenn vilja ekki lesa ástarsamband inn í textann þegar það er ekki beinlínis nefnt í textanum.

Þessir ritningarstaðir hafa sannarlega haft sitt vægi í gyðinglegri og kristinni hefð. Meðal Gyðinga hefur verið fjallað um samkynhneigð frá tímum Jósefúsar og Fílónar, sem báðir litu neikvæðum augum á málefnið. Rabbínskir fræðimenn tóku undir þau viðhorf næstu árþúsundin. Í dag er samkynhneigð mikið álitamál, en mismunandi trúarstefnur hafa mismunandi afstöður. Sem dæmi má nefna annars vegar rétttrúnaðargyðinga sem almennt viðhalda íhaldssömu viðhorfi sem byggist á bókstafshneigðri túlkun á Tórah og hins vegar umbótasinna sem hafa frjálslyndara viðhorf og viðurkenna samkynhneigð sem eðlilega kynhneigð mannfólks. Stórt skref var tekið í réttindabaráttu samkynhneigðra með stofnun Beth Chayim Chadashim, fyrstu sýnagógunar sem leggur áherslu á þjónustu samkynhneigðra. Í kristnu samhengi var viðhorfið lengst mótað af kirkjuféðrunum sem töldu samkynhneigð vera synduga. Kærleiksboðskapur Krists þarf hins vegar ávallt að vera í brennipunkti. Því má kristið samfélag ekki hafna hinsegin fólki sem syndugu. Allt mannfólkið er syndugt og það er aðeins Guðs að dæma okkur. Rómversk-kaþólska kirkjan, ein stærsta kirkjudeild heims, litar þó viðhorf margra þegar kemur að kristni og kynhneigð, en sú kirkjudeild hefur ekki enn viðurkennt hjónavígslu samkynhneigðra þrátt fyrir að viðurkenna samkynhneigða einstaklinga sem fullgild börn Guðs.

Samband kynhneigðar og trúar er áhrifamikið þema sem kemur við sögu í dægurmenningu okkar. Tvær konur enduruppgötva gagnkvæma ást sína til hvor annarrar í kvikmyndinni *Disobedience*, en hið stranga samfélag rétttrúnaðargyðinga sem þær ólust upp í lýtur neikvæðum augum á samkynhneigð. Ást tveggja kúreka, sem mynda hliðstæður við Davíð og Jónatan, verður að vera leynd í kvikmyndinni *Brokeback Mountain*, til að vernda bæði þá og fjölskyldur þeirra. Skilningur á áhrifum trúarlegra skoðana á samkynhneigð er nauðsynleg til að skilja samtíma orðræðu um samkynhneigð frá báðum sjónarmiðum, sem og að viðhalda réttlætiskenndu sjónarmiði sem stefnir að almennu réttlæti óháð kynhneigð í samræmi við kærleiksboðskap Krists.

6.2. Niðurstöður rannsóknarspurningar

Í upphafi ritgerðarinnar var sett fram eftirfarandi rannsóknarspurning:

Hvaða afstöðu hefur Gamla testamentið til samkynhneigðar og hvaða áhrif hefur hún haft í gegnum aldirnar innan gyðinglegar hefðar annars vegar og kristinnar hefðar hins vegar?

Það er nauðsynlegt að taka fram að það sé nærri ómögulegt að fjalla um eina ákveðna afstöðu Gamla testamentisins. Þetta Hebreska helgiritasafn var ritað á löngum tíma sem náði yfir nokkrar aldir, jafnvel meira en eitt þúsund ár. Höfundar og ritstjórar sem komu að gerð og uppsetningu testamentisins voru einnig fjölmargir og augljóst að afstaða þeirra var mismunandi eftir aðstæðum. Hebrei sem var uppi á gullöld Jerúsalem, í tíð Davíðs og Salómons, hafði líklega ekki sömu trúarhugmyndir og Hebrei sem var í babýlónsku útlegðinni, nærri hálfri öld síðar. Því má segja að afstaða Gamla testamentisins til samkynhneigðar sé ekki heildstæð eða að minnsta kosti einsleit. Þrátt fyrir það er hið litla sem fjallað er um samkynhneigð atferli sett fram á neikvæðan hátt. Kynlíf karlmannna er talið vera „viðurstyggð“ og við því liggur dauðarefsing. Aldrei er hins vegar fjallað um samkynhneigð kvenna. Né er í raun fjallað um gagnkvæmt ástarsamband tveggja sjálfráða einstaklinga af sama kyni, en höfundar Biblíunnar hafa að öllum líkindum ekki verið meðvitaðir um þessi atriði. Samkynhneigð er ávallt eingöngu framsett sem kynferðissamband karlmannna. Því er það óhætt að segja að Gamla testamentið veitir litla innsýn inn í raunveruleg samkynja ástarsambönd. Það má rekja til þekkingarleysis og fordóma höfunda á málinu, sem settu samkynhneigð jafnt við barnanið og dýranið. Afstaðan, sem almennt er neikvæð, ætti því að teljast ófullnægjandi fyrir nútíma lesendur Biblíunnar sem í dag hafa aðgang að mun ítarlegri upplýsingum um samkynhneigð, svo sem líffræðilegum og félagsfræðilegum, en höfundar Þriðju Mósebókar.

Áhrif boðanna leyna sér þó ekki. Þau hafa stuðlað að fordómum í garð samkynhneigðra í margar aldir. Afleiðingar þess hafa oft reynst alvarlega, þar á meðal ofbeldi, þunglyndi og sjálfsvíg. Innan hinnar gyðinglegu hefðar var afstaðan skýr allt fram að miðju síðustu öld. Samkynhneigð var ótvírætt hafnað sem synd gegn boðum Jahve. Þessu viðhorfi halda enn margir rétttrúnaðargyðingar í dag, á meðan frjálsslyndari Gyðingar eins og umbótasinnar viðurkenna og fagna samkynhneigð. Áhrifin eru þó mest

á hinu trúarlega sviði, en jafnvel íhaldssamir rétttrúnaðargyðingar hafa hafnað því að samkynhneigð ætti að vera refsiverð á hinu lagalega sviði.

Áhrifin í hinn kristnu hefð er á margan hátt sambærileg. Lengst af var samkynhneigð álitin vera brot á lögum Guðs. Ef kristnir einstaklingar ætla að breyta afstöðu sinni til samkynhneigðar verða þeir að breyta viðhorfi sínu til kennivalds Biblíunnar. Meira en tvö þúsund ára gamalt helgiritasafn er ekki raunhæft fræðslurit um nútíma kynhneigðir eða kyngervi. Gamla testamentið er aldrei lesið einangrað í kristinni hefð, heldur ávallt með boðskap Krists að leiðarljósi. Þar með verður kærleiksboðskapur Krists og það umburðarlyndi sem hann boðaði ávallt að vera hið æðsta boð. Fordómar og þröngsýni mega aldrei vera ráðandi viðhorf. Hinir fornu kirkjufeður mótuðu það viðhorf til samkynhneigðar sem lengst af var ráðandi í kristindómnum. Það viðhorf má enn finna í íhaldssamari söfnuðum, líkt og rómversk-kaþólsku kirkjunni. Samkvæmt kenningum þeirrar kirkjudeildar, sem og viðhorfi núverandi páfa, eru samkynhneigðir börn Guðs og eiga því skilið sömu virðingu og réttindi og gagnkynhneigðir. Hins vegar viðurkennir kirkjudeildin ekki hjónavígslu samkynja para, meðal annars á grundvelli þess að samkynhneigðir geta ekki uppfyllt boð Drottins um að mannkynið eigi að fjölga sér. Ráðandi kaþólsk túlkun á *imago Dei*-textanum (1Mós 1.26-28) einkennist einnig af því að upphafleg sköpun karls og konu sé fyrirmynd hins „eðlilega“ hjónabands. Líkt og í gyðinglegri hefð viðurkenna frjálslyndari söfnuðir samkynhneigð og hafa jafnvel vígt samkynhneigða til prestsembætta.

Meginniðurstaða höfundar þessarar ritgerðar að lokinni þessarar rannsóknar á umdeildum textum Gamla testamentisins í sögu og samtíð er eftirfarandi: Nútíma lesendur Ritningarinnar eiga ekki að fordæma samkynhneigð út frá boðum Biblíunnar, sem ekki eiga lengur við í heiminum í dag. Þvert á móti á að taka samkynhneigð fagnandi sem hluti af fjölbreytileika sköpunar Guðs. Samkynhneigð er enn ein tjáningarleið kærleikans sem Drottinn hefur blessað mannkynið með. Samkynja pör geta þá fundið fyrirmyndir í Davíð og Jónatan sem þekktu kærleika Guðs og kærleika hvors annars.

7. Heimildir

**„Homosexuality is God’s way of insuring
that the truly gifted aren’t burdened with children.“**

-Samuel Austin Allibone

8.1. Prentaðar heimildir

- Alpert, Rebecca, "Lesbianism", *Encyclopaedia Judaica. Second Edition. Volume 12. Kat-Lie*, Ritsj. Skolnik, Fred og Berenbaum, Michael, Detroit: Thomson Gale, 2007, bls. 660-661.
- Alter, Robert, *The David Story. A Translation with Commentary of 1 and 2 Samuel*, New York og London: W.W. Norton & Company, Inc., 1999.
- Anderson, A.A., *2 Samuel. Word Biblical Commentary. Volume 11*, Ritsj. Barker, Glenn W. og Hubbard, David A., Texas: Word Books, Publisher, 1992.
- Balentine, Samuel E., *Leviticus. Interpretation. A Bible Commentary for Teaching and Preaching*, Ritsj. Luther, James og Miller, Patrick D., Louisville: John Knox Press, 2011.
- Barton, John og Bowden, Julia, *The Original Story. God, Israel, and the World*, Cambridge: William B. Eerdmans Publishing Company, 2004.
- Bexell, Göran, „15. kafli: Samlíf“, *Siðfræði – af sjónarhóli guðfræði og heimspeki*, Ritsj. Bexell, Göran og Grenholm, Carl-Heinric, Þýð. Aðalsteinn Davíðsson, Reykjavík: Skálholtsútgáfan og Siðfræðistofnun Háskóla Íslands, 2001.
- Bruggemann, Walter, *Genesis. Interpretation. A Bible Commentary for Teaching and Preaching*, Ritsj. Mays, James Luther og Achtemeier, Paul J., Atlanta: John Knox Press, 1982.
- Catechism of the Catholic Church. Revised in Accordance with the Official Latin Text Promulgated by Pope John Pail II. Second Edition*, New York: Doubleday, 1997.
- Christensen, Duane L., *Deutrenomy 21:20-34:12. Word Biblical Commentary. Volume 6b*, Ritsj. Barker, Glenn W., Hubbard, David A., Metzger, Bruce M., og Watts, John D.W., Nashville: Thomas Nelson Publishers, 2002.

- Edser, Stuar, *Being Gay, Being Christian. You can be both*, Wollombi: Exisle Publishing, 2012.
- Edwards, David L., *Christianity. The First Two Thousand Years*, London: Cassell, 1998.
- Feit, Alison og Slomowitz, Alan, „Does God Make Referrals? Orthodox Judaism and Homosexuality“, *Journal of Gay & Lesbian Mental Health* 191, 2015, bls. 100-111.
- Friedman, Richard Elliott, *The Bible with Sources Revealed. A New View Into the Five Books of Moses*, New York: Harper One, 2003.
- Furnish, Victor Paul, „The Bible and Homosexuality: Reading the Texts in Context“, *Homosexuality in the Church. Both Sides of the Debate*, Ritstj. Siker, Jeffrey S., Louisville: Westminster John Knox Press, 1994, bls. 18-35.
- Gibson, John C.L., *Genesis. Volume II. The Daily Study Bible. Old Testament*, Ritstj. Gibson, John C.L., Edinborg og Filadelfía: The Saint Andrew Press og The Westminster Press, 1982.
- Gomes, Peter J., *The Good Book. Reading the Bible with Mind and Heart*, San Francisco: HarperSanFrancisco, 1998.
- Gunnlaugur A. Jónsson, *Áhrifasaga Saltarans*, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2014.
- Gunnlaugur A. Jónsson, „Samkynhneigð í ljósi textans um sköpun mannsins í mynd Guðs (Greinagerð fyrir Prestastefnu 1997)“, *Trú, kynhneigð & náungi minn – Viðaukar* –, Synodus á Akureyri 1997: Réttlæting af trú, bls. 1-13.
- Haller, Tobias Stanislas, *Reasonable and Holy. Engaging Same-Sexuality*, New York: Seabury Books, 2009.

- Hamlin, E. John, *At Risk in the Promised Land. A Commentary on the Book of Judges*,
International Theological Commentary, Ritstj. Holmgren, Fredrick Carlson og
 Knight, George A.F., Edinborg og Grand Rapids: The Handsel Press og William B.
 Eerdmans Publishing Co., 1990.
- Harrison, R.K., *Leviticus. An Introduction and Commentary. Tyndale Old Testament
 Commentaries*, Ritstj. Wiseman, D.J., England: Inter-Varsity Press, 1980.
- Hartley, John E., *Leviticus. Word Biblical Commentary. Volume 4*, Ritstj. Barker, Glenn W.
 og Hubbard, David A., Texas: Word Books, Publisher, 1992.
- Hays, Richard B. „Awaiting the Redemption of Our Bodies: The Witness of Scripture
 Concerning Homosexuality“, *Homosexuality in the Church. Both Sides of the Debate*,
 Ritstj. Siker, Jeffrey S., Louisville: Westminster John Knox Press, 1994, bls. 3-17.
- Horner, Tom, *Jonathan Loved David. Homosexuality in the Bible*, Filadelfía: The
 Westminster Press, 1978.
- Íslensk orðabók. *Fjórða útgáfa byggð á 3. prentun frá 2005 með allnokkrum breytingum*,
 Ritstj. Mörður Árnason, Reykjavík: Edda útgáfa, 2007.
- Jakobovits, Immanuel, “Homosexuality”, *Encyclopaedia Judaica. Second Edition. Volume 9.*
Her-Int, Ritsj. Skolnik, Fred og Berenbaum, Michael, Detroit: Thomson Gale, 2007,
 bls. 516.
- Kahn, Yoel H., „Judaism and Homosexuality: The Traditionalist/Progressive Debate“,
Journal of Homosexuality 18:1989, bls. 47-82.
- Kaplan, Dana Evan, *American Reform Judaism. An Introduction*, New Jersey: Rutgers
 University Press, 2003.

- McCann, J. Clinton, *Judges. Interpretation. A Bible Commentary for Teaching and Preaching*, Ritstj. Mays, James Luther og Achtemeier, Paul J., Louisville: John Knox Press, 2002.
- McCarter, Jr., P. Kyle, *II Samuel. The Anchor Bible*, Ritstj. Albright, William Foxwell og Freedman, David Noel, New York: Doubleday & Company, Inc., 1984.
- McNeill, John J. „Homosexuality: Challenging the Church to Grow“, *Homosexuality in the Church. Both Sides of the Debate*, Ritstj. Siker, Jeffrey S., Louisville: Westminster John Knox Press, 1994, bls. 49-58.
- Meyers, Carol, *Exodus. The New Cambridge Bible Commentary*, Cambridge: Cambridge University Press, 2005.
- Mollenkott, Virginia Ramey, „Overcoming Heterosexism – To Benefit Everyone“, *Homosexuality in the Church. Both Sides of the Debate*, Ritstj. Siker, Jeffrey S., Louisville: Westminster John Knox Press, bls. 145-149.
- Nelson, James B., „Sources for Body Theology: Homosexuality as a Test Case“, *Homosexuality in the Church. Both Sides of the Debate*, Ritstj. Siker, Jeffrey S., Louisville: Westminster John Knox Press, 1994, bls. 76-90.
- Nissinen, Martti, *Homoeroticism in the Biblical World. A Historical Perspective*, Pýđ. Stjerna, Krisi, Minneapolis: Fortress Press, 1998.
- Rapoport, Chaim, „Judaism and Homosexuality: An Alternate Rabbinic View“, *Hakirah* 13:2012, bls. 29-46.
- Ratzinger, Joseph, „Letter to the Bishops of the Catholic Church on the Pastoral Care of Homosexual Persons (1986)“, *Homosexuality in the Church. Both Sides of the Debate*, Ritstj. Siker, Jeffrey S., Louisville: Westminster John Knox Press, 1994, bls. 39-48.

Soggin, J. Alberto, *Judges. A Commentary, The Old Testament Library*, Ritstj. Ackroyd, Peter, Barr, James, Anderson, Bernhard W. og Bright, John, Þýð. Bowden, John, Fíladelfía: The Westminster Press, 1981.

Speiser, E.A., *Genesis. The Anchor Bible. Volume 1*, Ritstj. Albright, William Foxwell og Freedman, David Noel, New York: Doubleday & Company, Inc., 1983.

Tidball, Derek, *The Message of Leviticus. Free to be holy. The Bible Speaks Today*, Ritstj. Motyer, Alec, England: Inter-Varsity Press, 2005.

Trible, Phyllis, *Texts of Terror. Literary-Feminist Readings of Biblical Narratives*, Fíladelfía: Fortress Press, 1985.

Umansky, Ellen M., "Jewish Attitudes towards Homosexuality: A Review of Contemporary Sources", *Que(e)rying Religion. A Critical Anthology*, Ritstj. Comstock, Gary David og Henking, Susan E., New York: The Continuum Publishing Company, 1997, bls. 181-187.

Wenham, Gordon, *Genesis 16-50. Word Biblical Commentary. Volume 2*, Ritstj. Barker, Glenn W. og Hubbard, David A., Texas: Word Books, Publisher, 1994.

Westermann, Claus, *Genesis. A Practical Commentary*, Þýð. Green, David E., Michigan: William B. Eerdmans Publishing Company, 1987.

8.2. Netheimildir

„1 Samuel 20:30“, *BibleHub*, sótt 4. janúar 2019 af https://biblehub.com/text/1_samuel/20-30.htm.

„3045. yada“, *BibleHub*, sótt 21. janúar af <https://biblehub.com/hebrew/3045.htm>.

„About BBC“, *Beth Chayim Chadashim*, 2013, sótt 14. janúar 2019 af <http://bcc-la.org/about/>.

Butt, Riazat og Kington, Tom, „Pope angers campaigners with speech seen as attack on homosexuality“, *The Guardian*, 24. desember 2008, sótt 12. janúar 2019 af <https://www.theguardian.com/world/2008/dec/24/pope-speech-gender-gay-sexuality>.

Eckholm, Erik, „In a First, New Jersey Jury Says Group Selling Gay Cure Committed Fraud“, *The New York Times*, 25. júní 2015, sótt 17. janúar 2019 af https://www.nytimes.com/2015/06/26/nyregion/new-jersey-jury-says-group-selling-gay-cure-committed-fraud.html?_r=0.

„Genesis 19:5“, *BibleHub*, sótt 14. desember 2018 af <https://biblehub.com/text/genesis/19-5.htm>.

„Gleðigangan“, *Hinsegin dagar*, sótt 3. janúar 2019 af <https://hinsegin dagar.is/gledigangan/>.

„Interview: Naomi Alderman, author“, *The Scotsman*, 11. apríl 2010, sótt 14. janúar 2019 af <https://www.scotsman.com/lifestyle/interview-naomi-alderman-author-1-475220>.

Íslenskar þýðingar á Biblíunni er fengnar af heimasíðu *Hins Íslenska biblíufélags*, <https://biblian.is/thydingar/>.

„Judaism and LGBTQ Issues: An Overview“, *My Jewish Learning*, sótt 14. janúar 2019 af <https://www.myjewishlearning.com/author/mjl-staff/>.

„Judges 19:23“, *BibleHub*, sótt 4. janúar 2019 af <https://biblehub.com/text/judges/19-23.htm>.

„Leviticus 18:22“, *BibleHub*, sótt 17. desember 2018 af <https://biblehub.com/text/leviticus/18-22.htm>.

„LGBTQ Rights and Position of the Reform Movement“, *Religious Action Center of Reform Judaism*, sótt 20. janúar 2019 af <https://rac.org/lgbtq-rights-and-position-reform-movement>.

„Listi yfir skráð trúfélög og lífsskoðunarfélög“, *Sýslumenn*, sótt 15. janúar 2019 af <https://www.syslumenn.is/thjonusta/utgefin-leyfi/listi-yfir-skrad-trufelog-og-lifsskodunarfelog/>.

Msgr. Pope, Charles, „Sin of homosexuality“, *OurSundayVisitor*, 29. apríl 2015, sótt 4. janúar 2019 af <https://www.osv.com/OSVNewsweekly/ByIssue/Article/TabId/735/ArtMID/13636/ArticleID/17408/Sin-of-homosexuality.aspx>.

Philips, Adam Nicholas, „The Bible does not condemn „homosexuality.“ Seriously, it doesn‘t“, *Medium*, 15. júlí 2015, sótt 21. janúar 2019 af <https://medium.com/@adamnicholasphillips/the-bible-does-not-condemn-homosexuality-seriously-it-doesn-t-13ae949d6619>.

„Pope Francis: Who am I to judge gay people?“, *BBC.com*, 29. júlí 2013, sótt 30. desember 2018 af <https://www.bbc.com/news/world-europe-23489702>.

„Pope Francis ‘worried‘ about homosexuality in the priesthood“, *BBC.com*, 2. desember 2018, sótt 30. desember 2018 af <https://www.bbc.com/news/world-europe-46420146>.

Robertson, Douglas, „Don‘t applaud Pope Francis‘ stance on homosexuality – it‘ s still in line with Catholic teachings“, *Independent*, 21. maí 2018, sótt 1. janúar 2019 af <https://www.independent.co.uk/voices/pope-francis-homosexuality-stance-catholic-church-same-sex-marriage-catechism-a8361821.html>.

„Sodomy“, *Encyclopædia Britannica*, sótt 4. janúar 2019 af <https://www.britannica.com/topic/sodomy>.